





KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU • MARS 2008

# Líahóna

Drottinn  
Jesús Kristur



*„Og nú, eftir þá mörgu  
vitnisburði, sem gefnir hafa  
verið um bann, er þetta  
vitnisburðurinn síðastur allra, sem  
við gefum um bann: Að bann lifir!“  
(K&S 76:22).*





**Hús fóður míns, eftir Al Rounds**

*Um 33 e.Kr. hefði þetta verið útsýnið til mustertisins og Antóníuvirkisins frá Getsemanegarðinum. Þaðan sást múrinn umhverfis Jertusalem til forna—sem og fjallshöfn þakinn villtum blómum og olíuvíð.*

# Sigur í elsku frelsarans

*Ég veit að í heimi syndar og óguðleika er stærsta gjöf manna að eiga vitnisburð um Drottin Jesú Krist, frelsara okkar.*

*Ég hef verið blessaður sökum fagnaðarerindis Jesú Krists. Um tíma gerði ég margt sem var á móti vilja Drottins, en ákvað loks að gera breytingar á eigin lífi og játa syndir mínar frammi fyrir biskupi mínum. Mér leið betur, en var ljóst að þetta eitt og sér nægði ekki.*

*Kvöld eitt, þegar ég var einn heima, kraup ég af einlægu hjarta og iðrandi huga. Ég sárbað himneskan föður um fyrirgefningu. Skyndilega tók ég að skynja elsku Drottins og hún yfirskyggði mig allan. Mér varð ljóst að Jesús Kristur, frelari okkar, hafði fyrirgefið mér.*

*Ég veit að Jesús lifir! Hann er vinur minn og frelsari minn.*

**Ragnar Hansen, Noregi**

# NJÓTIÐ LESTURS ÞESSA SÉRSTAKA ÚTGÁFUBLAÐS

Þegar þið lesið frásagnir ritninganna um líf og þjónustu Jesú Krists, munuð þið komast að því hve ríkulega hann sýndi fordæmi um elsku. Hann læknaði og blessaði. Hann leit ekki á misbrestina beldur á það sem í hjartanu býr—veitti von, lækningu og fyrirgefningu með þjónustu sinni, kennslu og hinna stórkostlegu friðþægingu.

Þessi sami frelsari, sonur Guðs, lifir. Hann þekkir hjarta okkar og elskar okkur. Hann hefur samúð með

okkur og þráir að blessa okkur. Sá er boðskapur þessa tímarits. Hann er að finna í orðum lifandi spámannanna og postula, sem kenna hver Kristur er og hvað hann býður okkur. Og hann er að finna í vitnisburði venjulegs fólks, sem notið hefur blessunar af því að hafa komið til Krists, lært af og fylgt honum.

Við hvetjum ykkur til að ígrunda þennan boðskap vandlega, gefa honum rúm í hjarta ykkar og miðla honum öðrum.

— ritstjórnin



## KÁPUSÍÐA

Framsíða: Hluti af *Kristur með dreng*, eftir Carl Heinrich Bloch. Baksíða: Ljósmynd af páskalilju eftir Matthew Reier.



4

## MÁNAÐARLEGUR BOÐSKAPUR

### BOÐSKAPUR ÆÐSTA FORSÆTISRÁÐSINS

#### 4 Við vitnum um Jesú Krist

GORDON B. HINCKLEY FORSETI  
*Frelsari heimsins er óbrigðull og áreiðanlegur; hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér.*

### BOÐSKAPUR HEIMSÓKNARKENNARA

*Veljið grein sem best bentar þörfum þeirra sem þið heimsækið og miðlið henni.*



42

## GREINAR

**8** **Hann lifir! Vitnisburður síðari daga spámannanna**  
*Allir fimmtán forsetar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu hafa borið vitni um frelsarann.*

#### 12 Hver er Jesús Kristur?

BOYD K. PACKER FORSETI

*Hann er Drottinn okkar, frelsari og málsvari hjá föðurnum. Hann reiddi fram lausnargjaldið fyrir okkur með eigin blóði.*

#### 20 „Ég er vegurinn“

DAVID A. EDWARDS

*Brauð lífsins. Ljós heimsins. Hinna sannni vinnviður. Góði hirðirinn. Þegar Jesús sagði, „ég er . . .“, var hann að kenna okkur hver hann er og hvað hann gerir fyrir okkur.*



## 24 Trú á Jesú Krist

ÖLDUNGUR RUSSELL M. NELSON

*Trú á Jesú Krist færir okkur ekki aðeins blessanir í þessu lífi, heldur er hún nauðsynleg fyrir eilífa sálubjálpm okkar og uppbafningu.*

## 31 Trú Emilios

RAMON RAMIREZ

*Emilio brakaði stöðugt dag hvern og lækninum var ekki ljóst hvað gera skyldi. En trú þessa unga manns á frelsarann gerði gæfumuninn.*

## 32 Friðþæging Jesú Krists

ÖLDUNGUR JEFFREY R. HOLLAND

*Friðþæging hins eingetna sonar Guðs í holdinu er undirstaða allra kristinna kenninga og æðsta tjáning guðlegs kærleika sem sýndur befur verið heiminum.*

## 39 Virkni friðþægingarinnar

ÁN NAFNS

*Alex minntist þess á erfiðustu stundum sínum að hann gat alltaf bedist fyrir um hjálp.*

## 42 Hinn lifandi Kristur: Vitnisburður postula Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

*Orð nútíma spámanna prýdd myndum af lífi og þjónustu frelsarans*

## 48 Koma til Krists

HENRY B. EYRING FORSETI

*Mikilvægasta boðið sem aðrir geta tekið á móti og sem þið getið fært öðrum er að koma til Krists.*

## 53 Var ég frelsuð?

CHARLOTTE GOODMAN McEWAN

*Þegar mér var boðið að taka opinskátt á móti Jesú Kristi sem frelsara mínum, vissi ég ekki hvað mér bar að gera. Það var ekki fyrir en síðar að mér varð ljóst að ég hafði þegar tekið á móti honum.*

## 54 Trú okkar

*Hver er trú Síðari daga heilagra varðandi Jesú Krists?*

## 58 Verða vitni Krists

ÖLDUNGUR D. TODD CHRISTOFFERSON

*Við getum í verki hjálpað öðrum að koma til Krists, einkum börnum okkar.*

## 64 Lofgjörð með sálmasöng

*Við getum fært þakkir með sálmasöng og tilbeiðing frelsara okkar, lært um hið endurreista fagnaðareriði hans, haft friðþægingu hans í buga og einsett okkur að fylgja honum.*

## 68 Skýr og dýrmætur sannleikur

*Kenningar um frelsarann, ásamt samsvarandi kennslu úr Biblíunni og frá síðari daga spámönnum og ritningum.*



**Ef þið viljð lesa meira um frelsarann**

og skoða efni þessa blaðs á hinum ýmsu tungumálum, farið þá á vefsíðuna: [www.lds.org](http://www.lds.org).



## NOTKUN BLAÐSINS

### Skilja nafngiftir Jesú Krists.

Víða í ritningunum er Jesús nefndur hinum ýmsu nöfnum. Sum þeirra koma fram í þessu blaði. Hafið þið skynjað elsku hans með því að þekkja nöfn hans og skilja merkingu hvers þeirra fyrir ykkur?

**Vitna um frelsarann.** Þegar þið hafið lesið greinina „Verða vitni Krists“ (bls. 58), ígrundið þá hvað þið gerðið og getið gert til að vera vitni hans. Hvernig styrkir slík breytni trú ykkar?

**Kenna og læra fagnaðarerindið.** Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu lætur okkur í té fjölmargt sem við getum notað til að kenna fagnaðarerindið á heimilum okkar og í kirkjunni. Sjá [www.ldscatalog.com](http://www.ldscatalog.com) til að fá frekari upplýsingar eða komið við í dreifingarstöð ykkar.



## ANNAÐ EFNI

### 74 Veggspjald

### 75 Frá Síðari daga heilögum Vitnisburðargjöf vonar fyrir loford Jesú Krists.

### 80 Mig langar að líkjast Jesú Reynsla barna við að fylgja fordæmi frelsarans.

#### TRÚARLEG EFNISATRÍÐI BLAÐSINS

Auðmýkt, 12	Sáttmálar, 48
Björgun, 75	Sjálfraði, 12
Dauði, 75	Skírn, 39, 48, 53
Fallið, 32	Sköpun, 12, 24
Förn, 32	Spámennt, 8, 68
Friðþæging, 12, 32, 39, 64	Tónlist, 64, 75
Hamingja, 48	Trúarumbreyting, 39, 48
Hlýðni, 58, 64	Trúboðsstarf, 58, 80
Iðrun, 12, 39	Upprisa, 32, 54
Jesús Krístur, fordæmi hans, 48, 58, 68, 74, 80	Vitnisburður, 4, 8, 20, 42, 58
Jesús Krístur, nafngiftir hans, 4, 12, 20, 42, 68	Þakklæti, 64
Jesús Krístur, náð hans, 32, 53, 54, 68	Þjónusta, 75, 80
Jesús Krístur, trú á hann, 4, 8, 24, 31, 48, 54, 68, 74, 75	
Joseph Smith, 54, 68	
Lækning, 31	
Páskar, 75	
Postular, 42	
Ritningar, 54, 68	
Sakramenti, 39	

Mars 2008 22. árgangur 1. tölublað  
LÍAHÓNA 02283 190

Íslensk útgáfa af alþjóðatímariti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

**Æðsta forsætisráðið:** Gordon B. Hinckley, Thomas S. Monson, Henry B. Eyring

**Sveit hinna tólf:** Boyd K. Packer, L. Tom Perry, Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, M. Russell Ballard, Joseph B. Wirthlin, Richard G. Scott, Robert D. Hales, Jeffrey R. Holland, Dieter F. Uchtdorf, David A. Bednar, Quentin L. Cook

**Aðalritstjóri:** Jay E. Jensen

**Ráðgjafar:** Gary J. Coleman, Yoshihiko Kikuchi, Gerald N. Lund, W. Douglas Shumway

**Framkvæmdastjóri:** David L. Frischknecht

**Framkvæmdastjóri ritstjórnar:** Victor D. Cave

**Yfirritstjórar:** Larry Hiller

**Framkvæmdastjóri hönnunar:** Allan R. Loyberg

**Framkvæmdarritstjóri:** R. Val Johnson

**Aðst. framkvæmdarritstjóri:** Jenifer L. Greenwood

**Aðstoðarritstjór:** Ryan Carr, Adam C. Olson

**Aðstoðarritstjóri:** Susan Barrett

**Starfsfólk ritstjórnar:** Christy Banz, Linda Stahle Cooper,

David A. Edwards, LaRene Porter Gaunt, Carrie Kasten,

Jennifer Maddy, Melissa Merrill, Michael R. Morris, Sally J.

Odekirk, Judith M. Paller, Vivian Paulsen, Joshua J. Perkey,

Kimberly Reid, Richard M. Romney, Don L. Searle, Janet

Thomas, Paul VanDenBerghe, Julie Wardell

**Aðalritari:** Laurel Teuscher

**Markaðsstjóri:** Larry Hiller

**Framkvæmdastjóri listhönnunar:** M. M. Kawasaki

**Yfirmaður listhönnunar:** Scott Van Kampen

**Framleiðslustjóri:** Jane Ann Peters

**Starfsfólk skipulags og framleiðslu:** Cali R. Arroyo, Collette

Nebeker Aune, Howard G. Brown, Julie Burdett, Thomas S.

Child, Reginald J. Christensen, Kathleen Howard, Eric P.

Johnsen, Denise Kirby, Ginny J. Nilson, Randall J. Pixton

**Útgáfustjóri:** Craig K. Sedgwick

**Dreifingarstjóri:** Randy J. Benson

**Ritstjóri Líahóna á Íslandi:** Bárður Árni Gunnarsson

Eins árs áskriftargjald: Ísl. kr. 360,00. Sendið allar beiðnir um áskriftir, fyrirspurnir, breytingar á heimilisföngum o.s.frv. til LÍAHÓNA, Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, Bláskógar 6, 810 Hveragerði.

Áskriftarsími: 6903945

Líahóna (hugtak í Marmónsbók sem tákna „áttavita“) kemur út á alþöngu, armensku (austur), búlgörsku, cebúanó, dönsku, ensku, fjímáli, finnsku, frönsku, gilbertísku, haitímáli, hilgagnönsku, hollensku, ilokanönsku, indónesísku, íslensku, ítölsku, japönsku, kambóísku, kiribátímáli, kínversku, kóresku, króatísku, lettnesku, lítháísku, malagasínsku, marshallesemáli, mongólsku, norsku, pangasinamáli, portúgölsku, pólsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli, sinhalamáli, slóvensku, spænsku, sænsku, tagalog, tamilmáli, telugumáli, tékknesku, tahítímáli, thaimáli, tongamáli, tailensku, ungversku, úkraínsku, vietnömsku, waraymáli, þýsku, (fjöldi útgefinna blaða á ári er mismunandi eftir löndum).

© 2008 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Prentað í Bandaríkjunum. Tímaritið Líahóna er aðgengilegt á alnetinu á mörgum tungumálum á netfanginu: [www.lds.org](http://www.lds.org). Smella skal á “Gospel Library.”

**For readers in the United States and Canada:** March 2008 vol. 22 no 1. LÍAHÓNA (USPS 311-480), Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year by the Church of Jesus Christ of Latter-day Saints, 50 East North Temple, Salt Lake City, UT 84150, USA. Subscription price is \$1.00 per year, Canada, \$1.50 plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City, Utah, and at additional mailing offices. Sixty days' notice required for change of address. Include address label from a recent issue; old and new address must be included. Send USA and Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit card orders (Visa, MasterCard, American Express) may be taken by phone. (Canada Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send address changes to Salt Lake Distribution Center, Church Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368, USA.

# Við vitnum um Jesú Krist

GORDON B. HINCKLEY FORSETI



*Hann er þungamiðja tilbeiðslu okkar. Hann er Drottinn sem koma mun að nýju til að ríkja á jörðunni. Hann er konungur okkar, Drottinn okkar, meistari okkar, hinn lifandi Kristur sem stendur við hægri hönd föðurins.*

**F**yrir rúmum 2000 árum fæddist lausnari mannkyns í Betlehem Júdeu. Sem hvítvoðungur var hann færður til muste-erisins í Jerúsalem. Þar heyrðu María og Jósef hinn undursamlega spádóm Símeons og Önnu um að fyrir þessu agnarsmáa barni ætti að liggja að verða frelsari heimsins.

Hann varði æskuárum sínum að mestu í Nasaret við Galíleuvatn og 12 ára að aldri var hann færður að nýju til muste-erisins. María og Jósef komu að honum í umræðum við læri-feðurna og „þeir hlustuðu á hann og spurðu hann spurninga“ (sjá Þýðingu Josephs Smith, Lúk 2:46).

Jesús óx til manndóms og „þroskaðist að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum“ (Lúk 2:52). Hann var skírður af Jóhannesi í ánni Jórdan til að „fullnægja öllu réttlæti“ (Matt 3:15). Hann fastaði í 40 daga og nætur og stóðst freistingar Satans, áður en hann hóf þjónustu sína meðal almennings. Hann fór síðan um og kenndi, læknaði og blessaði.

## Hinn mikli Jehóva

Jesús sýndi með öllum sínum verkum að hann var hinn mikli Jehóva Gamla

testamentisins, sem yfirgaf konungstign föður síns í upphæðum og lét svo lítið að koma til jarðar sem barn er fæðast skyldi við lít-ilmótlegustu aðstæður. Jesaja greindi frá fæðingu hans öldum áður og spáði: „Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi“ (Jes 9:6).

Þessi Jesús Kristur, sem við vitnum hátíðlega um, er eins og opinberarinn Jóhannes lýsti yfir: „Votturinn trúi, frumburður dauðra, höfðinginn yfir konungum jarðarinnar.“ Hann „elskar oss og leysti oss frá syndum vorum með blóði sínu. Og hann gjörði oss að konungsríki og prestum, Guði sínum og föður til handa. Hans er dýrðin og mátturinn um aldir alda“ (Op 1:5–6).

## Frelsari heimsins

Hann var og er sonur hina almáttuga. Hann var hinn eini fullkomni maður sem á jörðu hefur lifað. Hann læknaði sjúka og reisti við lamaða, veitti blindum sjón og daufum heyrn. Hann reisti upp dauða. Samt átti fyrir honum að liggja að vera tekinn af lífi til



© 1998 by the Board of Christian Literature, Inc. All rights reserved. Printed in the United States of America. ISBN 0-89051-300-0

**H**ann fastaði  
í 40 daga  
og nætur  
og stóðst freistingar  
Satans áður en hann  
bóf þjónustu sína  
meðal almennings.  
Hann fór síðan um  
og kenndi, læknaði  
og blessaði. Enginn  
fær að fullu skilið  
stórbrotið líf hans,  
mikilfengleika  
dauða hans,  
yfirgripsmikla gjöf  
hans til mannkyns.



fríðþægingarfórnar, svo kröftugri að við fáum ekki skilið umfang hennar.

Lúkas ritar að angist hans hafi verið slík að „sveiti hans varð eins og blóðdropar, er féllu á jörðina“ (Lúk 22:44), líkamleg sönnun sem staðfest er bæði í Mormónsbók og Kenningu og sáttmálum (sjá Mósía 3:7; K&S 19:18). Þjáning hans í Getsemanegarðinum og á krossinum á Hauskúpuhæð, sem var aðeins í nokkur hundruð metra fjarlægð frá Getsemanegarðinum, var bæði líkamleg og andleg. Hann leið „freistingar . . . sársauka, hungur, þorsta og þreytu, meir en maðurinn fær þolað,“ að sögn Benjamíns

konungs „nema fjörtjón hljótist af“ (Mósía 3:7).

Eftir þjáningar hans í Getsemane var hann tekinn höndum, réttað var yfir honum, hann var sakfelldur, hann leið ólýsanlegar kvalir á krossinum allt til dauða, og í kjölfar þessa fylgdi útför hans í grafhýsi Jósefs og hin glæsta framkoma hans í upprisunni. Hann, hið ljúfa barn í Betlehem, sem fyrir tvö þúsund árum gekk um rykug stræti Landsins helga, varð Drottinn almáttugur, konungur konunganna, sá er öllum veitir sáluhjálp. Enginn fær að fullu skilið stórbrotið líf hans, mikilfengleika dauða hans,

yfirgripsmikla gjöf hans til mannkyns. Við tökum einróma undir með hundraðshöfðingjanum sem sagði við dauða hans: „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs“ (Mark 15:39).

### Lifandi Drottinn okkar

Þetta er vitnisburður gamla heimsins í hinni helgu Biblíu. En annar vitnisburður er til, frá nýja heiminum, Mormónsbók, en þar kynnir faðirinn upprisinn son sinn með orðunum: „Sjá minn elskaða son, sem ég hef velþóknun á. Í honum hef ég gjört nafn mitt dýrðlegt“ (3 Ne 11:7). Þessi guðlega kynning er upphafið að frásögninni um þjónustu frelsarans meðal annarra sauða sinna (Jóh 10:16), eftir uppstigningu hans í Jerúsalem. Boðskapur allrar Mormónsbókar er um guðleika Jesú Krists og þær eilífu blessanir sem allir synir og allar dætur Guðs geta hlotið fyrir endurleysandi elsku hans. Með orðum eins af spámönnum Mormónsbókar:

„Vér ritum af kappi til að hvetja börn vor og einnig bræður vora til að trú á Krist og sættast við Guð, því að vér vitum, að vér frelsumst fyrir náð, að afloknu öllu, sem vér getum gjört. . . .“

Vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér spáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna“ (2 Ne 25:23, 26).

Ofan á allt þetta bætast þessi orð nútíma spámanna: „Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn, síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!“ (K&S 76:22). Í Kenningu og sáttmálum ber hann ótvítætt vitni um guðlegt hlutverk sitt: „Ég er Alfa og Ómega, Kristur Drottinn. Já, ég er einmitt hann, upphafið og endirinn, lausnari heimsins“ (K&S 19:1).

Í honum sjáum við ekki aðeins meistara okkar og hinn góða hirði, heldur einnig stórkostlega fyrirmynd, sem býður okkur: „Ef þú vilt vera fullkominn, . . . [þá] fylg mér“ (Matt 19:21).

### Hyrningarsteinninn

Hann er aðalhyrningarsteinn kirkjunnar, hvers nafn hún ber, Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Ekkert annað nafn er mönnum gefið sem getur frelsað þá (sjá Post 4:12). Hann er höfundur sáluhjálpar okkar, gjafari eilífs lífs (sjá Hebr 5:9). Enginn jafnast á við hann. Enginn hefur gert það og enginn mun gera það. Guði séu þakkir fyrir gjöf hans ástkæra sonar, sem lagði líf sitt í sölurnar svo við mættum lifa og sem er hinn óhagganlegi aðalhyrningarsteinn trúar okkar og þessarar kirkju.

### Kjarni trúar okkar

Við þekkjum ekki allt sem fyrir okkur á að liggja. Við lifum í heimi óvissu. Sumir munu fá miklu áorkað. Aðrir munu upplifa vonbrigði. Sumir munu fagna og öðlast mikla gleði, búa að góðri heilsu og eiga yndislegt líf. Aðrir munu hugsanlega upplifa sorgir og sjúkdóma. Við vitum það ekki. En eitt vitum við þó. Frelsari heimsins er óbrigðull og áreiðanlegur, hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér, líkt og Pólstjarnan í himingeimnum, sonur Guðs, líkt og akkeri okkar ódauðlegu sálar. Hann er bjarg sáluhjálpar okkar, styrkur okkar, huggun okkar, kjarni trúar okkar.

Í skini og skúr lítum við til hans og hann er þar til að hughreysta okkur og brosa við okkur.

Hann er þungamiðja tilbeiðslu okkar. Hann er sonur hins lifanda Guðs, hinn frumgetni föðurins, hinn eingetni í holdinu. Hann er „upprisinn frá dauðum sem frumgróði þeirra, sem sofnaðir eru“ (1 Kor 15:20). Hann er Drottinn sem koma mun að nýju „til að ríkja á jörðunni yfir fólki sínu“ (K&S 76:63; sjá einnig Míka 4:7; Op 11:15).

Enginn svo stórkostlegur hefur gengið um á jörðinni. Enginn annar hefur fært sambærilega fórn eða veitt sambærilega blessun. Hann er frelsari og lausnari heimsins. Ég trú á hann. Ég lýsi skýrt og skorinort yfir guðleika hans. Ég ann honum. Ég mæli nafn Jesú Krists af lotningu og í undrun. Hann er konungur okkar, Drottinn okkar, meistari okkar, hinn lifandi Kristur sem er við hægri hönd föðurins. Hann lifir! Hann lifir! Lifandi sonur lifanda Guðs er dýrðlegur og undursamlegur. ■

# Hann lifir!

## Vitnisburður síðari daga spámanna

„Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn, síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!“ (K&S 76:22).

„Hann lifir!“ Þannig bar spámaðurinn Joseph Smith vitni um frelsara heimsins. Allir forsetar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu á eftir honum—sem studdir hafa verið sem spámenn, sjáendur og opinberarar—hafa af sömu fullvissu borið vitni um raunveruleika og guðleika frelsarans og friðþægingu hans og upprisu.

### Gordon B. Hinckley forseti



„Mér er ljóst að ég er ekki höfuð þessarar kirkju. Drottinn Jesús Kristur er höfuð hennar. Hlutverk mitt, megin ábyrgð mín, minn æðsti heiður er að bera hátíðlega vitni um lifandi raunveruleika hans. Jesús Kristur er sonur Guðs, sem lagðist svo lágt að koma í þennan

heim eymdar, baráttu og sársauka, til að hafa varanleg áhrif á hjörtu manna, til að kenna vegu eilífs lífs og færa sig sjálfan sem fórn fyrir syndir alls mannkyns. Hann er ‚konungur konunganna og Drottinn drottanna og hann mun ríkja frá eilífð til eilífðar‘ (Messías eftir Handel). . . . Ég ber hátíðlega vitni um að hann lifir og er við hægri hönd föður síns.“<sup>1</sup>

### Howard W. Hunter forseti



(1907–1995)  
„Ég er þakklátur . . . fyrir samband mitt við fólk sem á staðfasta sannfæringu um að Guð lifir, að Jesús er Kristur, og ég ber ykkur vitni um að frásögnin um barnið sem fæddist í jötu í Betlehem er ekki goðsögn síns tíma, heldur að Jesús,

sonur Guðs, hafi í raun fæðst af Maríu í jarðlífið, að hann hafi dvalið meðal manna, að hann hafi dáið á krossinum og risið upp, að hann lifir í raun nú og er persónulegur frelsari heimsins.“<sup>2</sup>

### Ezra Taft Benson forseti

(1899–1994)



„Stundum er spurt: ‚Eru mormónar kristnir?‘ Við lýsum yfir guðleika Jesú Krists. Við lítum til hans sem einu uppsprettu sáluhjálpar okkar. Við kappkostum að lifa eftir kenningum hans og væntum þess að hann komi að nýju til þessarar jarðar til að ríkja sem konungur konunganna og Drottinn drottanna. Við tókum undir orð Mormónsbókar og segjum við alla menn: ‚Ekkert annað nafn verður gefið og engin önnur



leið eða aðferð, sem færð [getur] mannanna börnum sáluhjálp, nema í og fyrir nafn Krists, Drottins almáttugs‘ (Mósía 3:17).“<sup>3</sup>

**Spencer W. Kimball forseti (1895–1985)**



„Við setum [Jesú Krist] á þann stall sem enginn annar hópur gerir, að því að mér sé kunnugt. Í okkar augum er hann ekki aðeins sonur Guðs, hann er einnig Guð og við erum háð honum. . . .

Engu skiptir hversu mikið við segjum um hann, það verður alltaf of lítið. Hann er ekki aðeins smiðurinn, Nasaretbúinn, Galíleubúinn, heldur

Jesús Kristur, Guð þessarar jarðar, sonur Guðs, og það sem mestu skiptir, frelsari okkar og lausnari. . . .

Ég bæti eigin vitnisburði við. Ég veit að Jesús Kristur er sonur hins lifanda Guðs og að hann var krossfestur vegna synða heimsins.

Hann er vinur minn, frelsari minn, Drottinn minn, Guð minn.“<sup>4</sup>

**Harold B. Lee forseti (1899–1973)**



„Eftir langa nótt ígrundunar og margra daga undirbúning í kjölfarið, hlaut ég kröftugri vitnisburð en hægt er að veita með sýn, uns ég gat vitnað af vissu, án alls

vafa, og af öllum mætti sálar minnar, að Jesús er Kristur, sonur hins lifanda Guðs, að hann lifði, að hann dó, að hann reis upp og ríkir nú á himnum og stjórnar málefnum kirkjunnar, sem ber nafn hans, því hún prédikar kenningar hans. Ég gef ykkur þann vitnisburð minn í auðmýkt.“<sup>5</sup>

**Joseph Fielding Smith forseti (1876–1972)**



„Hjálpræðið er í Kristi. Það á rætur að rekja til hinnar altæku og eilífu friðþægingar, er hann gerði að veruleika með því að úthella eigin blóði. Hann er sonur Guðs og kom í heiminn til að frelsa menn frá

stundlegum og andlegum dauða, sem eru afleiðing fallsins, líkt og við nefnum það.

Fyrir góðleika hans og náð munu allir menn rísa úr gröfnni, til að verða dæmdir eftir verkum sínum í holdinu. . . .

Ég veit að hann lifir, að hann ríkir á himnum uppi og á jörðu niðri og að tilgangur hans mun ná fram að ganga. Hann er Drottinn okkar og Guð. Líkt og hann sjálfur sagði við Joseph Smith: „Drottinn er Guð, og utan hans er enginn frelsari“ (K&S 76:1).<sup>6</sup>

#### **David O. McKay forseti** (1873–1970)



„Hvernig getum vér þá þekkt veginn?“ spurði Tómas, þegar hann sat með hinum postulunum og Drottni við borðið eftir kvöldmáltíðina, hina minnisstæðu nótt svikanna; og guðlegt svar Krists var: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. . . .“ (Jóh 14:5–6.) Og hann er það! Hann er huggun okkar, innblástur lífs okkar, höfundur hjálpræðis okkar. Ef við hyggjumst þekkja samband okkar við Guð, leitum við til Jesú Krists. Ef við hyggjumst þekkja sannleika hinnar ódauðlegu sálar, er okkur sýndur hann með upprisu frelsarans. . . .

. . . Hann er eina fullkomna veran sem dvalið hefur á jörðinni, hið háleita fordæmi göfuglyndis, guðlegur að eðlisfari, fullkominn í elsku,

frelsari okkar, lausnari okkar, hinn lýtalausi sonur okkar himneska föður, ljósið, lífið, vegurinn.“<sup>7</sup>

#### **Georg Albert Smith forseti** (1870–1951)



kenningum hans.<sup>8</sup>

Ég hef komist að því að mörgum hér í heimi er ekki ljóst að við trúum á guðlegt hlutverk Drottins okkar og ég hef oft en einu sinni fundið mig knúinn til að koma því á framfæri að ekkert annað fólk hafi jafn mikinn skilning á hinu guðlega hlutverki Jesú Krists, trúi því algjörlega að hann hafi verið sonur Guðs, og sé jafn óhagganlega sannfært um að hann ríkir til hægri handar föður síns, og Síðari daga heilagir.<sup>9</sup>

#### **Heber J. Grant forseti** (1856–1945)



ekki aðeins mikill kennari, ekki aðeins óviðjafnanlegur leiðtogi, heldur friðarhöfðingi, höfundur

hjálpæðisins, hér og nú, sannlega frelsari heimsins!

. . . Jesús er frelsari heimsins, lausnari mannkyns, sem kom til jarðarinnar með það guðlega útnefnda hlutverk að deyja til endurlausnar mannkyni. Jesús Kristur er bókstaflega sonur Guðs, hinn eingetni í holdinu. Hann er frelsari okkar og við lofsyngjum hann.<sup>10</sup>

#### **Joseph F. Smith forseti** (1838–1918)



„Heilagur andi Guðs hefur talað til mín—hvorki hafa eyru mín eða augu skynjað það, heldur andi minn, hinn lifandi og eilífi hluti af mér,—og opinberað mér að Jesús er Kristur, sonur hins lifanda Guðs. Ég ber ykkur vitni um að ég veit að frelsari minn lifir og að ég mun sjá hann á þessari jörðu. Ég mun sjá hann eins og hann er. . . Drottinn hefur opinberað mér þetta. Hann hefur fyllt allan anda minn með vitnisburði þessum, uns ekki er rúm fyrir nokkurn vafa.“<sup>11</sup>

#### **Lorenzo Snow forseti** (1814–1901)



„Þessi vera, sem dvaldi á himnum og ríkti þar áður en heimurinn varð til, sem skapaði jörðina og sem á hádegisbaugi

tímans kom niður til að fullkomna og frelsa það sem hann hafði skapað, hefur birst mönnum á þessari öld.<sup>12</sup>

„Við berum öllum heiminum vitni um að við vitum, með guðlegri opinberun, já, með vitrunum heilags anda, að Jesús er Kristur, sonur hins lifanda Guðs og að hann birtist Joesph Smith, jafn áþreifanlega og postulum sínum til forna, eftir að hann reis úr gröfnni, og að hann kunngjörði honum þann himneska sannleika sem mannkynið getur frelast fyrir.“<sup>13</sup>

#### Wilford Woodruff forseti (1807–98)



„Hið jarðneska hlutverk Krists var að færa sjálfan sig sem fórn til að endurleysa mannkynið frá eilífum dauða. . . .

Hann fór nákvæmlega að vilja föður síns í öllu allt frá upphafi og drakk hinn beiska bikar sem að honum var réttur. Með því varð dýrð, heiður, ódauðleiki og eilíft líf að veruleika, fyrir þann kærleika sem er æðri trú og von, því lamb Guðs hafði leyst það af höndum fyrir menn sem þeir gátu ekki gert af eigin rammleik. . . .

Enginn megnar að frelsa sálir mannanna og veita þeim eilíft líf, nema Drottinn Jesús Kristur, með fulltingi föður síns.“<sup>14</sup>

#### John Taylor forseti (1880–1887)



„Smurður, já, með olíu gleði, umfram samferðamenn sína, barðist hann við og sigraði sameinaða krafta manna og

djöfla jarðar og helju og með hinum æðri krafti Guðdómsins, sigraði hann dauða, helju og gröfina, og reis upp sigri hrósandi sem sonur Guðs, sem eilífur faðir, Messías, friðarhöfðingi, endurlausnari, frelsari heimsins og fullgerði friðþæginguna, sem faðir hans hafði falið honum að gera sem syni Guðs og syni manns.“<sup>15</sup>

#### Brigham Young forseti (1801–77)



„Ég vitna um að Jesús er Kristur, frelsari og lausnari heimsins. Ég hef hlít orðum hans og áttað mig á að víska þessa heims fær

hvorki skilið fyrirheit hans og þekkingu mína á honum, né heldur megnar hún að svipta mig því. . . .

Drottinn okkar, Jesús Kristur—frelsarinn, sem hefur endurleyst heiminn og allt sem honum tilheyrir, er hinn eingetni föðurins í holdinu. . . . Hann hefur smakkað dauða sérhvers manns og reitt gjaldið af höndum sem okkar fyrstu forfeður fengu loforð um.“<sup>16</sup>

#### Spámaðurinn Joseph Smith (1805–44)




„Og þetta er fagnaðarerindið, gleðitíðindin, sem röddin frá himni bar okkur vitni um—  
Að hann kom í heiminn, sjálfur Jesús,

til að verða krossfestur fyrir heiminn, og til að bera syndir heimsins, og til að helga heiminn og hreinsa hann af öllu óréttlæti—

Svo að fyrir hann gætu allir þeir frelsast, sem faðirinn hafði falið honum á vald og gjört með honum“ (K&S 76:40–42). ■

#### HEIMILDIR

1. *Teachings of Gordon B. Hinckley* (1997), 285–86.
2. *The Teachings of Howard W. Hunter*, ritst. af Clyde J. Williams (1997), 4.
3. *The Teachings of Ezra Taft Benson* (1988), 10.
4. *The Teachings of Spencer W. Kimball*, ritst. af Edward L. Kimball (1982), 7; sjá einnig *Teachings of Presidents of the Church: Spencer W. Kimball* (2006), 23, 25.
5. *The Teachings of Harold B. Lee*, ritst. af Clyde J. Williams (1996), 637.
6. „I Know That My Redeemer Liveth,“ *Ensign*, des. 1971, 26–27.
7. *Teachings of Presidents of the Church: David O. McKay* (2003), 3–4, 5.
8. „Testimony of Elder George Albert Smith,“ *Liabona: The Elders' Journal*, feb. 2, 1915, 502.
9. „Divine Calling of Prophet Joseph Smith Reviewed in Connection with Mission of Redeemer of World,“ *Deseret News*, des. 27, 1924, hluti 3, bls. 6.
10. *Teachings of Presidents of the Church: Heber J. Grant* (2002), 223.
11. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph F. Smith* (1998), 7.
12. Í *Journal History*, 5. apríl 1884, 9.
13. Í *Deseret News*, 31. jan. 1877, 834.
14. *Teachings of Presidents of the Church: Wilford Woodruff* (2004), 69–70, 74.
15. *Teachings of Presidents of the Church: John Taylor* (2001), 43–44.
16. *Discourses of Brigham Young*, samant. Johns A. Widtsoc (1941), 26.



# Hver er Jesús Kristur?

**BOYD K. PACKER FORSETI**

starfandi forseti Tólfpostulasveitarinnar

**Þ**egar Jesús var með hinum Tólf í Sesareu Filippí, spurði hann þá: „Hvern segið þér mig vera?“ Símon Pétur, fremstur meðal postulanna, svaraði: „Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs“ (Matt 16:15–16). Pétur bar síðar vitni um að Jesús hafi verið „útvalinn, áður en veröldin var grundvölluð“ (1 Pét 1:20). Hann var „í upphafi . . . hjá föðurnum og . . . er frumburðurinn“ (K&S 93:21).

Þegar áætlun föðursins—áætlunin um hamingju og hjálpræði (sjá Alma 34:9)—var kynnt (sjá Alma 42:5, 8), var einum falið að friðþægja til að sjá öllum þeim sem framfylgdu áætluninni fyrir endurlausn og miskunn (sjá Alma 34:16; 39:18; 42:15). Faðirinn spurði: „Hvern á ég að senda?“ Sá er kunnur varð sem Jesús svaraði fúslega: „Hér er ég, send mig“ (Abraham 3:27). „Faðir, verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu“ (HDP Móse 4:2).

Jörðin var sköpuð og gerð til reiðu: „Ég skapaði [jörðina] . . . með syninum, sem er minn eingetni,“ sagði faðirinn (HDP Móse 1:33; sjá einnig Ef 3:9; He 14:12; HDP Móse 2:1).

## Nafngiftir Jesú Krists

Hann var kunnur sem Jehóva af spámönnum Gamla testamentisins (sjá Abraham 1:16; 2 Mós 6:3). Spámönnum var sýnd koma hans: „Sjá Guðslambið, já, son hins eilífa föður!“ (1 Ne 11:14–21; sjá einnig Jóh 1:14). Móður hans var sagt: „Þú skalt láta hann heita Jesús. Hann mun verða . . . kallaður sonur hins hæsta“ (Lúk 1:31–32).

Margar nafngiftir eru lýsandi fyrir guðlegt hlutverk hans og þjónustu. Sjálfur kenndi hann: „Ég er ljós og líf heimsins. Ég er Alfa og Ómega, upphafið og endirinn“ (3 Ne 9:18). „Ég er . . . málsvari yðar hjá föðurnum“ (K&S 29:5; sjá einnig K&S 110:14). „Ég er góði hirðirinn“ (Jóh 10:11). „Ég er Messías, konungur Síonar, bjarg himins“ (HDP Móse 7:53). „Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og . . . aldrei þyrsta“ (Jóh 6:35). „Ég er hinn sanni vínviður, og faðir minn er vínyrkinn“ (Jóh 15:1). „Ég er upprisan og lífið“ (Jóh 11:25). „Ég er . . . stjarnan skínandi, morgunstjarnan“ (Op 22:16), „[Jesús Kristur, lausnari yðar, hinn mikli] ÉG ER“ (K&S 29:1).

Hann er meðalgangarinn (sjá 1 Tím 2:5), frelsarinn (sjá Lúk 2:11), lausnarinn (sjá K&S 18:47), höfuð kirkjunnar (sjá Ef 5:23), hyrningarsteinn hennar (sjá Ef 2:20). Á efsta degi mun Guð dæma menn með Jesú Kristi samkvæmt



*Hann er Drottinn okkar, frelsari okkar, Messías okkar, konungur Síonar, bjarg himins. Hann reiddi fram lausnargjaldið fyrir okkur með eigin blóði.*

KRISTUR, EFTIR BERTEL THORVALDSEN; LJÓSMYNDUN EFTIR EARTH © CORBIS IMAGES



fagnaðarerindinu (sjá Róm 2:16; sjá einnig Morm 3:20).

„Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn“ (Jóh 3:16); „vegna þessa felst endurlausnin í heilögum Messíasi og kemur með honum, því að hann er fullur náðar og sannleika“ (2 Ne 2:6).

Spámaðurinn Joseph Smith var oft spurður: „Hverjar eru grundvallarkenningar trúar þinnar?“

„Grundvallarreglur trúar okkar eru vitnisburður postulanna og spámannanna um Jesú

Krist, að hann dó, var grafinn, og reis upp á þriðja degi og sté upp til himins; og allt annað í trúarbrögðum okkar er aðeins viðauki við það.“<sup>1</sup>

#### **Auðmýkt Jesú Krists**

Drottinn var á leið úr Getsemanegarðinum þegar hann var tekinn höndum, rétt fyrir krossfestingu hans. Á stund svikráðs tók Pétur sverð sitt upp gegn Malkusi, þjóni æðsta prestsins. Jesús sagði:

„Slíðra sverð þitt! . . .

Allir, sem sverði bregða, munu fyrir sverði falla. Hyggur þú, að ég geti ekki beðið föður minn að senda mér nú meira en tólf sveitir engla?“ (Matt 26:52–53).

Meðan Drottinn var hæddur, honum misþyrmt, hann hýddur og loks krossfestur, var hann hljóður og auðmjúkur—fyrir utan eina áhrifamikla stund, sem opinberar kjarna kristinnar kenningar. Sú stund var í yfirheyrslunni. Pílatus, sem nú var óttasleginn, sagði við Jesú: „Viltu ekki tala við mig? Veistu ekki, að ég hef vald til að láta þig lausan, og ég hef vald til að krossfesta þig?“ (Jóh 19:10).

Maður getur aðeins ímyndað sér hátign Drottins þegar hann mælti: „Þú hefðir ekkert vald yfir mér, ef þér væri ekki gefið það að ofan. Fyrir því ber sá þyngri sök, sem hefur selt mig þér í hendur“ (Jóh 19:11). Það sem gerðist í kjölfarið átti sér ekki stað vegna tilskipunarvalds Pílatusar, heldur vegna þess að Drottinn hafði vilja til að gangast undir það.

„Ég legg líf mitt í sölurnar,“ sagði Drottinn, „svo að ég fái það aftur.

Enginn tekur það frá mér, heldur legg ég það sjálfur í sölurnar. Ég hef vald til að leggja það í sölurnar og vald til að taka það aftur“ (Jóh 10:17–18).

### **Friðþæging Jesú Krists**

Bæði fyrir og eftir krossfestinguna hafa margir menn fúslega gefið eigið líf með því að drýgja óeigingjarnar hetjudáðir. En enginn þeirra þurfti að líða það sem Kristur gerði. Á honum hvíldi byrði allra misgjörða mannkyns, allrar sektar þess. Og friðþægingin stóð eða féll með honum. Mögulegt var að sætta miskunn og réttvísi, sökum kærleiksverks hans, og viðhalda eilífu lögmáli og ná fram þeirri málamiðlun, sem er nauðsynleg til frelsunar hinum dauðlega manni.

Hann kaus að taka út refsinguna fyrir alla menn, fyrir allt ranglæti þeirra, ódæði, grimmd, ósiðsemi, öfuggahátt, spillingu, dráp, pyntingar og skelfingu—allt sem hefur gerst og allt sem mun gerast á þessari jörðu. Með því vali stóð hann

frammi fyrir hræðilegu afli hins illa, sem hvorki var bundinn holdinu, né háður mannlegum sársauka. Það var Getsemane!

Við vitum ekki hvernig friðþægingin var útfærð. Enginn dauðlegur maður fylgdist með þegar hið illa snerist á hæl og huldi sig í skömm frammi fyrir ljósi þessarar hreinu veru. Öll illska megnaði ekki að byrgja fyrir það ljós. Þegar því var lokið sem krafist var, hafði lausnargjaldið verið reitt af hendi. Bæði dauði og helja létu af kröfu sinni gegn öllum þeim sem iðruðust. Loks voru menn frjálsir. Nú gat sérhver sál, sem einhvern tíma hafði lifað, valið að koma í það ljós og verða endurleyst.

Fyrir tilstilli þessarar altæku fórnar, „fyrir [þessa] friðþægingu Krists [geta] allir menn orðið hólpnir með hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins“ (Trúaratriðin 1:3).

### **„Friðþægingin“ í ritningunni**

Enska hugtakið *atonement* (friðþæging) er raunverulega þrjú orð: *at-one-ment*, sem merkir að færa í eina heild, færa til Guðs vegar, að sætta, að bæta fyrir.

En vissuð þið að hugtakið *friðþæging* kemur aðeins einu sinni fyrir í enska Nýja testamentinu? Aðeins einu sinni! Ég vitna í bréf Páls til Rómabúa:

„Kristur er fyrir oss dáinn.

„ . . . Vér . . . urðum sættir við [Guð] með dauða sonar hans, því fremur munum vér frelsaðir verða með lífi sonar hans, nú er vér erum í sátt teknir.

Og ekki það eitt, heldur fögnum vér í Guði fyrir Drottin vorn Jesú Krist, sem vér nú höfum öðlast *sáttargjörðina* fyrir“ (Róms 5:8, 10–11; leturbr. hér).

Aðeins hér í eitt skipti kemur hugtakið *friðþæging* (sáttargjörð hér) fyrir í enska Nýja testamentinu. *Friðþæging* af öllum hugtökum! Þetta var ekki óþekkt hugtak, því það hafði verið mikið notað í Gamla testamentinu í samhengi við lögmál Móse, en það kemur aðeins einu sinni fyrir í Nýja testamentinu. Mér finnst það undravert.

„Ég er góði  
hirðirinn“  
(Jóh 10:11).



Mér er aðeins kunnugt um eina skýringu. Við snúum okkur að Mormónsbók til að fá hana. Nefi bar vitni um að Biblían hefði eitt sinn „[geymt] fyllingu fagnaðarboðskapar Drottins, sem postularnir tólf bera vitni um, en vitnisburður þeirra er í samræmi við sannleikann, sem býr í Guðslambinu. Og er þetta hefur borist um hendur hinna tólf postula lambsins frá Gyðingum til Þjóðanna, sérð þú myndun þeirrar völdugu og viðurstyggilegu kirkju, sem er öllum öðrum kirkjum viðurstyggilegri. Því að sjá. Mörg auðskiljanleg og mjög dýrmæt atriði hafa þeir fellt úr fagnaðarboðskap lambsins. Og margir af sáttmálum Guðs hafa einnig verið felldir brott“ (1 Ne 13:24, 26).

Jakob skilgreindi þessa völdugu og viðurstyggilegu kirkju þannig: „Af þessum sökum mun sá farast, sem berst gegn Síon, hvort sem hann er Gyðingur eða ekki, ánauðgur eða frjál, karl eða kona, því að það eru þeir sem eru vændiskona allrar jarðarinnar. Því að þeir, sem ekki eru með mér, eru á móti mér, segir Guð vor“ (2 Ne 10:16).

Nefi sagði einnig: „Vegna þess að mörg skýr og dýrmæt atriði eru felld brott úr bókinni— . . . hrasa [mjög margir] einmitt vegna þess, sem felld hefur verið úr fagnaðarboðskap lambsins, og það svo freklega, að Satan hefur mikið vald yfir þeim“ (1 Ne 13:29). Hann spáði síðan að hin dýrmætu atriði yrðu endurreist (sjá 1 Ne 13:34–35).

Og þau voru endurreist. Í Mormónsbók kemur hugtakið *friðþægja* fyrir 39 sinnum í öllum sínum formum. Ég vitna í aðeins eitt vers í Alma: „En nú var ekki hægt að gjöra miskunnar-áætlunina að veruleika án *friðþægingar*. Þess vegna *friðþægði* Guð sjálfur fyrir syndir heimsins, til þess að miskunnaráætlunin næði fram að ganga og kröfum réttvísinnar yrði fullnægt og Guð væri fullkominn, réttvís Guð og einnig miskunnssamur Guð“ (Alma 42:15; leturbr. hér).

Aðeins einu sinni í Nýja testamentinu og 39 sinnum í Mormónsbók. Hvað annað getur betur staðfest að Mormónsbók sé vissulega annað vitni um Jesú Krist?

Og það er ekki allt. Hugtökin *friðþægja* og *friðþæging* koma fimm sinnum fyrir í Kenningu og sáttmálum og tvisvar sinnum í Hinni dýrmætu perlu. Fjörutíu og fjórar tilvísanir, sem hafa gríðarlega þýðingu. Og það er ekki allt! Hundruð annarra versa útskýra friðþæginguna.

### Sjálfræði

Gjald friðþægingarinnar var reitt fram af Drottni án nauðungar, því sjálfræði er ríkjandi regla. Sjálfræðið verður að virða, samkvæmt áætluninni. Þannig var það frá upphafi, frá því í aldingarðinum Eden.

„Drottinn sagði við Enok: Sjá þessa bræður þína. Þeir eru mín eigin handaverk, og þekkingu þeirra gaf ég þeim, þegar ég skapaði þá, og í aldingarðinum Eden gaf ég mannum sjálfræði sitt“ (HDP Móse 7:32).

Adam valdi á mestu ögurstund lífs síns, hvað svo sem öðru leið í aldingarðinum Eden. Þegar Drottinn hafði boðið Adam og Evu að margfaldast og uppfylla jörðina og boðið þeim að eta *ekki* af skilningstré góðs og ills, sagði hann: „Þó mátt þú sjálfur velja, því að það er þér gefið, en haf hugfast, að ég fyrirbýð það, því að á þeim degi, sem þú etur af því, munt þú örugglega deyja“ (HDP Móse 3:17).

Of mikið var í húfi til að réttlætlanlegt væri að þvinga manninn í hið dauðlega líf. Það væri andstætt lögmálinu sem nauðsynlegt var í áætluninni. Í henni var gert ráð fyrir að sérhvert andabarn Guðs hlyti dauðlegan líkama og á það yrði reynt. Adam varð ljóst að þannig yrði það að vera og valdi í samræmi við það. „Adam féll, svo að menn mættu lifa. Og menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta“ (2 Nefi 2:25).

Adam og Eva hættu á það að margfaldast og uppfylla jörðina, líkt og þeim hafði verið boðið að gera. Sköpun líkama þeirra í mynd Guðs, sem aðskildar verur, skipti sköpun í áætluninni. Fallið sem fylgdi í kjölfarið var nauðsynlegt til að koma á skilyrðum hins dauðlega lífs og framfylgja áætluninni.

„Ég er málsvari  
yðar hjá  
föðurnum“  
(K&S 110:14).





### Nauðsyn friðþægingarinnar

Nefi sagði frá því hvað verða myndi um líkama okkar og anda, ef „algjör friðþæging“ væri ekki fyrir hendi. „Andar vorir,“ sagði hann, „hefðu hlotið að verða [djöflinum] líkir.“ (Sjá 2 Ne 9:7–10.)

Ég nota hugtakið *algjörlega* sjaldan. Það á sjaldan rétt á sér. Ég nota það nú—í tveimur tilvikum.

Fallið gerði það að verkum að friðþægingin var *algjörlega* nauðsynleg til að upprisa gæti átt sér stað og sigur ynnist á hinum jarðneska dauða.

Friðþægingin var *algjörlega* nauðsynleg til að menn gætu hreinsað sig af synd og sigrast á annars konar dauða, hinum andlega dauða, sem er aðskilnaður við föðurinn á

himnum, því að ritningarnar greina átta sinnum frá því að ekkert óhreint fái dvalið í návist Guðs (sjá 1 Ne 10:21; 15:34; Alma 7:21; 11:37; 40:26; He 8:25; 3 Ne 27:19; HDP Móse 6:57).

Þessi ritningartexti: „Þó mátt þú sjálfur velja, því að það er þér gefið“ (HDP Móse 3:17), gerði Adam og Evu og niðjum þeirra ljósa alla áhættuna sem felst í jarðlífinu. Í jarðlífinu er mönnum frjálst að velja, en hverju vali fylgir afleiðing. Val Adams kallaði á lögmál réttvísinnar, sem krafðist þess að refsingin fyrir óhlýðnina yrði dauði.

En orðin sem mælt voru við yfirheyrsluna: „Þú hefir ekkert vald yfir mér, ef þér væri ekki gefið það að ofan“ (John 19:11), staðfesta að miskunnin er jafn rétthá. Frelsari var



sendur til að reiða fram gjaldið og gera menn frjálsa. Áætlunin gekk út á það.

Kóríantum, syni Alma, fannst ósanngjarnt að refsing væri bundin synd, að refsing væri yfir höfuð nauðsynleg. Alma kenndi syni sínum og okkur áhrifaríka lexíu um endurlausnaráætlunina. Alma ræddi um friðþæginguna og sagði: „En iðrun gat ekki fallið í hlut manna nema til væri refsing“ (Alma 42:16).

Sé refsing gjald iðrunar, er ekki um dýrkeypt gjald að ræða. Afleiðingar, jafnvel þær sem sárar eru, eru okkur til verndar. Það verður okkur ljóst af hinu einfalda dæmi er barn grætur af sársauka eftir að hafa brennt fingur sína í eldi. Ef barnið myndi ekki til, myndi það brenna til ösku.

### Blessanir iðrunar

Ég segi fúslega að ég myndi hvorki frið, hamingju, né öryggi í heimi þar sem ekki væri hægt að iðrast. Ég veit ekki hvað ég myndi taka til ráðs, ef ég gæti alls ekki afmáð misgjörðir mínar. Kvalirnar yrðu sárari en ég gæti borið. Ykkur kann að finnast annað, en það geri ég ekki.

Friðþægingin var gerð að veruleika. Alltaf og ætíð býður hún sakaruppgjöf frá misgjörðum og dauða, ef við aðeins iðrumst. Iðrun er útgönguákvæðið hvað hana alla varðar. Iðrun er lykill að innanverðum dyrum fangelsisins. Við höfum þann lykil í höndum okkar og búum yfir sjálfræði til að nota hann.

Hve gríðarlega dýrmætt frelsið er; hve fullkomlega gagnlegt sjálfræðið er.

Lúsifer beitir kænsku við að hafa áhrif á val okkar og blekkingum varðandi synd og afleiðingar. Hann og árar hans freista okkar til að við verðum óverðug og jafnvel ranglát. En hann megnar ekki—um alla eilífð megnar hann ekki, af öllum sínum mætti megnar hann ekki—að koma okkur fyrir kattarnef, án okkar eigin samþykkis. Ef sjálfræði hefði gefist mannum án friðþægingarinnar, hefði það reynst honum banvæn gjöf.

### Sköpuð í hans mynd

Í 1. Mósebók, í bók Móse, í bók Abrahams, í Mormónsbók og í musterisgjöfinni er okkur greint frá því að hinn dauðlegi líkami mannsins

hafi verið skapaður í mynd Guðs, aðskildur frá annari sköpun. Hefði sköpuninni verið hagað á einhvern annan hátt, hefði ekkert fall átt sér stað.

Ef menn væru aðeins skepnur, væri hægt að segja að engin ábyrgð fylgdi frelsinu.

Mér er vel ljóst að meðal lærðra manna er horft á dýr og steingervinga til að komast að uppruna mannsins. Þeir líta ekki inn á við til að finna andann þar. Þeir þjálfa sig í því að mæla samkvæmt tíma, þúsundum og milljónum ára, og segja að þær skepnur sem kallast menn, hafi orðið til fyrir tilviljun. Og þetta er þeim frjálst að gera, því þeirra er sjálfræðið.

En sjálfræðið er okkar líka. Við lítum upp og í geimnum sjáum við handaverk Guðs og mælum samkvæmt tímabilum, ráðstöfunum, óendanleika og eilífðum. Því fjölmörgu sem við ekki þekkjum tökum við á móti í trú.

En þetta vitum við! Allt var þetta skipulagt „áður en heimurinn var gjörður“ (K&S 38:1; sjá einnig K&S 49:17; 76:13, 39; 93:7; Abr 3:22–25). Atburðir, allt frá sköpuninni fram að lokavettvanginum, hafa ekki byggst á *tilviljunum*; þeir hafa byggst á *ákvörðunum*! Þannig var það ráðgert.

Það vitum við! Þann einfalda sannleika! Ef engin sköpun hefði verið og ekkert fall, væri hvorki þörf á friðþægingu, né frelsara sem málsvara. Þá hefðum við ekki þurft á Kristi að halda.

### Tákn friðþægingarinnar

Blóði frelsarans var úthellt í Getsemane og á Golgata. Öldum áður var páskahátíðin innleidd sem tákn um það sem koma skyldi. Hana átti að halda hátíðlega um eilífð. (Sjá 2 Mós 12.)

Þegar plágu dauðans var úthellt yfir Egyptaland, var öllum ísraelskum fjölskyldum boðið að taka lamb—frumburð, karldýr, lýtalaust. Páskalambi þessu var slátrað, án þess að brjóta nokkurt bein þess, og blóði þess roðið á dyrastafi

heimilisins. Drottinn lofaði að engill dauðans myndi *ganga fram hjá* þeim heimilum sem þannig væru merkt og deyða ekki þá sem innan þeirra væru. Þeir myndu bjargast fyrir blóð lambsins.

Eftir krossfestingu Drottins, gerði lögmál fórnar ekki kröfu um meiri úthellingu blóðs. Líkt og Páll kenndi Hebreum: „Í eitt skipti fyrir öll . . . eina fórn fyrir syndirnar . . . um aldur“ (Hebr 10:10, 12). Upp frá því átti fórnin að vera sundurkramið hjarta og sáriðrandi andi—iðrun.

Og páskahátíðin átti að vera ævarandi til minningar um sakramentið, þar sem við endurnýjum skírnersáttmála okkar og meðtökum það til minningar um líkama lambs Guðs og blóðs hans, sem hann hefur úthellt fyrir okkur.

Það er ekkert smávægilegt að tákn þetta komi aftur fyrir í Vísðómsorðinu. Auk loforðsins um að hinir hlýðnu heilögu þessarar kynslóðar, muni hljóta heilsu og mikinn þekkingarauð, er einnig þetta: „Ég, Drottinn, gef þeim fyrirheit um að engill tortímingarinnar muni leiða þá hjá sér, eins og börn Ísraels, og eigi deyða þá“ (K&S 89:21).

Ég get ekki af rósemd sagt ykkur hversu mikils virði friðþægingin er mér. Hún vekur mínar innilegustu tilfinningar þakklætis og skuldbindingar. Sál mín leitar hans, sem gerði hana að veruleika—


Krists, frelsara okkar, hvers ég er vitni. Ég vitna um hann. Hann er Drottinn okkar, frelsari og málsvari hjá föðurnum. Hann reiddi fram lausnargjaldið fyrir okkur með eigin blóði.

Í auðmýkt geri ég kröfu til friðþægingar Krists. Ég fyrirverð mig alls ekkert fyrir að krjúpa og tilbiðja föðurinn og son hans. Því *sjálfræðið* er mitt og þetta er það sem ég hef *valið* að gera! ■

### HEIMILDIR

1. *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 49.

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur“ (Jób 6:35).



# „Ég er vegurinn“

*Frelsarinn kenndi mikilvæga lexíu þegar hann sagði: „Ég er . . .“*

**DAVID A. EDWARDS**  
Kirkjutímaritin

**S**tundum þegar við lesum ritningarnar hljótum við minnisstæða reynslu þegar skilningur okkar lýkst skyndilega upp. Hafið þið til að mynda áttað ykkur á hversu oft Jesús segir orðin „ég er“ í Jóhannesarguðspjalli. Þegar Jesús sagði þetta, var hann yfirleitt að setja fram samlíkingu til að kenna fólki hver hann væri og hvað hann gerði fyrir það. Lítum nánar á sumar þessara samlíkinga og þið komist að heilmiklu um frelsarann.

## **Brauð lífsins**

*„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra, sem til mín kemur, og þann aldrei þyrsta, sem á mig trúir. . . . Ég er hið lifandi brauð, sem steig niður af himni. Hver sem etur af þessu brauði, mun lifa að eilífu“ (Jób 6:35, 51).*

Páskahátíðin er til minningar um frelsun Ísraelsmanna frá Egyptum og var þá venja að neyta ósýrðra bauða. Þegar dró að hátíðarhöldum þessum, gerði Jesús kraftaverk með því að fæða fimm þúsundirnar. Margir sem urðu vitni að þessu kraftaverki fylgdu honum, því hann hafði gefið þeim að borða, og því kenndi hann þeim að leita þeirrar fæðu „sem varir til eilífs lífs“ (Jób 6:27). Hann sagði þeim síðan frá manna og minnti þá á, að það hefði komið frá himnum til að fæða Ísraelsmenn í



eyðimörkinni. Hann sagði: „Ég er brauð lífsins,“ og hann sagði þeim frá hinni andlegu næringu sem himneskur faðir hefði sent með honum, sem og fyrirheitinu um eilíft líf sem hann færði þeim.

Síðar á páskahátíð notaði Jesús brauð til tákns um líkama sinn og hluta af sakramentinu. Þegar við meðtökum brauðið í viku hverri í sakramentinu, erum við minnt á Jesú Krist—fór hans, upprisu og loforðið um stöðuga andlega næringu fyrir samfélag heilags anda.

## **Ljós heimsins**

*„Ég er ljós og líf heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur bafa ljós lífsins“ (Jób 8:12).*

Jesús sagðist vera ljós heimsins þegar laufskálahátíðin stóð yfir. Á hverri nóttu yfir þessa hátíð voru ljós musterisins tendruð til tákns um ljós Guðs, sem sent er út um heiminn. Jóhannes sagði Jesú vera „hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, [sem kemur] í heiminn“ (Jób 1:9). Og með spámanningum Joseph Smith opinberaði Drottinn að ljós Krists væri „frá honum, sem lýsir upp augu yðar, það sama ljós, sem lífgar skilning yðar“ og sem „gefur öllu líf, [og] er lögmálið, er öllu stjórnar“ (K&S 88:11, 13).





Hugur okkar og andi er upplýstur fyrir tilverknað Jesú Krists. Ljós hans lýsir leið okkar, gerir okkur kleift að greina milli góðs og ills og vísar okkur leiðina til eilífs lífs.

### Hinn sanni vínviður

„Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört“ (Jób 15:5).

Jesús líkti sér við stofn vínviðartrés. Stofninn heldur ekki aðeins trénu rótstöðu, heldur ber hann einnig næringu til allra greinanna, sem bera svo ávöxt. Jesús Kristur er akkeri vonar okkar og hin andlega uppspretta næringar og vaxtar. Með honum hljóttum við nauðsynlegan styrk til að vera réttlát og láta gott af okkur leiða. Hann er einnig undirstaða kirkjunnar og frá honum



hefur hún valdsumboð til að prédika fagnaðarerindið og festa rætur um allan heim.

### Góði hirðirinn

„Ég er góði hirðirinn og þekki mína, og mínir þekkja mig“ (Jób 10:14).

Hirðir ber þá megin ábyrgð að sjá sauðum sínum fyrir vatni og næringu og halda þeim öruggum í hjörðinni. Hirðir ver einnig sauðina gegn hvers kyns hættum, svo sem villidýrum og þjófum. Hann þekkir hjörð sína og veit þegar einhvern sauðinn

vantar og fer þá til að leita hans. Sauðir hans eru undirgefnir honum og bera fullt traust til hans.

Jesús, góði hirðirinn, kallar á okkur þegar við villumst frá, og ef við lærum að hlýða raust hans, mun hann leiða okkur á örugga beitihaga sáluhjálpar og eilífs lífs og vernda okkur gegn hættum dauða og syndar.

### „Ég er“

„Jesús sagði við þá: Sannlega, sannlega segi ég yður: Áður en Abraham fæddist, er ég“ (Jób 8:58).

Jesús sagði í raun allt þegar hann einfaldlega sagði „ég er.“ Með því sagði hann að hann væri skapari heimsins og Jehóva, Guð Gamla testamentisins, og nafn hans merkir í raun „ég er“ (sjá 2 Mós 3:14).

Jesús er sonur Guðs, Messías og frelsari okkar, sem frelsar okkur frá synd og dauða. Við getum hlotið eilíft líf, vegna þess sem hann er og gerði fyrir okkur, og orðið það sem hann ætlar okkur að verða. ■

# „HVERN SEGIÐ ÞÉR MIG VERA?“

Frelsarinn spurði lærisveina sína þessarar spurningar og Pétur svaraði: „Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs“ (Matt 16:13–16). Hér eru svör ungs fólks hvarvetna um heim við þessari spurningu:

Jesús Kristur hefur gert svo mikið fyrir mig. Hann hefur gefið mér fjölskylduna mína og fagnaðarerindið. Hann hjálpar mér í námi mínu. Ég hef hlotið nokkra skólástyrki og trúi að hann hafi blessað mig á þann hátt. Ef hann hefði ekki komið til að sýna okkur hvernig lifa ætti lífinu, gætum við ekki snúið að nýju til föður okkar á himnum.

**Bryan N., 13 ára, Hondúras**

Ég veit að við munum rísa upp, vegna þjáninga og dauða frelsarans, og við getum frelsast andlega og líkamlega. Ég hef komist að því að við getum hlotið fyrirgefningu fyrir trú og iðrun.

**Joan O., 19 ára, Filippseyjum**

Fyrir löngu gekk maður um á þessari jörðu, maður sem snert hefur hjörtu milljóna—þar á meðal mitt. Það er Jesús Kristur. Friðþægingarfórn hans hefur áhrif á mig dag hvern. Hve undravert það er að vita að fyrir hans sár, getum við læknað af okkar sárum. Ég er að búa mig undir að þjóna í trúboði, vegna þess að ég veit að Jesús er Kristur, og vil miðla þeim íbúum heimsins fagnaðarerindinu sem enn hafa ekki upplifað hina óendanlegu elsku hans. Hann er frelsari og lausnari sálar minnar.

**Kristian M., 24 ára, Króatía**



Jesús Kristur gerði fyrir okkur það sem enginn annar hefði getað. Það var dásamleg stund þegar ég hlaut Aronsprestðæmið, því ég vissi að það var vilji Drottins. Ég var að fylgja fordæmi hans. Ég veit að hann mun halda áfram að leiða mig og fræða mig um veg sinn.

**Limhi G., 17 ára, Mexíkó**

Eftir lát móður minnar, varð lífið stöðugt óbærilegra. Ég fór loks til biskups míns til að fá leiðsögn. Það sem hann ráðlagði mér var ekki nákvæmlega það sem ég vænti, en það breytti lífi mínu. Hann hvatti mig til að setja traust mitt á himneskan föður með því að biðjast fyrir, lesa ritningarnar og reiða

mig á að frelsarinn yrði mér innan handar—reiða mig algjörlega á að hann létti byrði mína. Tveimur og hálfu ári síðar er mér ljóst að varanlegur friður stendur okkur öllum til boða, vegna þess hver frelsari okkar er og þess sem hann gerði fyrir okkur.

**Whitney W., 19 ára, Arísóna, Bandaríkjunum**



Ég veit að Jesús Kristur lifir. Hann elskar mig og gaf líf sitt fyrir mig. Hann er vinur minn. Kenningar hans gera mér kleift að líkjast honum. Hann er réttvís, fullkominn og kærleiksrikur. Hann þjáðist í Getsemane fyrir alla. Ég veit að hann er hinn lifandi Kristur, frelsari minn, bjargið mitt, Drottinn minn.

**Claudia R., 25 ára, Mexíkó**

Ég hef lært um Jesú Krist í Barnafélagi kirkjunnar allt frá því að ég var lítil telpa. Vitnisburður minn hefur styrkst frá því. Ég er nú í trúboði og nýt þess að geta miðlað fagnaðarerindinu og borið dag hvern vitni um Jesú Krist.

Þegar ég hugsa um frelsarann, og allt það sem hann hefur gert fyrir mig, þrái ég að komast nær honum. Ég er að tileinka mér það sem ég lærði sem barn. Mér finnst yndislegt að geta hjálpað öðrum að skynja elsku frelsara okkar Jesú Krists. Vitnisburður þessi er ekki orðin tóm—hann kemur frá hjartanu.

**Susana V., 21 árs, Tonga**



# Trú á Jesú Krist

ÖLDUNGUR RUSSELL M. NELSON  
í Tólfpostulasveitinni

**H**inn langi vegur sem það tók mig að verða læknir var aðeins byrjunin. Að honum loknum tók við margra ára starf á sjúkrahúsi, rannsóknarvinna, sérgreinarnám og staðfestingarpróf. Í kjölfarið fylgdi síðan margra ára kennsla, aðstoðarstarf og áskoranir hins nýlega kannaða sviðs hjartaaðgerða, sem allt varð til þess að auka lotningu mína fyrir uppbyggingu og starfsemi mannlíkamans. Ég var þess fullviss að sköpun hans væri af guðlegum toga.

## Hinn undraverði mannlíkami

Hugsíð ykkur hvernig mannlíkaminn verður til. Sköpun hans hefst á tveimur tímgunarfrumum—einni frá móðurinni og hinni frá föðurnum. Saman búa þessar frumur yfir öllum upplýsingum um það hvernig hinn nýi einstaklingur á að verða, varðveittar í svo litlu rými að ekki verður greint með berum augum. Ein ný fruma verður til af tuttugu og þremur litningum hvors foreldris. Þúsundir erfðavísa mynda þessa litninga, sem ákvarða líkamlegt atgerfi hins ófædda einstaklings.

Um það bil tuttugu og tveimur dögum eftir sameiningu þessara fruma, tekur örlítið hjarta að myndast. Á tuttugusta og sjötta degi tekur blóðrás að myndast. Frumur fjölga sér með skiptingu. Sumar mynda augu sem sjá, aðrar mynda eyru sem heyra eða fingur sem snert geta allt hið undursamlega umhverfis okkur.

Hvert líffæri er undraverð sköpun. Augað býr yfir sjálfstýrðri fjarlægðarlinsu. Taugar og vöðvar gera það að verkum að augun tvö geta dregið upp þrívíddarmyndir. Eyrnun breyta hljóðbylgjum í hljóma sem heilinn skynjar og les úr.

Í hjartanu eru fjórar finlegar lokur sem stjórna blóðflæðinu. Þær opnast og lokast yfir eitthundrað þúsund sinnum á hverjum degi—og þrjátíu og sex milljón sinnum á hverju ári. Þær geta haldið áfram um ómældan tíma að starfa þannig, ef sjúkdómur aftrar þeim þess ekki. Ekkert efni sem menn hafa búið til stenst slíkt álag um svo langan tíma án þess að bresta. Dag hvern dælir hjarta fullvaxins manns svo miklu blóði að það gæti fyllt 7.570 lítra tank. Efst á hjartanu myndast



*Máttug trú á Drottin leiðir til algjörtrar trúarumbreytingar og fullkominnar skuldbindingar við hans heilaga verk.*

## LIFA EFTIR BOÐORÐUM HANS

Jesú Kristur er hinn sanni vegur, brauð lífsins. Það var hann sem fegraði alla sköpunina til hagsældar og viðurværis mannkyni. Hann er mestur meðal allra sköpunarverka Guðs, hinn eingetni sonur í holdinu og frumgetinn í andanum. Faðirinn hefur sýnt öllum hina miklu elsku sína með honum.

Allt mitt líf hef ég hlotið fjölmargar blessanir fyrir trú mína á Jesú Krist og einkum á hina helgu friðþægingu—háleitasta verk Drottins. Ég reyni að sýna elsku mína til hans með því að halda boðorð hans.

Við hjónin erum nú fulltrúar Jesú Krists og þjónum í fastatrúboði. Það felst dásamleg gleði í því að prédika fagnaðareriendi Jesú Krists og bjóða fólki að koma til hans og taka á móti honum sem frelsara þess.

**Fiorino Berardo, Argentínu**

rafstraumur sem fluttur er eftir sérstökum leiðslum til að samhæfa hreyfingar aragrúa smárra vöðva.

Hugsíð ykkur hvernig varakerfi líkamans virkar. Hver líffærasamstæða tekur við virkni hinnar, ef hún bregst af einhverjum ástæðum. Blóði er veitt til einstæðra líffæra, til að mynda heila, hjarta og lifur, eftir tveimur leiðum. Það er til að verja líffærið, ef blóðflæði stöðvast eftir annarri leiðinni af einhverjum ástæðum.

Hugsíð ykkur hvernig varnarkerfi líkamans virkar. Líkaminn er varinn gegn skaða með sársaukaskynjun. Hann framleiðir mótefni til að verjast sýkingu. Það ræðst ekki aðeins þegar í stað gegn vandanum, heldur eflir það líka varnarkerfið gegn frekari sýkingu í framtíðinni.

Hugsíð ykkur hvernig líkaminn læknar sig sjálfan. Brotin bein gróa saman og verða aftur heil. Hörundssár gróa og læknast. Æðar lokast sem hafa rofnað. Líkaminn endurnýjar ónothæfar frumur.

Líkaminn stillir sína eigin nauðsynlegu virkni. Stöðugt er verið að stilla og aðlaga hina nauðsynlegu innri þætti líkamans. Og þrátt fyrir miklar hitabreytingar í umhverfinu, er hitastig líkamans vandlega stillt innan þröngra marka.

Í gegnum árána reynslu hef ég komist að því að lækning á sér aðeins stað þegar öllum lögmálum er hlítt sem þeirri blessun eru bundin.<sup>1</sup> Samsetning og virkni líkamans eru háð lögmálum. Ritningargrein staðfestir það: „Og hverju ríki er gefið lögmál og hverju lögmáli fylgja ákveðin takmörk og einnig skilyrði.“<sup>2</sup>

Vísindamenn í mörgum geirum verða varir við álíka birtingu lögmála og reglna, og þar má nefna hin fyrirséðu sjávarföll, feril tunglsins eða staðsetningu stjarnanna í

## HVAÐ ER TRÚ?

**Alma kenndi: „Ef þið . . . eigið trú, þá hafið þið von um það, sem eigi er auðið að sjá, en er sannleikur“ (Alma 32:21). Trú er grundvallarregla verka og máttar. Þegar við keppum að verðugu marki, iðkum við trú. Við sýnum að við vonum eitthvað sem við fáum ekki séð.**

**Trú á Jesú Krist getur hvatt ykkur til að fylgja fullkomnu fordæmi hans (sjá Jóh 14:12). Hún getur leitt ykkur til góðra verka, að halda boðorðin og iðrast**



**synda ykkar (sjá Jakbr 2:18; 1 Ne 3:7; Alma 34:17). Að eiga trú á Jesú Krist þýðir að reiða sig algjörlega á hann—að reiða sig á ótakmarkaðan kraft hans, vitsmuni og elsku. Í henni felst trú á kenningar hans. Í henni felst trú á að jafnvel þótt við skiljum ekki alla hluti þá gerir hann það.**

**Trúin verður að hafa Drottin að þungamiðju til þess að hún leiði til sálhjálp (sjá Post 4:10–12; Mósía 3:17). Við iðkum trú á Krist þegar við (1) vitum að hann lifir, (2) höfum réttan skilning á eiginleikum hans og (3) sækjumst eftir því að gera vilja hans.**

Úr True to the Faith (2004), „Faith,“ 54–56.

himingeimnum. Öll slík sköpun er háð lögmáli og reglu. Lögmál þessi er hægt að skilja og skilgreina. Mögulegt er að mæla afleiðingar þeirra. Slík regla ber vitni um máttugan skapara.<sup>3</sup>

Trú er aftur á móti ekki mælanleg. En samhengið á milli trúar á Guð og lögmáls og reglu alheimsins er opinberað í ritningunum:

„[Guð] hefur gefið öllu lögmál, sem stjórnar hreyfingu þess á sínum tíma og sínu skeiði—

Og brautir þeirra eru ákveðnar, já, brautir himna og jarðar, sem umlykja jörðina og allar reikistjörnurnar.

Sjá, allt eru þetta ríki, og sérhver maður, sem hefur séð eitthvert þeirra eða hið minnsta þeirra, hefur séð Guð hreyfa sig í hátígn sinni og veldi.<sup>4</sup>

### Guðleiki sköpunarinnar

Ritningarnar greina frá því að himinninn, jörðin og allt sem á henni er, hafi verið guðlega skapað.<sup>5</sup> Ritningarnar gera okkur einnig kleift að vita meira um samvinnu Guðs og sonar hans Jesú Krists við sköpunina. Í fyrsta texta Biblíunnar segir: „Í upphafi skapaði Guð himin og jörð,<sup>6</sup> og „Guð skapaði manninn eftir sinni mynd, . . . hann skapaði þau karl og konu.<sup>7</sup> Í bók Abrahams segir: „Og guðirnir fóru niður til að skipuleggja mann í sinni eigin mynd, í mynd guðanna mótuðu þeir hann, karl og konu mótuðu þeir þau.<sup>8</sup>

Ritningarnar greina okkur frá tilfinningum



himnesks föður til síns ástkæra sonar og sérhvers manns: „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.<sup>9</sup>

Bók Jóhannesar hefst á þessari yfirlýsingu: „Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð.

Hann var í upphafi hjá Guði.

Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er.<sup>10</sup>

Þetta ritningarvers merkir að Orð<sup>11</sup> Guðs sé Jesús Kristur—persónulegur erindreki Guðs í yfirstjórn þessa alheims og skapari alls lífs.

Sú staðreynd var staðfest Móse af föður okkar á himnum, er hann sagði:

„Og ég hef skapað það með orði krafts míns, sem er minn eingetni sonur, fullur náðar og sannleika.

**Öll sköpun er háð lögmáli og reglu, og þar má nefna hin fyrirséðu sjávarföll, feril tunglsins eða staðsetningu stjarnanna í himingeimnum. Slík regla ber vitni um máttugan skapara.**

Ótal heima hef ég skapað og ég skapaði þá einnig í eigin tilgangi, og ég *skapaði þá með syninum*, sem er minn eingetni.“<sup>12</sup>

Mörg önnur ritningarvers staðfesta að Jesús Kristur sé skaparinn, undir forsjá föðurins.<sup>13</sup> Eitt það áhrifamesta er hans eiginn vitnisburður: „Sjá! Ég er Jesús Kristur, sonur Guðs. Ég skapaði himnana og jörðina og allt, sem í þeim er. Ég var með föðurnum frá upphafi.“<sup>14</sup>

Það, sem menn vona, sannfæring um þá hluti, sem eigi er auðið að sjá.“<sup>16</sup> Hann sagði einnig: „Megi [Kristur] fyrir trúna búa í hjörtum yðar og þér verða rótfestir og grundvallaðir í kærleika. Þá fáið þér . . . skilið, . . . [kærleika] Krists.“<sup>17</sup> Páll sárbað: „Verum allir einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs.“<sup>18</sup>

**M**áttug trú á Drottin leiðir til trúarumbreytingar, gjörbreytingar hjartans, hugarfarsbreytingar, frá því sem heimsins er til þess sem Guðdómsins er.

#### Máttug trú á Jesú Krist

Það krefst máttugar trúar að samþykkja þá hugmynd. Trú er grundvöllur persónulegs vitnisburðar. Fyrsta regla fagnaðarerindisins er trú á Drottin Jesú Krists.<sup>15</sup> Páll sagði: „Trúin er fullvissa um



Í Mormónsbók segir: „Vér erum lifandi gjörð í Kristi trúar vorrar vegna. . . . Og vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér spáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna.“<sup>19</sup>

Þær blessanir sem spretta af trú á hann eru einnig opinberaðar í Mormónsbók. Í henni lesum við:

„Þess vegna verðið þér að sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu vonarljósi og ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækið fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig

fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf.“<sup>20</sup> En sú gjöf er „mest allra gjafa Guðs.“<sup>21</sup>

Máttug trú á Drottin leiðir til algjörrar trúarumbreytingar og fullkominnar skuldbindingar við hans heilaga verk. Við verðum börn sáttmálans; við verðum börn hans. Ritningarnar staðfesta: „Vegna sáttmálans, sem þér hafið gjört, skuluð þér nefnast börn Krists, synir hans og dætur hans. Því að sjá. Á þessum degi hefur hann getið yður andlega, því að þér segið, að hjörtu yðar hafi breyst fyrir trú á nafn hans. Þess vegna eruð þér af honum fædd og eruð orðin synir hans og dætur hans.“<sup>22</sup>

Máttug trú á Drottin leiðir til trúarumbreytingar, gjörbreytingar hjartans,<sup>23</sup> hugarfarsbreytingar, frá því sem heimsins er til þess sem Guðdómsins er. Hún knýr menn til að iðrast af „hjáttans einlægni.“<sup>24</sup> Og Alma bætti við: „Boðuðu henni iðrun og trú á Drottin Jesú Krist. Kenndu henni að vera auðmjúk og hógvær og af hjarta lítillát. Kenndu henni að standast allar

## GJÖRBREYTING HJARTANS

Að loknum hjúkrunarskólanum hóf ég störf við annasama barnadeild á sjúkrahúsi. Ég hafði löngun til að læra, afla mér reynslu og sanna mig fyrir sjálfri mér. Ég gat þó ekki ímyndað mér að starfið yrði jafn erfitt og raunin varð—bæði líkamlega og tilfinningalega. Ég fékk engan veginn skilið hvers vegna svo mikil mannvonska væri í heiminum, að jafnvel foreldrar gætu valdið barni sínu ómældum skaða. Ég fékk heldur ekki skilið hvers vegna Guð leyfði að börn dæju. Eftir eins mánaðar starf á sjúkrahúsinu, var ég úrvinda.

Ég komst svo að því að meðlimir í fjölskyldu minni voru að hlýða á kennslu túboða Síðari daga heilagra. Vaktirnar mínar voru langar og því átti ég ekki kost á að hlýða á kennslu þeirra. Að því kom að móðir mín og systir skírðust, og mér fannst ég skilin eftir með spurningar og óunnin úrlausnarefni. Þótt fjölskylda mín reyndi að koma því í kring að ég hitti túboðana, vildi ég ekki ræða við þá. En eitt sinn þegar systir Johnson og systir Marchuk komu í heimsókn, tók ég þátt í umræðum þeirra. Næst þegar þær komu kenndu þær mér andlega lexíu sem veitti mér svör við þeim spurningum sem ég hafði lengi velt fyrir mér. Að því kom að ég var skírð og staðfest.

Ég hef fundið styrk í trú minni á Jesú Krist, frá því að ég varð meðlimur í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Ég hef aftur og aftur upplifað mátt bænarinna og mér finnst ég hafa farið úr myrkri í ljós. Sex ár í kirkjunni hafa veitt mér sannfæringu um að Jesús Kristur er frelsari minn. Og vegna Jesú Krists gefst mér nú kostur á að komast nær himneskum föður.

**Nadezhda Kusnetsova, Rússlandi**

freistingar djöfulsins, með trú sinni á Drottin Jesú Krist.“<sup>25</sup>

Mormónsbók er meðal annars ætlað að sannfæra Gyðingana og Þjóðirnar um að Jesús er Kristur, hinn eilífi Guð.<sup>26</sup> Þeir sem lesa Mormónsbók og spyrja í trú hvort bókin sé sönn, munu hljóta vitnisburð um sannleika hennar. Þeir mun einnig „fá að vita . . . að Jesús Kristur er frelsari heimsins, að Joseph Smith er opinberari hans og spámaður á þessum síðustu dögum.“<sup>27</sup>

## Trú á Jesú Krist: Nauðsynleg til sáluhjálpar og upphafningar

Trú á Jesú Krist færir okkur ekki aðeins blessanir í þessu lífi, heldur er hún nauðsynleg fyrir eilífa sáluhjálpar og upphafningu. Ritningarnar segja: „Allir menn verða að iðrast og trúa á nafn Jesú Krists og tilbiðja föðurinn í hans nafni og standa stöðugir í trú á nafn hans allt til enda, ella geta þeir eigi frelsast í Guðs ríki.“<sup>28</sup> Drottinn gerir foreldra ábyrga fyrir að kenna börnum sínum „trú á Krist, son hins lifanda Guðs.“<sup>29</sup>

Ég ber vitni um að Jesús er Kristur, sonur lifandi Guðs. Hann er skapari okkar, frelsari og lausnari,<sup>30</sup> málsvári hjá föðurnum,<sup>31</sup> bjarg okkar,<sup>32</sup> og Jehóva Gamla testamentis.<sup>33</sup> Hann er hinn fyrirheitni Immanúel,<sup>34</sup> hinn smurði Messías,<sup>35</sup> og okkar mikla eftirdæmi.<sup>36</sup> Dag einn mun hann koma að nýju og ríkja og ráða sem konungur konunga og Drottinn drottna.<sup>37</sup> Við munum að lokum standa frammi fyrir honum á dómsdegi.<sup>38</sup> Ég bið þess að trú okkar allra á hann verði ásættanleg. ■

### HEIMILDIR

1. Kenning þessi var staðfest af Drottni er hann sagði: „Þegar við öðlumst einhverja blessun frá Guði, þá er það fyrir hlýðni við það lögmál, sem sú blessun er bundin“ (K&S 130:21).
2. K&S 88:38.
3. Sjá Alma 30:44.
4. K&S 88:42–43, 47.
5. Sjá Kól 1:16; HDP Móse 4:2, 9; 5:15; Alma 18:28; 22:10; HDP Móse 3:5.
6. 1 Mós 1:1.
7. 1 Mós 1:27.
8. Abr 4:27.
9. Jóh 3:16.
10. Jóh 1:1–3.
11. Á grísku: *Logos* (merkir „Orð“) er önnur nafngift Jesú Krists.
12. Mósía 1:32–33; leturbreyting hér.
13. Sjá Ef 3:9; Mósía 3:8–11; He 14:12; Morm 9:8–14.
14. 3 Ne 9:15. Drottinn sagði jafnframt: „Sjá, ég er Jesús Kristur, sonur hins lifanda Guðs, sem skapaði himna og jörð, ljós, sem ekki er unnt að dylja í myrkrinu“ (K&S 14:9).
15. Sjá Trúaratriðin 1:4.
16. Hebr 11:1.
17. Ef 3:17–19.
18. Ef 4:11–13; sjá einnig Gal 3:26–29.
19. 2 Ne 25:25–26.
20. 2 Ne 31:20; sjá einnig Enos 1:8; Mósía 3:12.
21. K&S 14:7.
22. Mósía 5:7.
23. Sjá Alma 5:12–14.
24. 2 Ne 31:13; sjá einnig Jakob 6:5; Mósía 7:33; 3 Ne 10:6; 12:24; 18:32.
25. Alma 37:33; sjá einnig Morm 9:37; Moró 7:25–26, 33–34, 38–39.
26. Sjá titilsíðu Mormónsbókar.

## TRÚ BARN

Ég einsetti mér að fara fótgangandi á stikuráðstefnu, ásamt syni mínum sem þá var 8 ára gamall, og tæki það mig um 30 til 40 mínútur. Að liðnum 20 mínútum uppgötvaði ég að ég vissi ekki lengur hver stefna okkar ætti að vera. Sonur minn, Elson, sem alltaf talar mikið, hafði sagt mér sögur af einhverju sem gerðist í skólanum eða á heimilinu. Ég bað hann að þagna um stund og út-skýrði að ég þyrfti að hugsa málið, því ég óttaðist að við værum orðnir villtir.

Þegar hér var komið var sonur minn mér fordæmi um trú. Hann lagði til að við færum með bæn. Ég sem bjó yfir allri visku hinna fullorðnu (og var orðinn svolítið óþolinmóður vegna þess að ráðstefnan færi að hefjast) svaraði að ef hann vildi fara með bæn, gæti hann gert það—ég hugðist aftur á móti hugsa málið. Ég hugsaði með mér: „Það er sumt sem við þurfum ekki að leita til Drottins með og að finna leiðina til kapellunnar er eitt af því.“

Elson kenndi mér lexíu um auðmýkt, líkt og hann hefði lesið hugsanir mínar, og sagði: „Hvers vegna viltu endilega gera þetta svona erfitt?“ Þessu næst varð hann þögull og mér varð ljóst að í huga sínum og hjarta færi hann með bæn. Nokkrum mínútum síðar sáu við kapelluna og mér varð ljóst að hann hefði verið bænheyrður.

Við, sem Síðari daga heilagir, njótum blessana af því að vera þegnar kirkju Jesú Krists. Vitnisburður minn um sannleiksgildi hins endurreista fagnaðarerindis styrktist þegar mér varð ljóst að sonur minn, sem enn var aðeins barn, vissi hvernig virkja átti reglu trúar, og sýndi mér með fordæmi sínu hvernig lifa ætti eftir kenningum Jesú Krists.

**Elson Carlos Ferreira, Brasilía**

27. Formáli Mormónsbókar.
28. K&S 20:29.
29. K&S 68:25; sjá einnig HDP Móse 6:57–62.
30. Sjá Jes 49:26; 60:16; 1 Ne 21:26; 2 Ne 6:18.
31. Sjá K&S 29:5; 110:4.
32. Sjá 2 Sam 22:2; K&S 138:23.
33. Sjá K&S 110:3.
34. Sjá Jes 7:14.
35. Sjá 2 Ne 25:14–19.
36. Sjá Jóh 13:15; 3 Ne 27:21.
37. Sjá Op 17:14; 19:16.
38. Sjá Op 20:12; 1 Ne 15:33; 2 Ne 9:22, 44; 28:23; Alma 5:15; 3 Ne 27:14; Morm 3:20; 9:8–14.

# Trú Emilios

*Djákni sýndi mér—biskupnum—hvað í því felst „að hafa trú til að lækna“.*

RAMON RAMIREZ

Fyrir nokkrum mánuðum, varð Emilio, einn af djáknunum okkar, skyndilega veikur. Læknunum tókst ekki að sjúkdómsgreina hann. Bæði hann og móðir hans urðu óttaslegin, því honum hrakaði jafnt og stöðugt. Móðir hann fór með hann á sjúkrahúsið nokkrum sinnum, en fékk engin svör.

Móðir Emilios fór með hann í samkomuhúsið til að biðja um

prestðemisblessun fyrir hann. Einn bræðranna í öldunga-sveitinni og ég, biskup hans, nutum þeirra forréttinda að veita honum blessun og loks tók hann að sofa vel á næturnar.

Nokkrum dögum síðar frétti ég þó að Emilio hefði hrakað að nýju og því farið aftur á sjúkrahúsið. Ég og annar bróðir fórum á sjúkrahúsið og fengum að fara inn á stofuna til hans. Ég taldi fyrir fram að líklega yrði Emilio niðurdreginn yfir að hafa hrakað aftur og gladdist því yfir því sem næst gerðist.

Við ræddum um Jesú Krist og útskýrðum að frelsarinn hefði máttinn til að bæta allt samkvæmt eigin vilja. Það sem

Emilio sagði næst, snerti okkur mjög: „Biskup, þetta er eins og hver önnur prófraun. Ég trúi að þetta líði brátt hjá, því ég trúi á Jesú Krist.“ Við lögðum hendur á höfuð hans og veittum honum aftur blessun.

Eftir þessa nótt náði Emilio ótrúlegum og algjörum bata. Hann hafði styrk til að takast á við dagleg verkefni og fara í kirkju án erfiðleika.

Emilio sýndi nægilega trú á frelsarann til þess að hann gæti gert samskonar kraftaverk á honum og hann gerði þegar hann var á jörðinni. Mér finnst Emilio gott dæmi um þá sem Drottinn sagði um: „Sumum er gefin trú til að lækna“ (K&S 46:19).

Það er dásamlegt að njóta þeirra forréttinda að nota prestdæmið í lífi okkar og eiga vitneskju um að við eigum himneskan föður sem elskar okkur, og að við getum fyrir trú á son hans upplifað kraftaverk á þessum síðari tímum. ■

# Friðþæging Jesú Kristis



*Friðþæging hins eingetna sonar Guðs er undirstaða allra kristinna kenninga og æðsta tjáning guðlegs kærleika sem sýndur hefur verið heiminum.*

**ÖLDUNGUR JEFFREY R. HOLLAND**  
í Tólfpostulasveitinni

## Í Getsemanegarðinum

Þegar öldungur Orson F. Whitney (1855–1931), sem síðar þjónaði í Tólfpostulasveitinni, var ungur trúboði dreymdi hann draum sem var svo áhrifamikill að hann breytti lífi hans varanlega. Síðar ritaði hann:

„Kvöld eitt dreymdi mig . . . að ég væri í Getsemanegarðinum og væri vitni að kvöl frelsarans. . . . Ég stóð á bak við tré. . . . Jesús, og einnig Pétur, Jakob og Jóhannes, gengu inn um lítið hlið mér til hægri handar. Jesús yfirgaf postulana þrjá, eftir að hafa sagt þeim að krjúpa og biðja, og fór yfir í hinn enda garðsins. Þar kraup hann á kné og baðst fyrir . . . : „Faðir minn, ef verða má, þá fari þessi kaleikur fram hjá mér. Þó ekki sem ég vil,





fullkomlega kunnugur útliti hans—  
 ásjónu, lögun og fasi. Hann var göfuglyndur  
 og tiginmannlegur í yfirbragði . . . já, hann var  
 og er Guð, en samt var  
 hann blúgur sem barn.

Skyndilega breyttust  
 aðstæður. . . . Sviðið var  
 nú eftir krossfestinguna  
 og frelsarinn stóð

heldur sem  
 þú vilt.’

Þegar hann baðst fyrir  
 streymdu tárin niður vanga  
 hans, en andlit hans sneri að mér. Ég  
 var svo hræður við þessa sjón að ég grét einnig, af  
 hreinni samúð. Hjarta mitt var altekið. Ég unni honum  
 af allri sálu minni og þráði að vera hjá honum, heitar en  
 nokkuð annað.

Þá reis hann á fætur og gekk til postulanna—en þeir  
 voru sofandi! Hann ýtti blíðlega við þeim, vakti þá með  
 ávitunartón, en þó án nokkurrar reiði eða ópolinmæði og  
 spurði þá raunamæddur, hvort þeir gætu ekki vakaði með  
 sér eina stund. . . .

Hann sneri aftur til fyrri staðar, baðst fyrir að nýju og  
 kom svo aftur að þeim sofandi. Aftur vakti hann þá, ávítaði  
 þá og sneri að nýju til fyrri staðar til að biðjast fyrir líkt og  
 áður. Þrisvar sinnum gerði hann þetta, þar til ég var orðinn

ásamt þessum þremur postulum mér til  
 vinstri handar. Þeir voru í þann mund að  
 stíga upp til himins. Ég þoldi ekki lengur við.

Ég hljóp út undan trénu, féll að fótum hans, vafði örmum  
 um kné hans og grátbað hann um að taka mig með sér.

Ég gleymi aldrei ljúfum og blíðum viðbrögðum hans, er  
 hann beygði sig niður að mér, reisti mig upp og vafði mig  
 örmum sínum. Þetta var svo skýrt og raunverulegt að ég  
 fann ylinn af faðmlagi hans. Hann sagði síðan: ‚Nei, sonur  
 minn, þessir hafa lokið starfi sínu og geta því farið með  
 mér, en þú verður að vera áfram til að ljúka þínu.‘ Samt  
 vildi ég ekki sleppa honum. Ég leit upp á ásjónu hans—því  
 hann var hærri en ég—og sárbað hann af einlægni: ‚En

HVÍL ÞIG. EFTIR WALTER BANE. ÖHEIMIT AÐ AFRTA. VERÐI ÞINN VILJI EN EKKI MINNI. EFTIR HARRY ANDERSON. BIRT MÍÐ  
 LEYFI KRÍKJÓU SJÓUNDA DAGS. AÐVENTISTA. ÖHEIMIT AÐ AFRTA. LÖSAMYND AF PÁSKALLUM EFTIR MATTHEW REER.



### Hvers vegna friðþæging?

Þessi ljúfa og persónulega frásögn um hina kærleiksríku fórn frelsarans, er vel við hæfi er fjalla á um þýðingu friðþægingar Jesú Krists. Vissulega er friðþæging hins eingetna sonar Guðs í holdinu undirstaða allra kristinna kenninga

og æðsta tjáning guðlegs kærleika sem sýndur hefur verið heiminum. Í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu verður ekki lögð nóg samleg áhersla á mikilvægi hennar. Allar aðrar kenningar, boðorð og dyggðir hins endureista fagnaðarerindis hvíla á þeim mikilvæga atburði.<sup>2</sup>

Friðþægingin var forvígð og hinn eingetni sonur Guðs framkvæmdi hana sjálfviljugur, þar sem hann bauðst til að fórna eigin lífi og líða þjáningar til að reiða fram gjaldið fyrir áhrifin af falli Adams á allt mannkyn og persónulegar sýndir allra sem iðrast.

Bókstafleg merking enska hugtaksins *Atonement* (friðþæging) segir sig sjálf: At-one-ment, sem merkir að laga það sem

**F**riðþægingin var ómissandi vegna þess að fall Adams innleiddi tvenns konar dauða í heiminn.

viltu lofa mér því að ég komi að því loknu til þín.‘ Hann brosti blíðlega og svaraði: ‚Það er algjörlega undir þér sjálfum komið.‘ Ég vaknaði með ekka í brjósti og dagur var upp runninn.“<sup>1</sup>



aflaga hefur farið eða færa það í fyrra horf. Friðþæging Jesú Krists var ómissandi vegna aðskilnaðarbrotsins, eða falls Adams, sem innleiddi tvenns konar dauða í heiminn, þegar Adam og Eva neyttu af skilningstré góðs og ills.<sup>3</sup> Líkamlegur dauði er aðskilnaður anda og líkama og andlegur dauði er aðskilnaður bæði anda og líkama frá Guði. Fallið kallaði báðar þessar tegundir dauða yfir alla menn sem fæðast á jörðinni. En við verðum að hafa í huga, að fallið var nauðsynlegur þáttur í guðlegri áætlun himnesks föður. Án þess hefði Adam og Evu ekki verið fært að geta jarðnesk börn og mannkynið hefði því ekki átt kost á að takast á við andstæður og framþróun, siðferðislegt sjálfræði og gleði upprisu, endurlausnar og eilífs lífs.<sup>4</sup>

Þörfin fyrir fallið og friðþægingu til að bæta fyrir það, var útskýrð í fortílverunni á stórþingi himins, þar sem allt mannkyn var samankomið og Guð faðirinn stjórnaði. Það var á þessu stórþingi himins sem Kristur bauð sig fram til að heiðra siðferðislegt sjálfræði alls mannkyns með því að friðþæga fyrir syndir þess. Í því ferli myndi hann veita föðurnum alla dýrd þeirrar endurleysandi elsku.<sup>5</sup>

Þessi algjöra friðþæging Krists var möguleg vegna þess að (1) hann var eini syndlausi maðurinn sem nokkurn tíma myndi lifa á þessari jörðu og var því ekki háður þeim andlega dauða sem rakinn er til syndar, (2) hann var hinn eingetni föðurins og í honum bjuggu því eiginleikar guðdæmis, sem veitti honum vald yfir

## VERA VIÐ HLIÐ HANS

Fyrir um það bil fimm árum rétti Drottinn út hönd sína til mín og fagnaðarerindið breytti lífi mínu. Þökk sé friðþægingu hans að ég var leystur undan ákvörðunum fyrri tíðar og upplifði í hjarta mínu kraftaverk fyrirgefningar.

Jesús Kristur er við hlið okkar og styrkir okkur dag hvern, ef við erum verðug. Hann afmáir ekki aðeins syndir okkar og gleymir þeim, heldur lýsir ljós hans okkur einnig í leik og starfi.

Hann er frelsari okkar, sonur Guðs. Elska hans á sér engin takmörk. Ef við lifum líkt og hann vill að við lifum, munum við miðla elsku hans og eiga þá von að geta dvalið hjá honum og himneskum föður að eilífu.

**Marie Monjusian, Frakklandi**

líkamlegum dauða<sup>6</sup> og (3) hann var augljóslega sá eini á stórþinginu í fortílverunni sem var nægilega auðmjúkur og fús til að verða forvígður til þessarar þjónustu.<sup>7</sup>

## Gjafir friðþægingar Krists

Sumar gjafir sem friðþægingin gerir að veruleika eru algjörar, altækar og án allra skilyrða. Þar má nefna lausnargjaldið fyrir upphaflegt brot Adams, svo að enginn meðal mannkyns þyrfti að standa skil á þeirri synd.<sup>8</sup> Önnur altæk gjöf er upprisa allra manna, karla, kvenna og barna, frá dauðum, sem nokkurn tíma hafa eða munu lifa á jörðinni.

Ýmsilegt annað sem snýr að gjöf friðþægingar er skilyrðum háð. Má þar nefna kostgæfni manna við að halda boðorð Guðs. Þótt öllum sem tilheyra mannkyni sé til að mynda gefið það að þurfa ekki að gjalda fyrir synd Adams, án þess að leggja nokkuð á sig, eru þeim ekki gefnar upp eigin syndir, nema því aðeins að þeir sýni trú á Krist, iðrist þeirra synda, séu skírðir í hans nafni, taki á móti heilögum anda og staðfestingu í kirkju Krists og haldi síðan áfram af trúfesti allt til enda lífs síns. Kristur sagði um þessa persónulegu áskorun:

„Því að sjá, ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast—



**Upprisa líkamans er endurgjaldslaus og altæk gjöf, sem á rætur að rekja til sigurs frelsarans yfir dauðanum. Hún er ein af hinum óskilyrðisbundnu blessunum sem náð Krists gerir mögulega.**

En iðrist þeir ekki, verða þeir að þjást, alveg eins og ég.<sup>49</sup>

Þótt upprisa líkamans sé endurgjaldslaus og altæk gjöf Krists, eða það sem sigur hans yfir dauðanum hefur í för með sér, verður eðli upprisinna líkama manna (eða sú „dýrðargráða“ sem þeir hljóta), sem og tímasetning upprisu þeirra í líkamanum, háð því hversu trúfastir þeir voru í lífinu. Páll postuli gerði til að mynda ljóst, að þeir sem væru fyllilega trúfastir Kristi munu „fyrst upp rísa“<sup>10</sup> í upprisunni. Í nútíma opinberun er gerð grein fyrir mismunandi reglu hinna upprisnu líkama,<sup>11</sup> og þar er þeim sem halda sér fast að reglum og helgiathöfnum fagnaðarerindis Jesú Krists heitið æðstu dýrðargráðunni.<sup>12</sup>



Auðvitað standa hvorki hinar óskilyrðisbundnu, né hinar skilyrðisbundnu blessanir friðþægingarinnar, til boða nema fyrir náð Krists. Hinar óskilyrðisbundnu blessanir friðþægingarinnar eru augljóslega óverðskuldaðar og hinar skilyrðisbundnu eru heldur ekki fyllilega verðskuldaðar.

Menn geta, með því að vera trúfastir og halda boðorð Guðs, hlotið aukin forréttindi, en þeim er samt veitt að vild, án þess að hafa í raun verðskuldað það. Í Mormónsbók er lögð áhersla á það að „ekkert hold [geti] dvalið í návist Guðs nema fyrir verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar.“<sup>13</sup>

Fyrir þessa sömu náð sér Guð litlum börnum fyrir sáluhjálp, þeim sem eru hugarfarslega heftir, þeim sem lifað hafa án þess að þekkja fagnaðarerindi Jesú Krists o.s.frv. Slíkir verða endurleystir fyrir hinn altæka



mátt friðþægingar Krists og mun gefast kostur á að taka á móti fyllingu fagnaðarerindisins eftir dauðann, í andaheiminum, þar sem andar mannanna dvelja og bíða upprisunnar.<sup>14</sup>

### Þjáningar og sigur

Þegar hinn syndlaus Kristur hóf að takast á við friðþæginguna, fór hann í Getsemane, líkt og öldungur Whitney sá í draumi sínum, og þoldi þar sálarangist sem aðeins hann megnaði að bera. Þar „setti að honum ógn og angist,“ og hann sagði við Pétur, Jakob og Jóhannes: „Sál mín er hrygg allt til dauða.“<sup>15</sup> Hvers vegna? Vegna þess að hann bar „þjáningar allra manna, já, þjáningar hvernar lifandi veru, bæði karla, kvenna og barna, sem tilheyra fjölskyldu Adams.“<sup>16</sup> Hann leið „freistingar, líkamlegan sársauka, hungur, þorsta og þreytu, meir en maðurinn fær þolað, nema fjörtjón hljótist af. Því að sjá. Blóð [draup] úr hverri

## UPPRISUNNAR VÆNST

Þegar ástkær eiginkona mín fór á fund himnesks föður, þurftu ég og börnin að verða okkur úti um hentugan legstein. Í því verkefni mætti ég andstöðu er ég hugðist hafa orðið *hvíldarstaður* á legsteininum. Orð þetta var ekki í samræmi við gildandi reglur kirkjugarðsins.

Í kjölfarið fylgdi stífni og orðaskak. Á einhverjum tímapunkti spurði prestur þeirrar kirkju sem átti garðinn nánar um merkingu hugtaksins. Ég bar vitni um að ég tryði bókstaflega á upprisu líkamans og vitnaði í frelsarann: „Allir þeir, sem í gröfunum eru, munu heyra raust hans og ganga fram, þeir, sem gjört hafa hið góða, munu rísa upp til lífsins“ (Jóh 5:28–29). Ég bar vitni um að gröfin væri helgur *hvíldarstaður* fram að upprisunni.

Presturinn kom þá með innblásna tillögu: „Láttu grafa þannan texta á legsteininn: „Hér hvíla jarðneskar leifar Lehmann fjölskyldunnar, sem væntir upprisunnar.““ Og það var gert. Þannig varð vitnisburður minn meitlaður í stein.

**Rudolf Lehmann, Þýskalandi**

svitaholu, svo mikil [var] angist hans.“<sup>17</sup>

Með þessum þjáningum endurleysti Jesús sálir allra karla, kvenna og barna, „svo að hjarta hans [fylltist] miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann [mætti] vita í holdinu, hvernig fólki hans [yrði] best liðsinnt í vanmætti þess.“<sup>18</sup> Með því að gera það „sté [Kristur] neðar öllu“—þar á meðal sjúkdómum, hrumleika og sérhverri djúpri örvæntingu sem menn fá upplifað, svo hann gæti „[skynjað] . . . alla hluti, svo að hann gæti í öllu og með öllu verið ljós sannleikans.“<sup>19</sup>

Algjör einmanaleikinn og óbærilegur sársauki friðþægingarinnar hófst í Getsemane og náði hátindi, eftir hina ólýsanlegu misþyrmingu rómversku hermanna og annarra, er Kristur hrópaði á krossinum: „Elí, Elí,

lama sabaktaní! Það þýðir:

Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“<sup>20</sup> Svo mikil var angistin að jafnvel jörðin hristist. „Og . . . myrkur varð um allt land . . . því sólin missti birtu sinnar.“<sup>21</sup> „Þá rifnaði fortjald musterisins í tvennt, ofan frá og niður úr, jörðin skalf og björgin klofnuðu.“<sup>22</sup> Og margir sögðu:

„Guð náttúrunnar þjáist.“<sup>23</sup> Loks lauk því sem vart virtist gerlegt, og Jesús sagði: „Það er fullkomnað.“<sup>24</sup> „Faðir, í þínar hendur fel ég anda minn!“<sup>25</sup> Einhvern tíma, einhvers staðar, mun tunga sérhvers manns játa, líkt og rómverski hundraðs-höfðinginn gerði sem varð vitni að þessu öllu: „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs.“<sup>26</sup>

Hinum eftirtektarsömu karli og konu „er það undrunarefni“<sup>27</sup> að slík sjálfviljug miskunnarförn, einnar veru, megni að uppfylla kröfur óendanlegrar og eilífrar réttvísi og friðþægja fyrir sérhverja synd og misgjörð manna, og þannig færa allt mannkyn í umlykjandi arma miskunnar hans. En þannig var það.

Ég vitna í John Taylor forseta (1808–87): „Á þann hátt sem við hvorki fáum skilið, né skýrt, bar hann syndir alls heimsins; ekki aðeins Adams, heldur einnig niðja hans; og með því að gera það, lauk hann upp himnaríki, ekki aðeins fyrir alla trúaða og alla þá sem hlýða lögmáli Guðs, heldur fyrir alla þá sem deyja áður en þeir komast til þroska og einnig þá sem . . . deyja án lögmáls.“<sup>28</sup>

Megi okkur líða líkt og öldungi Whitney gagnvart þessari háverðugu gjöf og gjafara hennar: „Ég var svo hrærður yfir þessari [gjöf] að ég grét, af hreinni samúð. Hjarta mitt var altekið. Ég unni honum af allri sálu minni og þráði að vera hjá honum, heitar en nokkuð annað.“ Þar sem Kristur hefur þegar gert friðþægingu sína að veruleika fyrir okkur, hefur hann lokið sínum hluta. Það sem á vantar er algjörlega undir okkur komið. ■

## HINN MISKUNNSAMI FAÐMUR FRELSARANS

Alla ævi hafði ég glímt við þær tilfinningar að vera vanmáttug og ófullnægjandi. En ég hef komist að því að fagnaðarerindi Jesú Krists læknar slíkar tilfinningar.

Friðþægingin gerir það að verkum að frelsarinn skilur ótta minn og hann hughreystir mig með heilögum anda. Hann þekkir veikleika mína og hjálpar mér að sigrast á þeim. Hann hefur aldrei sagt skilið við mig, heldur styrkir hann mig á alla lund.

Það getur vel verið að ég eigi ekki eftir að standa undir væntingum heimsins, en mér finnst ég vera elskuð og metin að verðleikum þegar ég geri mitt besta við að lifa eftir kenningum Jesú Krists.

**Susan Lunt, Utah, Bandaríkjunum**



### HEIMILDIR

1. „The Divinity of Jesus Christ,“ *Improvement Era*, jan. 1926, 224–25; sjá einnig *Liabona*, des. 2003, 16; greinarmerki, ritun með stórum staf og stafsetning lagað að nútímamáli.
2. Sjá *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 49.
3. Sjá 1 Mós 2:9; 3.
4. Sjá 2 Ne 2:22–27; HDP Móse 5:11.
5. Sjá Op 13:8; HDP Móse 4:1–2; Abr 3:22–27.
6. Sjá Jóh 5:26–29; 2 Ne 9:5–12; Alma 34:9–14.
7. Sjá James E. Talmage, *Jesus the Christ*, 3. útg. (1916), 21–22.
8. Sjá Trúaratriðin 1:2.
9. K&S 19:16–17.
10. 1 Þess 4:16.
11. Sjá K&S 76:50–113; berið saman 1 Kor 15:40–42.
12. Sjá K&S 76:50–70; 88:4, 27–29; 132:21–24.
13. 2 Ne 2:8.
14. Sjá Alma 40:11; K&S 138; berið saman Lúk 23:43; Jóh 5:25.
15. Mark 14:33–34.
16. 2 Ne 9:21.
17. Mósía 3:7.
18. Alma 7:12.
19. K&S 88:6.
20. Matt 27:46.
21. Lúk 23:44–45.
22. Matt 27:51.
23. 1 Ne 19:12.
24. Jóh 19:30.
25. Lúk 23:46.
26. Matt 27:54.
27. James E. Talmage, *The Articles of Faith*, 12. útg. (1924), 77.
28. *The Mediation and Atonement* (1882), 148–49; ritun með stórum staf lagað að nútímamáli.



# Virkni friðþægingarinnar

*Mér var ljóst að Drottinn hafði áætlun fyrir son minn, en þegar ég sá hvert hann stefndi óskaði ég þess að hann hefði ekki gert það, því ég var óviss um hvernig hann kæmist til baka.*

## ÁN NAFNS

Ég gekk til liðs við Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu árið 1992 í Hollandi. Eiginmaður minn gekk þó ekki í kirkjuna og vildi ekki leyfa að börnin okkar, Alex og Petra, skírðust (nöfnun er breytt). Við þrjú fórum samt í kirkju og höfðum fjölskyldukvöld reglulega.

Allt gekk vel þar til Alex varð 13 ára og sagðist ekki lengur hafa áhuga á að fara í kirkju eða taka þátt í fjölskyldukvöldum. Þegar hann varð eldri versnaði ástandið. Mér

reyndist erfitt að vera náin Alex, því hann tók að neyta áfengis og tóbaks og segja ósatt um hvað hann hafði fyrir stafni. Ég varð niðurbrotin, grét oft og baðst oft fyrir og sárþændi himneskan föður um að koma syni mínum til hjálpar.

Síðan gerðist það dag einn, er ég sat hljóð í musterinu, að ég sá mynd í huga mér. Hún var af ungum manni að útteila sakramentinu. Svo virtist sem Drottinn væri að minna mig á mátt og raunveruleika friðþægingarinnar, hvetja mig til að elska son minn og standa við bak hans.

Þegar fram liðu stundir varð lífið þó erfiðara. Eftir að við hjónin skildum, varð Alex afar þunglyndur. Mér var ljóst að hann þurfti hjálp, en hann vildi hvorki þiggja hjálp mína, né hlusta þegar ég reyndi að ná til hans.

Kvöld eitt spurði greinarforsetinn hvort hann mætti koma og ræða við Alex. Alex varð ergilegur en samþykkti

að taka á móti honum. Eftir samtalið við hann varð Alex reiður út í greinarforsetann, því hann hafði hvatt hann til að fara í trúboð, og hann sagði: „Ef greinarforsetinn væri í raun fulltrúi Guðs, hefði hann vitað betur. Hann hefði vitað að ég er ekki verðugur trúboðs—og því þá að hafa fyrir þessu?“ Þetta kvöld varð mér ljóst að Drottinn ætlaði honum eitthvað.

Það kom óvænt í ljós þegar ég fékk símtal frá umdæmislögreglunni. Alex hafði verið færður á lögreglustöðina. Ég og nýi eiginmaðurinn minn fórum í yfirhafnir um hánótt og náðum í Alex á lögreglustöðina. Við gerðum ekki mikið veður út af þessu og í raun vorum við, ég og stjúpfadir Alex, heldur fámál.

Þegar við komum heim sagði Alex okkur frá því sem gerst hafði þegar hann og vinur hans stálu hlaupahjól. Honum þótti afar leitt að hafa gert það. Nú fyrst sá ég niðurbrotinn ungan mann.

Þessi atburður varð til þess að Alex sneri við blaðinu. Honum varð ljóst hvaða afleiðingar breytni hans höfðu og hvert hann stefndi. Upp frá þessu tóku margar blessanir að streyma til okkar.

Daginn eftir sagði Alex okkur frá því að hann hefði beðið lögregluþjóninn að hringja í okkur, því hann vissi að við elskuðum hann. Honum hefði einnig verið ljóst hve mikið hann hefði sært okkur og þakkaði okkur fyrir að hafa sýnt sér þolinmæði.

Alex átti nokkra vini í kirkjunni sem gerðu sitt til að hjálpa honum. Einn þeirra bauð honum með sér í félagsstarf kirkjunnar. Annar gaf honum Mormónsbók og hvatti hann til að lesa hana. Og þrátt fyrir að Alex þjáðist af lesblindu, sá ég hann lesa hana endrum og eins.

Næsta blessunin—og ég hef nú varla tölu á þeim—var þegar Alex spurði hvort við gætum keypt jakkföt handa sér, þar sem hann hefði ákveðið að fara í kirkju. Ég hélt að hann hefði aðeins ætlað að vera í þeim á jölunum, en mér til mikillar undrunar hélt hann áfram að sækja kirkju eftir hátíðarnar.

Sú blessun sem kom þar á eftir var næstum yfirþyrmandi. Alex tilkynnti að hann hygðist láta skírast. Hann þurfti enga hjálp frá mér og sá um allt sjálfur með aðstoð vina sinna og trúboðanna sem kenndu honum. Ég trúði

vart eigin augum þegar skírnardagur hans rann upp og ég sá son minn íklæddan hvítu við sáttmálgjörð.

Þegar hann síðar sagði frá trúarreynslu sinni, varð mér ljóst að sársaukinn og sorgin höfðu reynst Alex erfið, en einnig stuðlað að auðmýkt hans, að krjúpa og biðja um hjálp. Alex sagði: „Nótt eina, er byrði mín var að sliga mig, minntist ég orða góðs vinar, sem hafði sagt að ég gæti alltaf beðist fyrir og leitað hjálpar. Ég ákvað að láta á það reyna þarna um nóttina. Engar aðrar dyr stóðu mér opnar og úr því móðir mín hafði kennt mér að biðjast fyrir, kraup ég og lauk aftur augum. Þegar ég tók að biðja um hjálp fylltist ég yndislegri tilfinningu. Ég gleymi aldrei þeirri tilfinningu. Ég skynjaði hina hreinu ást Krists. Mér fannst sem byrði minni væri létt af mér. Örvæntingin sem hrjáði mig er horfin og ég hef verið blessaður með vitnisburði um Jesú Krist. Ég breyttist í hjarta og þráði að fylgja Jesú Kristi.“

Eftir að Alex hafði verið skírður, staðfestur og vígður prestdæminu, var hann beðinn að útdeila sakramentinu—hinum helgu táknum fórnar frelsarans. Þá varð mér ljós raunveruleiki þess sem ég hafði séð í musterinu





mörgum árum áður. Ég þakkaði himneskum föður í hljóði fyrir það sem ég hafði upplifað. Það var mér helg stund.

Þetta væru góð sögulok, en sem betur fer lýkur henni ekki hér. Ég hef fylgst með því hvernig friðþægingin hefur haft áhrif á líf sonar míns. Minnst hins innblásna greinarforseta. Vitnisburður sonar míns hefur haldið áfram að styrkjast og boð greinarforseta okkar varð að raunveruleika. Alex lauk nýverið trúboði sínu. Hann eyddi tveimur árum við að hjálpa öðrum—líkt og Drottinn hafði hjálpað honum.

Ég er þakklát fyrir að vera móðir Alex, en ég er jafnvel enn þakklátari fyrir friðþægingu Jesú Krists og áhrifamátt hennar í lífi okkar allra. ■

**E**ftir að Alex hafði verið vígður prest-dæminu, var hann beðinn að útteila sakramentinu. Þá varð mér ljós raunveruleiki þess sem ég hafði séð í musterinu mörgum árum áður.

# Hinn lifandi

Vitnisburður postula Kirkju Jesú Krists hinna Síðari



# Kristur

daga heilögu



**Réttælis frá vinstri: Hinn ljúfi græðari, eftir Greg Olsen;**  
**Allir borgarbúar voru samankomnir, eftir James Tissot;**  
**Jóhannes skírir Jesú, eftir Harry Anderson; Kristur skapar**  
**jörðina, eftir Robert T. Barrett.**

Við minnumst nú fæðingar Jesú Krists fyrir tvö þúsund árum og gefum vitnisburð okkar um raunveruleika hans, stórbrotið lífsstarf og algjöra friðþægingu. Enginn annar hefur haft jafn djúpstæð áhrif á þá sem lifað hafa og lifa munu á jörðu.

Hann var hinn mikli Jehóva Gamla testamentisins og Messías Nýja testamentisins. Undir forsjá föður síns var hann skapari jarðar. „Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er“ (Jóh 1:3). Hann var skírður, þótt syndlaus væri, til að fullnægja öllu réttlæti. „Hann gekk um [og] gjörði gott“ (Post 10:38), þó var hann fyrirlitinn. Fagnaðarerindi hans var boðskapur friðar og velgjörðar. Hann hvatti alla til að fylgja fordæmi sínu. Hann fór um vegu Palestínu, læknaði sjúka, veitti blindum sýn og reisti látna upp frá dauðum. Hann kenndi eilífan sannleika, raunveruleika fortíluveru, tilgang jarðlífsins og það sem bíður sona og dætra Guðs í næsta lífi.

Hann innleiddi sakramentið til að minna okkur á stórfenglega friðþægingu sína. Hann var tekinn höndum og borinn fólkskum sökum til að fullnægja lýðnum og dæmdur til að deyja á krossi á Golgata. Hann lét líf sitt til að friðþægja fyrir syndir alls mannkyns. Undursamleg er staðgengilsgjöf hans fyrir alla sem lifa munu á jörðu.

Við berum hátíðlega vitni um að tilvera hans, sem er þungamiðja mannkynsögunnar, hafi ekki hafist í Betlehem

eða henni lokið á Golgata. Hann er frumburður föðurins, hinn eingetni sonur í holdinu, lausnari heimsins.

Hann reis upp frá dauðum til að verða „frumgróði þeirra, sem sofnaðir eru“ (1 Kor 15:20). Upprisinn fór Drottinn til þeirra sem verið höfðu honum kærir í jarðlífinu. Hann þjónaði einnig „öðrum sauðum“ sínum (sjá Jóh 10:16) í Ameríku til forna. Á síðari tímum birtust hann og faðir hans piltinum Joseph Smith, en þá hófst hin langþráða ráðstöfun í „fyllingu tímans“ (Ef 1:10).

Spámaðurinn Joseph Smith ritaði um hinn lifandi Krist: „Augu hans voru sem eldslogi, hárið á höfði hans var hvítt sem nýfallin mjöll, ljóminn frá svip hans bar af ljóma sólarinnar og rödd hans var sem dynur mikilla vatnsfalla, já, rödd Jehóva, sem sagði:

Ég er hinn fyrsti og hinn síðasti. Ég er sá, sem lifir. Ég er sá, sem deyddur var. Ég er málsvari yðar hjá föðurnum“ (K&S 110:3–4).

Spámaðurinn sagði einnig um hann: „Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!

Því að við sáum hann, já, Guði til hægri handar, og við heyrðum röddina, sem bar vitni um, að hann er hinn eingetni föðurinn—

BIRT MED LEYFI ÞJÓDMINJASAFNSINS Í FRIDRISBORG Í HILLERÖD, DANMÖRKU



**Vinstri: Fjallræðan, eftir Carl Heinrich Bloch; niðri til vinstri: Kristur í Getsemane, eftir Heinrich Hofmann; neðst: Krossfesting Krists, óþekktur listamaður; til hægri: Hvi grætur þú? eftir Simon Dewey.**



BIRT MED LEYFI C. HARRISON CONROY CO.

BIRT MED LEYFI ALTUS FINE ART, AMERICAN FORK, UTAH





ÓHEIMILT AÐ AFRIÐA



**Efst: Jesús í Ameríku, eftir John Scott; til vinstri: Fyrsta sýnin, eftir Gary Kapp; að ofan: Jesús Kristur birtist Joseph Smith og Oliver Cowdery í Kirtland-musterinu, eftir Gary Smith.**

**Að neðan: Endurreisn Melkisedeksprestðæmisins, eftir Kenneth Riley; til hægri: Síðari koman, eftir Harry Anderson.**





Að með honum, fyrir hann, og af honum eru og voru heimarnir skapaðir, og íbúar þeirra eru getnir synir og dætur Guðs“ (K&S 76:22–24).

Við lýsum því hátíðlega yfir að prestdæmi hans og kirkja hafa verið endurreist á jörðu—„sem hefur að grundvelli postulana og spámennina, en Krist Jesús sjálfan að hyrningarsteini“ (Ef 2:20).

Við berum vitni um að hann muni dag einn snúa til jarðar á ný. „Dýrð Drottins mun birtast, og allt hold mun sjá það“ (Jes 40:5). Hann mun ríkja sem konungur konunganna og Drottinn drottanna, og öll kné beygja sig og sérhver tunga vegsama frammi fyrir honum. Hvert og eitt okkar mun leitt fyrir dóm hans í samræmi við verk okkar og þrá hjartans.

Við berum vitni, sem réttilega vígðir postular hans—að Jesús er hinn lifandi Kristur, hinn ódauðlegi sonur Guðs. Hann er hinn mikli konungur Immanúel, sem nú er föðurnum til hægri handar. Hann er ljós, von og líf heimsins. Í honum finnum við hamingju í þessu lífi og eilíft líf í því næsta. Guði séu þakkir fyrir óviðjafnanlega gjöf guðlegs sonar hans. ■

*„Hinn lifandi Kristur: Vitnisburður postulanna tólf,“ dagsett 1. janúar 2000, var undirritað af Æðsta forsætisráðinu og Tólfpostulasveitinni. Skjalið var birt í Liahóna apríl 2000.*


## SÁTTMÁLSGJÖRÐ UM AÐ HLÝÐA OG FYLGJA HONUM

Ég var 60 ára, vasar mínir voru tómir og líf mitt til skammar. Ég hélt að lífið væri aðeins mér til skemmtunar. Ég var týndur, augu mín blind og Jesús Kristur lauk þeim upp.

Skirn mín og staðfesting og sáttmálinn sem ég gerði við Jesú Krist eru kraftaverkin sem breyttu lífi mínu. Mér varð ljóst hvað það var sem mér gat hlotnast og hvað var mér mikilvægt. Nú er ég hamingjusamur, því ég hef kynnst Jesú Kristi.

Ég hefði aldrei trúað að jafn veraldlegur maður og ég myndi dag einn verða þegn kirkjunnar, prestdæmishafi og greinarforseti. Það er mér stórkostleg gjöf að þjóna Jesú Kristi, frelsara okkar.

**Virab Minasyan, Armeníu**



# Koma til Krists

HENRY B. EYRING FORSETI

annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Orðin „að koma til Krists“ eru boð. Það er mikilvægasta boðið sem þið getið fært öðrum. Það er mikilvægasta boðið sem þið getið þegið. Allt frá upphafi endurreisnar fagnaðarerindisins í þessari ráðstöfun, hefur Jesús Kristur falið erindrekum sínum að setja það fram. Þeirra hlutverk er að „aðvara, útskýra, hvetja og kenna og bjóða öllum að koma til Krists.“<sup>1</sup>

Allir þegar kirkjunnar verða lærisveinar með því að taka á móti skírnaarsáttmálanum og heita því að vera vitni Jesús Krists alltaf og alls staðar, hvar sem þeir kunna að vera staddir.<sup>2</sup> Tilgangur vitnisburðargjafar okkar er að bjóða fólki að koma til hans.

Öll ættum við að hafa mikinn áhuga á því að læra hvernig setja á það boð fram með árangri. Af reynslu vitum við að ekki munu allir þiggja boðið. Aðeins fáeinir þáðu það þegar frelsarinn gaf það sjálfur í jarðneskri þjónustu sinni. En mikil var gleði þeirra sem þekktu raust hans. Og mikil hefur gleði okkar verið vegna þeirra sem þekkt hafa boð okkar að koma til hans.

## Vita að hann er vegurinn

Það er vel þess virði að hugleiða þau tilvik í okkar lífi þegar fólk hefur þegið boðið. Sjálfur hef ég komið auga á ákveðið mynstur hjá þeim sem gangast við því boði. Í öllum tilvikum staðfestir heilagur andi hið minnsta þriðtann sannleika fyrir þeim. Upplifanir eru ekki alltaf í sömu röð og ég set þær hér fram, en allar hafa þær áhrif á þá sem sannlega koma til Krists.

Í fyrsta lagi komast þeir að því að sú hamingja sem er þeim eftirsóknarverðust hlýst fyrir Jesú Krist. Þeir vakna til trúar á þessi orð í Mormónsbók: „Sjá, [ég] segi . . . yður, svo sannarlega sem þessir hlutir eru sannir og svo sannarlega sem Drottinn lifir, er ekkert annað nafn gefið undir himninum, sem frelsað getur manninn, en nafn Jesú Krists, sem ég hef talað um.“<sup>3</sup>

Slíka fullvissu er ekki auðvelt að hljóta í heimi þar sem svo margir segja að Guð sé ekki til, að engin synd sé til og að hamingjuna finni menn í nautn og ánægju. En rödd okkar getur verið kröftugri, ef við hljótum þá gjöf að geta gefið óbrigðulan vitnisburð um að Jesús sé Kristur og frelsari alls heimsins. Slíkur vitnisburður verður kröftugur fyrir reynslu ykkar af friðþægingu Jesú Krists í lífi ykkar. Ef þið



***Þegar þið hjálpið öðrum að koma til Krists, munuð þið uppgötva að sjálf hafið þið komið til hans.***

ígrundið oft á hvaða hátt friðþæging hans hefur breytt ykkur og færið oft þakkir, munuð þið komast að því að vitnisburður ykkar styrkist og þið hljótið aukinn kraft til að hafa áhrif á aðra. Þegar þeir sem þið gefið vitnisburð ykkar skynja kraft hans, munu þeir taka á móti honum sem Drottni sínum og frelsara. Og er þeir gangast við boðinu, mun það verma ykkur og þeim um hjartarætur.

### Sáttmálgjörð og hlýðni

Í öðru lagi gera þeir sem sannlega koma til Krists sáttmála um að hlýða og fylgja honum. Það kann að hefjast á því að framfylgja einföldum skuldbindingum, líkt og að lesa Mormónsbók eða sækja sakramentissamkomu. Þær verða að eiga rætur að rekja til þeirrar trúar, að Jesús er Kristur og frelsarinn. Þegar þeir framfylgja skuldbindingum vegna þeirrar trúar, munu þeir finna eitthvað. Ekki er víst að þeir geti skilgreint tilfinningar sínar, en líðan þeirra verður betri. Hlýðni, jafnvel þótt í smáu sé, veitir blessanir Guðs. Og þegar fram líða stundir munu þeir taka að uppgötva hið iðrandi hjarta og þrá að taka á sig skírnarsáttmálann, að taka á sig nafn frelsarans og hreinsast af synd.

Fólk tekur þessa mikilvægu afstöðu af ýmsum ástæðum. Maður nokkur fékk ekki í fyrstu séð að hann þyrfti á skírn að halda. Hann hafði jú reynt að vera góður maður allt sitt líf. Hann hafði ekki drýgt neina alvarlega synd. Hann hafði verið skírður sem barn í annarri kirkju. En þá kom tvennt upp í huga hans. Í fyrsta lagi að frelsarinn lét skírast af hlýðni, þótt syndlaus væri. Í öðru lagi vildi hann skuldbinda sig frelsaranum fyrir atbeina hins sanna prestdæmis, á sama hátt og frelsarinn fór til Jóhannesar til að láta skíra sig.

Annar ungur maður sem við kenndum ákvað að láta skírast vegna sundurkramins hjarta og sorgar sem hann

## SÆKJAST EFTIR ÞVÍ AÐ LÍKJAST HONUM

Ég elska Drottin af öllu hjarta. Hann er vinur minn. Ég veit það því fyrir hann get ég hlotið fyrirgefningu.

Fagnaðarerindið og vitnisburður minn um Jesú Krist hjálpuðu mér að verða betri móðir, eiginkona, systir og vinur. Sökum vitnisburðar míns reyndi ég að lifa eins og Guð ætlaði mér að lifa—af ráðvendni, heiðarleika, góðvild, elsku, þolinmæði og hluttekningu, og að koma fram við aðra líkt og börn Guðs og þjóna þegar þörf er á því. Með því að reyna að lifa kristlegu lífi, vonaðist ég til þess að aðrir myndu vilja læra um hann.

**JoAnna M. Allen, Indiana, Bandaríkjunum**

upplifði sökum eigin synda. Þegar hann sté upp úr skírnarvatninu faðmaði hann mig og hvíslaði að mér um leið og tár runnu niður vanga hans: „Ég er hreinn, ég er hreinn.“

Ákvörðun beggja þessara manna um að taka á sig skírnarsáttmálann átti rætur að rekja til sams konar trúar. Þeim varð ljóst, að ef þeir héldu sáttmálann um að hlíta boðorðum Drottins, myndi hann halda sinn hluta sáttmálans og leiða þá til eilífs lífs. Þeir voru fúsir til að koma til hans, láta hann breyta sér og leiða sig og verða líkari honum.

### Sækjast eftir því að líkjast honum

Þetta leiðir til þess þriðja sem ég hef séð í lífi þeirra sem sannlega hafa komið til Krists. Þeir sækjast eftir því að líkjast honum. Þeir taka að breyta við aðra líkt og þeir vita að hann hefði gert. Við höfum séð slíkt í fari hinna trúföstu, stuttu eftir að þeir hafa skírst og meðtekið heilagan anda. Ég fór eitt sinn með trúboðsfélaga mínum í heimsókn til fjölskyldu sem við höfðum kennt og skírt nokkrum vikum áður. Hjónin fóru með okkur niður í kjallara til að sýna okkur herbergi þar. Það hafði verið svefnherbergi annarrar dóttur þeirra. En hún hafði fært sig yfir í herbergi systur sinnar. Herbergið sem hún hafði rýmt hafði verið fyllt af fjölmörgu sem fjölskyldan þyrfti á að halda í neyðartilvikum.


Við höfðum ekkert kennt þeim um viðbúnað og neyðarbirgðir. Þegar við spurðum hvers vegna þau hefðu lagt á sig slíkt erfiði á svo skömmum tíma, sögðust þau hafa lesið í kirkjutímariti að vilji Drottins stæði til þess að fjölskyldur yrðu viðbúnar því að sjá fyrir sjálfum sér og öðrum. Þau sögðu: „Er þetta ekki það sem Síðari daga heilagir gera?“

Þessi einfalda trú þeirra náði yfir allt sem frelsarinn vildi að þau gerðu. Og þrá þeirra eftir að fylgja honum varð varanleg. Og hún breytti þeim. Þau höfðu ætíð sýnt góðvild og

reynt að hjálpa öðrum. En eiginleikinn til að sýna kærleika þroskaðist. Og þannig hefur það verið hvað varðar alla þá sem ég hef þekkt, sem hafa einsett sér að koma áfram til hans alla ævi.

Stundum tölum við um að varðveita þegna kirkjunnar, svo þeir villist ekki frá. Við getum verið og verðum að vera vinir þeirra sem hafa ákveðið að koma til Krists. Þeir geta misst kjarkinn þegar erfiðleikar steðja að og það gera erfiðleikar alltaf. En við verðum

þó að hafa í huga að besti og öruggasti vinur þeirra er frelsarinn og faðir hans, sem einnig er faðir *þeirra*. Himneskur faðir og frelsarinn munu senda heilagan anda þeim til huggunar og staðfesta trú þeirra, ef þeir eru auðmjúkir og hlýðnir. Þegar



við til að mynda förum að heim-  
sóknarkenna eða heimiliskenna  
með nýjum kirkjuþegnum, getum  
við gert meira en að tjá aðeins elsku  
okkar. Við getum eft þeim þrótt  
með því að gefa þeim kost á að  
flytja bæn, kenna eða mæla okkur  
mót, það mun kalla á mátt himins.  
Það mun lyfta þeim ofar erfiðleikum  
og vernda gegn hroka, þegar bless-  
anir taka að streyma til þeirra, og  
það munu þær gera.

### Breyting hjartans

Nokkuð annað dásamlegt mun  
gerast. Þegar þið stillið hjarta ykkar  
inn á það að bjóða fólki að koma til  
Kristis, mun það breytast. Þið munið  
vinna að verki hans. Þið munuð  
komast að því að hann stendur við  
það loforð sitt að vera eitt með ykk-  
ur í þjónustu ykkar. Þið munuð læra  
að þekkja hann. Og þegar fram líða  
stundir munuð þið fara að líkjast  
honum og verða „fullkomin í  
Kristi.“<sup>4</sup> Þegar þið hjálpið öðrum  
að komast til Kristis, munuð þið  
uppgötva að sjálf hafið þið komið  
til hans. Ef þið viljið vera nærri hon-  
um, finna frið hans, gerið þið það  
best í þjónustu við hann.

Það var hann sem sagði:

„Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið  
og þungar byrðar, og ég mun veita yður  
hvíld.“

Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því  
að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá  
munuð þér finna hvíld sálum yðar.

Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.<sup>5</sup>

Ég ber vitni um að hann stendur við

## FINNA HAMINGJU MEÐ JESÚ KRISTI

Jesús sagði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn  
og lífið“ (Jóh 14:6). Engin önnur orð tjá betur  
vitnisburð minn.

Ég hef numið bókmenntir, heimspeki og  
sögu að nokkru marki og hef uppgötvað að  
allar miklar hugmyndir þar, kenningar og við-  
fangsefni hafa sín takmörk. Jarðneskur faðir  
getur á líkan hátt ekki tryggt frið, vísdom eða  
eillíf, jafnvel ekki sínum eigin börnum.

Himneskur faðir hefur hins vegar  
lýst yfir við heiminn að með því að  
fylgja vegi Kristis, tileinka sér  
fordæmi hans og hlýða opin-  
beruðum sannleika hans,  
getum við uppskorið sanna  
hamingju í þessu lífi. Og  
að þessu lífi loknu—þegar  
við snúum að nýju til föður  
okkar á himnum—getum  
við notið varanlegrar ham-  
ingju með honum.

**Zentz Lin, Tævan**

Þessi orð sín gagnvart þeim sem  
við færum boð hans. Og að hann  
stendur við þessi orð sín gagnvart  
þeim sem þjóna honum með því  
að færa öðrum boðin. ■

### HEIMILDIR

1. K&S 20:59.
2. Sjá Mósía 18:8–10.
3. 2 Ne 25:20.
4. Moró 10:32.
5. Matt 11:28–30.



# Var ég frelsuð?

CHARLOTTE GOODMAN McEWAN

Vinkona mín, Rachel, spurði hvor ég vildi koma í kirkju með henni. Hún var virk í trú sinni og ég var forvitin að vita að hvaða leyti kirkjan hennar væri frábrugðin minni. Ég bað foreldra mína um leyfi til að fara með henni. Þau sögðu að fyrst samkoma hennar og okkar sköruðust ekki gæti ég farið með henni.

Margt á kirkjusamkomu hennar virkaði framandi á mig: Söngurinn og bænirnar voru öðruvísi og prédikarinn talaði framandlega. Þegar samskotsbaukurinn var látinn ganga var ég ekki viss hvað ég ætti til bragðs að taka.

Loks bað prédikarinn alla þá meðal fólksins sem ekki hefðu tekið á móti Jesú Kristi opinberlega sem frelsara sínum að koma upp á sviðið. Rachel hvíslaði og hvatti mig til þess að fara upp. Ég var hikandi. Biskupinn í deild okkar hafi aldrei beðið einhvern að koma upp og játa Krist opinberlega. Ég vissi ekki hvað ég átti að taka til bragðs. Kannski hafði ég ekki gert eitthvað sem var mikilvægt fyrir sálhjálp mína. Ég fór ráðvillt af samkomunni.

Þegar ég hugleiddi þessa reynslu síðar, varð mér ljóst að ég hafði vissulega þegar játað Jesú Krist opinberlega sem frelsara minn. Ég hafði látið skírast af þeim sem hafði prestdæmisvald sitt frá Jesú Kristi. Skírning mín var sáttmáli við himneskan föður um að ég myndi taka á mig nafn Jesú Krists og verða lærisveinn hans. Ég lofaði að halda boðorð

hans og reyna að

líkja eftir honum. Viðstaddir skírning mína voru prestdæmis-hafar sem voru vitni að henni, sem og fjölskylda mín og deildar meðlimir.

Frá því að ég var skírð og staðfest hef ég átt kost á að meðtaka sakramentið hvern sunnudag og vitna að nýju frammi fyrir himneskum föður að ég muni halda áfram að taka á mig nafn Krists.

Stundum spyrja kristnir annarra kirkna sömu spurningar og prédikari vinkonu minnar gerði, en orða hana aðeins öðruvísi. Þeir spyrja hvort við höfum frelsast. Öldungur Dallin H. Oaks, í Tólfpostulasveitinni, hefur útskýrt hvernig við getum brugðist við slíkri spurningu: „Kristið fólk leggur stundum annan skilning í merkingu sumra lykila trúarhugtaka, líkt og *frelsun* eða *hjálpræði*. Ef við svörum samkvæmt skilningi spyrjandans, er hann spyr hvort við höfum ‚frelsast,‘ hlýtur svar okkar að vera ‚já.‘“<sup>1</sup>

Ég var enn að efla vitnisburð minn um Jesú Krist þegar ég fór í kirkju vinkonu minnar. Síðan þá hef ég komist að því að því meir sem ég læri fagnaðarerindið í ritningunum og orð lifandi spámanna, því öruggari er ég og betur undir það búin að vera vitni Guðs alltaf og alls staðar (sjá Mósía 18:9). ■

## HEIMILDIR

1. „Have You Been Saved?“ *Ensign*, maí 1998, 55.



# Trú okkar

*Hér á eftir eru stuttorðuð svör við fáeinum spurningum sem oft eru lagðar fyrir þegna Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu:*


**H**ver er trú Síðari daga heilagra varðandi Jesú Krists? Reis hann í bókstaflegri merkingu upp frá dauðum? Mun hann koma að nýju til að ríkja í dýrð á jörðu? Er nauðsynlegt fyrir menn að njóta náðar hans til að frelsast?

Þetta eru nokkrar þeirra spurninga sem fólk spyr oft að við fyrstu kynni þeirra af kirkjunni eða þegnum hennar. Þegar kirkjuþegnar svara spurningum eru þeir fyrst og fremst hvattir til að búa sig undir að hlýða á leiðsögn heilags anda. En eftirfarandi upplýsingar geta orðið ykkur að gagni er þið reynið að orða ykkar eigin svör.

**Trúid þið á Jesú Krist sem lifði og kenndi í Landinu helga, líkt og skráð er í Biblíunni?**

Já. Við trúum að Jesús hafi fæðst af Maríu, prédikað í Landinu helga í um þriggja ára þjónustutíð sinni, dáið á krossinum og risið upp frá dauðum, líkt og spámenn höfðu sagt fyrir um öldum fyrir komu hans (sjá dæmi: 1 Mós 49:10; Sálm 2:6–7; 22:16–18; 118:22; Jes 7:14; Míka 5:2). Við trúum að hann hafði þjáðst og friðþægt fyrir syndir alls mannkyns og gert iðrun og fyrirgefningu mögulegar (sjá Jes 53:4–6). Við trúum að hann hafi sigrað dauðann og að fyrir mátt hans geti allir karlar og konur risið

upp í efnislegum líkama (sjá Rom 6:5; 8:11). Við trúum að allir synir og allar dætur Guðs, sem koma til jarðar geti, fyrir hlýðni við reglur fagnaðarerindis hans, hlotið



sáluhjálp og dvalið að nýju hjá föður okkar og syni hans í ríki þeirra á himnum (sjá 1 Pét 3:18; Trúaratriðin 1:3).

**Trúið þið að Drottinn hafi í bókstaflegri merkingu risið upp frá dauðum?**

Já. Hundruð vitna sáu Jesú Krist í upprisnum líkama sínum, líkt og postular hans báru vitni um í Biblíunni (sjá Lúk 24:39; Jóh 20:20; 1 Kor 15:3–8). Hann þjónaði sem upprisin vera meðal sinna þúsunda „annarra sauða“ (sjá Jóh 10:16) í Ameríku og sýndi þeim sárin á höndum og fótum sínum og á síðu sinni og kenndi meðal þeirra í marga daga (sjá 3 Ne 11–28).

Hann birtist Joseph Smith yngri árið 1820, ásamt föður sínum. Drottinn veitti þessum unga spámanni leiðsögn við að endurreisa kirkju sína og fagnaðarerindið, vegna þess að kenningar manna höfðu breytt því eftir dauða hinna fornu postula. Joseph Smith og einn aðstoðarmanna hans gáfu þennan vitnisburð um Jesú Krist árið 1832: „Hann lifir! Því að við sáum hann, já, Guði til hægri handar, og við heyrðum röddina, sem bar vitni um, að hann er hinn eingetni föðurins“ (K&S 76:22–23).

**Trúið þið að hann muni koma aftur til jarðar í dýrð?**

Já. Hinar helgu ritningar vitna: „Þessi Jesús, sem varð upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins“ (Post 1:11). „Ég veit, að lausnari minn lifir, og hann mun síðastur ganga fram á foldu“ (Job 19:25). „Hann kemur í skýjum himins til að ríkja á jörðunni yfir fólki sínu“ (K&S 76:63).

Við trúum einnig að við munum hljóta efnislegan líkama okkar að nýju, vegna upprisnu hans: „Og eftir að þessi húð mín er sundurtætt og allt hold er af mér, mun ég líta Guð“ (Job 19:26). „Því að eins og allir deyja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir lífgaðir verða fyrir samfélag sitt við Krist“ (1 Kor 15:22). „Dauði Krists mun leysa viðjar þessa stundlega dauða, þannig að allir munu endurreistir frá þessum stundlega dauða. Andinn og líkaminn munu aftur sameinast í fullkominni mynd sinni“ (Alma 11:42–43).

**Trúið þið að náð hans sé nauðsynleg fyrir sáluhjálp okkar?**

Vissulega. Án náðar Jesú Krists getur enginn maður frelsast eða hlotið eilífar blessanir (sjá Róm 3:23–24). Allir munu

**V**íð trúum að Jesús hafi fæðst af Maríu, prédikað í Landinu helga í um þriggja ára þjónustutið sinni, dáið á krossinum og risið upp frá dauðum, líkt og spámenn höfðu sagt fyrir um öldum fyrir komu hans.





**H**ann þjónaði sem upprisin vera meðal sinna þúsunda „annarra sauða“ í Ameríku og sýndi þeim sárin á höndum og fótum sínum og á síðu sinni og kenndi meðal þeirra í marga daga.

rísa upp fyrir náð hans og allir þeir sem á hann trúa og fylgja honum, geta hlotið eilíft líf (sjá Jóh 3:15). Þar að auki geta helg fjölskyldusambönd okkar varað að eilífu fyrir náð hans (sjá Matt 16:19; 1 Kor 11:11; K&S 132:19). Þessar eilífu blessanir eru gjafir hans til okkar og við getum engan vegin áunnið okkur þær með einhverju sem við gerum sjálf.

Engu að síður er það skýrt í ritningunum að við hljótum allar blessanir náðar hans fyrir trú okkar og hlýðni við kenningar hans. Páll postuli kenndi að við getum ekki frelsað okkur sjálf; við þyrftum á náð Drottins að halda: „Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því. Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau“ (Ef 2:8–10).

Jakob útskýrði: „Eins er líka trúin dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin. Þér sjáið, að maðurinn réttlætist af verkum og ekki af trú einni saman“ (Jakbr 2:17, 24). Frelsarinn

sagði því við unga ríka manninn, sem hafði verið hlýðinn og þráði eilíft líf, að það væri meira sem hann gæti *gert* (sjá Matt 19:16–22; Lúk 18:18–23). Síðari daga heilagir trúa að náð Kristis nýtist þeim að fullu sem trúa á Krist og breyta samkvæmt því sem hann kenndi. „Vér vitum, að vér frelsumst fyrir náð, *að afloknu öllu, sem vér getum gjört*“ (2 Ne 25:23; leturbr. hér).

Þótt góð verk okkar megni ekki að hreinsa okkur af synd, sýna þau einlægni trúar okkar á Jesú Krist og trúfesti okkar við að fara veginn sem hann fór.

**Trúíð þið að Joseph Smith sé á einhvern hátt jafn mikilvægur Jesú Kristi við að frelsa fólk?**

Nei. Joseph Smith var mikilvægur spámaður í sögu mannkyns. Það sem hann afrekaði með guðlegri forsjá varð til að færa blessanir og þekkingu til jarðarinnar sem veitt hafði verið spámönnum Guðs á tímum Gamla og Nýja testamentisins en hafði glatast. Joseph Smith var líkt og spámenn til forna þjónn Drottins Jesú Krists, sem kenndi að sáluhjál og allar blessanir eilífðarinnar hlytust aðeins með frelsara okkar: „Grundvallarreglur trúar okkar eru vitnisburður postulanna og spámannanna hvað varðar Jesú Krist, að hann dó, var grafinn og reis upp aftur á þriðja degi og steig upp til himins; og allt annað sem snertir trú okkar er aðeins viðauki við það.“<sup>1</sup> Spámaðurinn kenndi einnig: „Þegar við ígrundum heilagleika og fullkomleika hins mikla meistara okkar, sem greiddi veginn svo við kæmust til hans, já, með því að fórn sjálfum sér, verðum við snortin í hjarta yfir lítillæti hans.“<sup>2</sup> ■

#### HEIMILDIR

1. *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 49.
2. *Teachings: Joseph Smith*, 54–55.



## FREKARI UPPLÝSINGAR

Þegar fólk sem kannar trú okkar á Jesú Krist æskir frekari upplýsinga en þeirra sem við getum veitt þegar í stað, bendum við því á að:

- Rannsaka Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist. Í henni er greint frá þjónustu frelsarans meðal fólksins í Ameríku eftir upprisu hans og uppstigningu, líkt og fram kemur í Biblíunni. Sú kennsla sem hann veitti hinum trúuðu í Ameríku til forna, er hliðsæð þeirri sem hann veitti lærisveinum sínum í dauðlegri þjónustu sinni í Landinu helga. Spámenn Mormónsbókar kenna og vitna endurtekið um fagnaðarerindi Jesú Krists.

- Ræða við trúboða Síðari daga heilagra, sem kallaðir eru til að prédika fagnaðarerindi Jesú Krists. Þeir munu virða ákvörðun þeirra sem kjósa að taka ekki á móti kennslu þeirra.

- Fara á vefsíðuna [www.mormonar.is](http://www.mormonar.is). Velja „Kenningar og trúaratriði“ eða „Spurningar og svör.“

- Fara á vefsíðuna [www.lds.org](http://www.lds.org) (á ensku). Velja „About the Church“ síðan „Answers to Questions,“ þar sem hægt er að fá frekari vitneskju. Á heimasíðunni er einnig hægt að velja „Gospel Library“ og síðan „Search Gospel Library“ til að leita að efni í kirkjutímaritum eða öðrum útgefnum kirkjugögnum. ■

Verða  
vitni Krists



## ÖLDUNGUR D. TODD CHRISTOFFERSON í forsætisráði hinna Sjöttu

Postular eru, sökum eðlis prestdæmis-embættis þeirra, útnefndir sem sérstök vitni Krists fyrir allan heiminn (sjá K&S 107:23). Vitnisburður þeirra er ómissandi í verki sáluhjálpar. En postularnir eiga ekki að standa einir og það gera þeir ekki. Við öll, sem erum skírð og staðfest, höfum tekið á okkur nafn Jesú Krists með skuldbindingu um að „standa sem vitni Guðs, alltaf, í öllu og alls staðar, hvar sem [við kunnum] að vera“ (Mósía 18:9). Við getum öll verið vitni hans. Vissulega reiðir Drottinn sig á að „hinir veiku og einföldu“ boði fagnaðarerindið (sjá K&S 1:19, 23) og hann þráir að „hver maður [mæli] í nafni Guðs Drottins, já, frelsara heimsins“ (K&S 1:20).

Hugleiðum hvernig þegnar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu geta verið vitni Krists.

### **Við erum vitni Krists þegar við hljótum öruggan vitnisburð um að hann lifir.**

Að vera vitni Jesú Krists er í grundvallaratriðum það að eiga öruggan og persónulegan vitnisburð um að hann sé sonur Guðs, frelsari og lausnari heimsins. Postularnir til forna vissu að Jesús var hinn fyrirheitni Messías og töluðu af eigin reynslu um bókstaflega upprisnu hans. Vitni Krists þurfa þó ekki að hafa séð hann eða komið í návist hans. Þegar Pétur vitnaði fyrir Jesú: „Þú ert Kristur, sonur hins lifanda Guðs,“ svaraði Drottinn að þessa vitneskju hefði Pétur ekki hlotið vegna návistar hans við Jesú eða reynslu hans með honum, heldur sagði hann að faðir hans á himnum hefði opinberað honum hana (sjá Matt 16:15–17). Jesús gerði Tómasi ljóst að mögulegt væri að öðlast

sömu trú og vitnisburð og Tómas hlaut án þess að snerta eða sjá hann: „Jesús segir við hann: Þú trúir, af því þú hefur séð mig. Sælir eru þeir, sem hafa ekki séð og trúá þó“ (Jóh 20:29).

Vitnisburður okkar um Krist hefst oft á því að aðrir bera okkur vitni—fólk sem við þekkjum eða þekkjum til og treystum. Við höfum skráðan vitnisburð postulanna um að „þennan Jesú reisti Guð upp, og erum vér allir vottar þess“ (Post 2:32). Við höfum Gamla og Nýja testamentið um forvígslu hans, þjónustu og friðþægingu. Við höfum annað vitni, Mormónsbók, sem hefur að megin tilgangi að „sannfæra Gyðingana og Þjóðirnar, um að Jesús er Kristur, hinn eilífi Guð, er opinberar sig öllum þjóðum.“<sup>1</sup> Við höfum vitnisburð spámannsins Josephs Smith um að hann heyrði í föðurnum og sá hann benda á Jesú og lýsa yfir: „*Þetta er minn elskaði sonur.*“ (Joseph Smith—Saga 1:17) og síðar bar spámaðurinn vitni: „Eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, Að hann lifir! Því að við sáum hann, já, Guði til hægri handar, og við heyrðum röddina, sem bar vitni um, að hann er hinn eingetni föðurins“ (K&S 76:22–23). Við höfum á okkar tíma sérstök vitni meðal okkar, sem við getum séð og hlýtt á og hlotið staðfastan vitnisburð fyrir. Margir njóta einnig þeirrar blessunar að geta hlýtt á vitnisburð foreldra, afa og ömmu og trúfastra vina.

Þeir sem taka á sig skírnarsáttmálann hljóta sérstaka gjöf trúar á Jesú Krist og með gjöf heilags anda kemur staðfesting um að vitnisburðurinn sem við höfum hlotið um Krist er sannur. Nefi staðfesti að þetta myndi gerast: „Og þá eruð þér á hinum krappa og þrönga vegi, sem liggur til eilífs lífs. Já, þér



**Við getum öll verið vitni hans.**



## PERSÓNULEGUR VITNISBURÐUR UM FRELSARANN

Ég held að skírn mín, þegar ég var 11 ára, hafi markað upphaf vitnisburðar míns um hann, hvers kirkju ég gekk í. Frá þeirri stundu hef ég þráð að fylgja kenningum Jesú Krists og lifa eftir reglum fagnaðarerindisins.

Ég hef hlotið vitnisburð minn um Jesú Krist smám saman og hann hefur aukist með þátttöku minni í kirkjunni. Ég hef oft skynjað mikla elsku hans til okkar í gegnum fegurð náttúrunnar og það eykur þakklæti mitt til hans. Þegar ég hef fastað og beðist fyrir, hef ég fundið vitnisburð andans og hlotið bænheyrslu. Ég veit að Jesús Kristur er málsvari okkar hjá himneskum föður. Ég hef notið návistar hans þegar ég tilbið hann oft í musterinu.

Allt mitt líf hefur vitnisburður minn vaxið og styrkst og nú er enginn vafi í huga mínum um að Jesús Kristur er sonur Guðs—frelsari minn og lausnari. Sú vitneskja færir mér fullvissu og frið.

**Joyce Bowler, Englandi**

eruð komnir inn fyrir hliðið. Þér hafið hlýtt boðorðum föðursins og sonarins, og þér hafið tekið á móti heilögum anda, *sem vitnar um föðurinn og soninn* til uppfyllingar fyrirheitinu, sem hann gaf og sagði, að yður mundi veitast, ef þér gengið inn á þennan veg“ (2 Ne 31:18; leturbr. hér).

Það er andleg gjöf að trúa orðum annarra og önnur gjöf „er [gefin] fyrir heilagan anda að vita, að Jesús Kristur er sonur Guðs og að hann var krossfestur vegna synda heimsins“ (K&S 46:13).

Slík staðfesting kemur oft sem tilfinning—bruni í brjósti, friður, fullvissa, uppljómun. Drottinn veitti Oliver Cowdery vitnisburð um Mormónsbók með andlegri tilfinningu sem staðfesti „að orðin eða verk það, sem [hann hafði] verið að skrá, [væri] sannleikur“ (K&S 6:17). Drottinn bætti svo við: „Ef þú þráir frekari vitnisburð, hugleiddu þá nóttina, er þú ákallaðir mig í hjarta þínu til að fá að vita um sannleiksgildi þessa hluta. Veitti ég þér ekki hugarró varðandi þetta? Hvaða stærri vitnisburð getur þú fengið en þann, sem frá Guði kemur?“ (K&S 6:22–23). Vitnisburður hlýst ekki aðeins með því að andinn veiti hugarró, heldur er engan stærri vitnisburð að fá en þann sem kemur frá Guði. Á sama hátt og við getum látið reyna á orð Krists í ritningunum, getum við „vottað, að [við höfum] heyrt rödd [hans] og [þekkjum] orð [hans]“ (K&S 18:36)

### **Við erum vitni Krists þegar við endurspeglum kenningar hans með lífi okkar.**

Þegar frelsarinn þjónaði í Vesturheimi gaf hann þetta boðorð: „Haldið því ljósi yðar á loft, til að það lýsi heiminum. „Ég er ljósið, sem þér skuluð halda á loft—það sama og þér hafið séð mig gjöra“ (3 Ne 18:24). Fólk ætti að geta séð í okkur einhverja eiginleika Jesú Krists. Framkoma okkar, málfar, útlit og jafnvel hugsanir, ættu að endurspeglu hann og veg hans. Alma orðaði það svo, að við upplifðum gjörbreytingu hjartans og hefðum mynd hans greypa í svip okkar (sjá Alma 5:14). Á líkan hátt bauð Drottinn að við ættum að vera eins og hann er (sjá 3 Ne 27:27). Þótt við höfum ekki verið við hlið Jesú er hann þjónaði, getum við séð hann og það sem hann sagði og gerði, er við könnum ritningarnar. Og þegar við tileinkum okkur kennslu hans, berum við vitni um hann.

Ég minnst fordæmis kaþólsks prests sem ég kynntist þegar við störfuðum saman við þjónustuverkefni í Nashville, Tennessee. Faðir Charles Strobel kom á verkáætlun til að fá heimilislauða af götunum, fáeina í senn, með því að fá þá til að taka þátt í endurhæfingu til að efla kunnáttu þeirra og starfshæfni. Hann helgaði ómældan tíma í að hjálpa þessu fólki að breyta lífi sínu varanlega til hins betra og verða sjálfbjarga. Ég furðaði mig á því er ég komst að því að móðir hans hafði verið myrt af heimilislausum manni fyrir ekki all mörgum árum.



Faðir Strobels hélt áfram að sýna kristilegan kærleika, jafnvel meðal manna sem voru úr hópi þess sem grimmilega hafði tekið líf dýr-mætrar móður hans.

Megin boðskapur postulanna og spá-mannanna á öllum tímum er mikilvægi þess að iðrast til að hljóta fyrirgefningu syndanna fyrir friðþægingu Jesú Krists. Okkar eigin iðrun ber vitni um hann og mátt náðar hans til að fyrirgefa og hreinsa okkur. Við þurfum ekki að hafa náð fullkomnun til að vitnis-burður okkar sé gildur, svo lengi sem við aðeins reynum að laga líf okkar að reglum frelsarans. Ezra Taft Benson forseti (1899–1994) veitti okkur þá skynsamlegu leiðsögn að sýna þolinmæði og kostgæfni í þessu ferli:

„Að líkjast Kristi er ævilangt viðfangsefni og felur oft í sér hægán þroska og breytingar, næstum ómerkjanlegar. . . .

„ . . . Fyrir hvern Pál, fyrir hvern Enos, fyrir hvern Lamoní konung, eru hundruð og

þúsundir manna sem upplifa frelsi iðrunar mun hægara og ómerkjanlegra. Dag eftir dag færast þeir nær Drottinni og verða lítið varir við að þeir eru að færa líf sitt til guð-legs vegar. Þeir lifa hljóðu lífi góðvildar, þjónustu og skuldbindingar. Þeir eru líkt og Lamanítarnir, sem Drottinn sagði að hefðu verið „skírðir með eldi og heilögum anda vegna trúar sinnar, þegar þeir snerust, en þeir vissu það ekki“ (3 Ne 9:20; leturbr. hér).“<sup>2</sup>

**Við erum vitni Krists þegar við hjálpum öðrum að koma til hans.**

Nefi sagði í fögnuði: „Vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér spáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að börn vor viti, til hvaða upp-sprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna“ (2 Ne 25:26). Við getum einnig í verki hjálpað öðrum að koma til Krists, einkum börnum okkar.

**Fólk ætti að geta séð í okkur einhverja eiginleika Jesú Krists. Framkoma okkar, málfar, útlit og jafnvel hugsanir, ættu að endurspegla hann og hans vegu.**

## ENDURSPEGLA KENNINGAR HANS

Ég var á fimmta ári í mannfræði þegar ég hlaut lexíu um mikilvægi fordæmis. Í hvert sinn er kennari okkar kom inn í kennslustofuna sá hann mynd af sjálfum sér—sem einhverjir nemendur höfðu teiknað á töfluna. Og í hvert sinn bað kennarinn okkur að þurrka út myndina. Hann sagði þó aldrei neitt annað um myndina.

Ég dáðist að skynsemi og auðmýkt kennarans og hjá mér vaknaði löngun til að vita í hvaða kirkju hann væri. Ég komst að því að hann var í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Ég ákvað að taka á móti kennslu trúboðanna og lét skírast 10. september árið 2000. Sá maður sem sýnt hafði mér fordæmi með eigin breytni reyndist svo vera greinarforseti minn.

Ég ber vitni um að Jesús er okkar megin fyrirmynd. Með því að líkja eftir honum, sem Síðari daga heilagir, getum við haft áhrif á aðra til góðs. Þannig getum við einnig kennt með fordæmi.

**Kimba Kabangu, demokratiska lýðveldinu Kongó**



Í orðum Nefís „vér tölum um Krist“ felst að við eigum ekki að vera treg til að tala um tilfinningar okkar varðandi frelsarann í umræðum og á óformlegum vettvangi. Oft á slíkt sér stað undir fjögur augu, þar sem við getum opinskátt og í vinsemd rætt um Krist, hvað hann gerði og kenndi og hvatt aðra til að fylgja honum og elska hann.

Í orðunum „vér fögnum í Kristi“ felst að við geislum frá okkur þeirri hamingju sem endurspeglar trú okkar á Krist. Við vitum að náð hans nærir til að endurleysa okkur frá dauða og synd og að fullkomnast í honum (sjá Moró 10:32–33). Þegar við verðum fyrir vonbrigðum eða jafnvel hörmungum, vitum við að eilíf hamingja okkar er tryggð vegna hans. Þegar trú okkar á Jesú Krist endurspeglast

í okkur, sýnum við þeim sem „erfiði [hafa] og þungar byrðar“ hvernig finna á hvíld í honum (sjá Matt 11:28–30).

Orðin „vér prédikum um Krists“ eru vissulega skírskotun til alls trúboðsstarfs kirkjunnar, en í þeim felst einnig það sem við gerum á tilbeiðslusamkomum okkar, í námsbekkjum sunnudagaskólans og á öðrum fundum, þar sem hann er viðfangsefni kennslu okkar og fræðslu. Þátttaka okkar, bæði sem kennara og nemenda, er hluti af því að bera vitni um hann og persónulegt nám okkar sem liggur að baki þátttökunni ber enn fremur vitni um trú okkar.

Í orðunum „vér spáum um Krist“ felst að við gefum vitnisburð okkar með krafti andans (sjá 1 Kor 12:3).



„Vitnisburður [um] Jesú er andi spádómshafunnar“ (Op 19:10). Líkt og þeir sem til forna spáðu um fyrri komu Krists, staðfestum við einnig í orði og verki spádómanna um síðari komu hans. Með því að framkvæma skírnir og aðrar helgiathafnir fyrir ættmenni okkar, með því prest-dæmisvaldi sem endurreist var fyrir

tilverknað Elía, áður en „hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins“ kemur (Mal 4:5–6; sjá K&S 2; 128:17–18), berum við vitni um að Kristur kemur að nýju og að snúa verði hjörtum okkar til feðranna til að allt sé til reiðu fyrir komu hans (sjá Mal 4:6; K&S 2:2).

Í orðunum „vér færum spádóma vora í letur“ felst svo sú viska að skrá varanlega vitnisburð okkar um Krist. Okkur skilst að sá vitnisburður sem við gefum sé „skráður á himni fyrir englana að líta, og þeir gleðjast yfir [okkur]“ (K&S 62:3). Okkar eigin afkomendur og aðrir geta lesið hinn skráða vitnisburð okkar um Krist og fagnað yfir honum, sem ritaður er þeim til gagns, jafnvel áður en þeir fæðast.

Þegar við upplifum að heilagur andi staðfestir og endurstaðfestir fyrir anda okkar vitnisburð um Krist, við hin ýmsu tækifæri, er við leggjum kapp á að halda ljósi fordæmis hans á lofti í okkar daglega lífi, og miðlum öðrum vitnisburð okkar og hjálpum þeim að læra um hann og fylgja honum, erum við vitni Jesú Krists. Guð veitti okkur þá þrá hjartans, að teljast meðal þeirra „sem veittu vitnisburðinum um Jesú viðtöku“ (K&S 76:51) og „trúir höfðu verið vitnisburðinum . . . meðan þeir lifðu hér á jörðu“ (sjá K&S 138:12). ■

#### HEIMILDIR

1. Titilsíða Mormónsbókar.
2. „A Mighty Change of Heart,“ *Tambuli*, mars 1990, 7.

## HJÁLPA ÖÐRUM AÐ KOMA TIL KRISTS

„Systir Hopkins, hér eru Sólargeislarnir tíu sem þú kennir í ár,“ sagði ráðgjafinn í forsætisráði Barnafélagsins. Ég var nýr meðlimur og verð að viðurkenna að ábyrgð þessi skelfdi mig. Hvernig átti ég að kenna eitthvað sem ég ekki skildi fyllilega? Hvernig átti ég að hafa stjórn á svona fjörugum börnum? En biskupinn og forseti Barnafélagsins fullvissuðu mig um að ég yrði blessuð fyrir að taka við þessari skelfilegu köllun.

Mér varð ljóst að ég varð að leggja mig fram um að læra fagnaðarerindið til að geta kennt það, svo ég las kennslubókina í viku hverri—sem var ríkuleg uppspretta ljóss og þekkingar—og baðst fyrir og íhugaði hvernig reglurnar ættu við í lífi mínu og barnanna. Þegar ég lærði og kenndi, hlaut ég vitnisburð um guðlegan erfðarétt okkar sem barna Guðs. Ég uppgötvaði gildi og sérkenni hvernar sálar. Einfaldar lexiur Barnafélagsins urðu ekki aðeins til að uppljóma andlit hinna dýrmætu barna, heldur tók einnig að blómstra sáðkorn þess vitnisburðar sem ég hafði þegar ég fór niður í skírnarvatnið.

Þetta dásamlega ár með Sólargeislunum vakti mér ævarandi þakklæti fyrir köllun sem varð til að breyta lífi mínu. Kenningar Jesú Krists breyttu mér og einnig börnunum.

**Trish Isabella Hopkins, Maine, Bandaríkjunum**

# Lofgjörð með SÁLMA SÖNG

*Við getum komist nær frelsara okkar með tónlist.*

**É**g vildi að ég gæti sungið eins og systir Raket. Ég vildi að ég gæti leikið á píanó eins og bróðir Ragnar. Hversu oft höfum við heyrt eða hugsað eitthvað álíka? Stundum teljum við tónlistarhæfileika vera sérstaka gjöf sem aðeins aðrir búi yfir, dásamlegan hæfileika sem okkur er mikils virði, en sem við höfum ekki sjálf.

Í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru tónlist og söngur fyrir alla. Við getum tilbeðið og fært

þakkir með sálmasöng, lært um hið endurreista fagnaðarerindi frelsarans, haft friðþægingu hans í huga og einsett okkur að fylgja honum.

## **Færa þakkir og tilbiðja**

Þegar Ísraelsmenn til forna voru leystir úr ánaud Egypta, „þá [sungu] Móse og Ísraelsmenn Drottni . . . lofsöng (1 Mós 15:1). Þegar Jaredítarnir fóru yfir hafið, „söng [fólkið] Drottni sínum lof“ (Eter 6:9). Og þegar hinir Síðari daga heilögu hér áður helguðu

Kirtland-musterið, sungu þeir nýjan sálm Williams W. Phelps, „Guðs andi nú ljómar og logar sem eldur.“<sup>1</sup> Börn Guðs hafa á öllum ráðstöfunartímum fagnaðarerindisins notað söng og tónlist til þess að lofa hann.

Margir sálma okkur nú búa yfir slíkum anda fögnuðar og lofgjörðar. Það sýnir sig til að mynda í öðrum sálmi eftir William W. Phelps:

*Nú Ísraels lausnari  
von allra vor,  
mun verða á jörðunni hér,  
og færa oss huggun  
og fögnuð og þor.  
Hann frelsari og konungur er.<sup>2</sup>*

Við getum einnig sungið sálma til að þakka fyrir sérstakar blessanir, líkt og fram kemur í þessu kunna versi:

*Vorn spámann vér þökkum þér,  
Drottinn,  
sem þekkir og leiðir oss hér.  
Vér þökkum þér guðspjallið góða,  
sem geislandi upplýsing ber.  
Vér þökkum þér guðlegar gjafir  
og gnægtanna ómuna fjöld,  
oss blessun er boð þín að halda  
og blíðustu fagnaðargjöld.<sup>3</sup>*

## **JESÚS ELSKAR OKKUR**

Dag nokkurn sat ég á sófanum og hlustaði á geisladisk. Þegar sálmurinn „Kenn mér hans ljósið og kærleik að fá“ (*Sálmur*, nr. 116) byrjaði, hugsaði ég um Jesú Krist og fórn hans í þágu okkar allra. Ég minnst kærleika hans, auðmýktar, samúðar og ég fylltist þakklæti. Andi Drottins bar mér vitni um elsku frelsarans til okkar.

Tveggja ára gamall sonur minn sat við hlið mér og horfði á myndir af Jesú Kristi. Hann hlýtur að hafa skynjað eitthvað líkt og ég gerði, því hann leit upp og sagði: „Mamma, Jesús elskar þig!“

Jesús Kristur er hluti af mér og fjölskyldulífi mínu. Hann er í huga mínum og hjarta. Fagnaðarerindi hans hefur breytt lífi mínu.

**Tamara Miranda Macário de Oliveira, Brasilíu**



Þegar við syngjum þessa sálma, lifum við eftir boðinu: „Sért þú glaður, skalt þú lofa Drottin með söng, tónlist, . . . og með lofgjörðarbæn og þakkargjörð“ (K&S 136:28).

#### Læra fagnaðarerindi hans

Auk þakkargjörðar og lofgjörðarbænar gefa sálmarnir okkur einnig kost á að læra fagnaðarerindi Jesú Krists. Þessi kunn barnasálmur útskýrir til að mynda afar einfaldlega og fagurlega samband okkar við föður okkar á himnum.

*Guðs barnið eitt ég er,  
hann um mig heldur vörð,  
og þabba og mömmu mér hann gaf  
og mína fösturjörð.<sup>4</sup>*

Aðrir sálmur sýna okkur hvernig lifa á eftir reglum fagnaðarerindisins, líkt og þessi vinsæli sálmur sem saminn var á tímasteiði frumbyggjanna:

*Ó, kom þú örugg Herrans beilög sveit,  
hræðstu ei ókunn lönd.  
Þó ferðar þinnar löng og ströng sé leit,  
leiðir þig Drottins hönd.  
Úr huga þokum því oss frá,  
sem þreytu og kvíða valda má,  
þá glaðnar hjarta og hugarþel.  
Allt fer vel, allt fer vel.<sup>5</sup>*

Sumir okkar kærustu sálma kenna okkur að fylgja þjónum Krists, hinum útvöldu spámönnum okkar tíma. Sálmurinn „Lof syngið honum“ hjálpar okkur til að mynda að muna eftir mikilvægi spámansins Josephs Smith í endurreisn fagnaðarerindisins:

*Lof syngið honum sem litið fékk Jabve,  
leiddur af Jesú hann spámaður er.  
Leiðina opnaði, þá sem vér þráðum,  
þjóðanna konunga lof honum ber.<sup>6</sup>*



Þegar við ígrundum þessa og fleiri sálma og lærum ritningartilvísanirnar sem skráðar eru í sálmabókinni, gerir það okkur kleift að læra fagnaðarerindið og minnst frelsarans í okkar daglega lífi.

#### **Minnast friðþægingar hans**

Ein mikilvægasta leiðin til að minnst frelsarans er að meðtaka sakramentið í hverri viku. Við syngjum sálm til að búa okkur undir þá helgu stund. Sakramentissálmar minna okkur á fórn Krists og mikilvægi hennar fyrir okkur:

*Sjá deyja lífs vors lausnarann,  
er lögmál rofið bætir hann.*

## **TELJA SÆLUSTUNDIR MÍNAR**

Ég hef nú verið meðlimur kirkjunnar í 15 ár. Yfir árin hef ég tekist á við raunir og vanda. En ástæðurnar eru mun fleiri til að krjúpa og þakka Guði fyrir hans óendanlegu elsku.

Líkt og sagt er í sálmunum:

*Þó að heimsins stríðið mjög þér mæði á,  
misstu ekki kjarkinn, Guð er öllum hjá.  
Teldu sælustundir, saman engla her,  
sína hjálp þér veitir, ferð uns lokið er.  
(„Er í stormum lífs þíns,“ *Sálmar*, nr. 27)*

Alltaf þegar mér gefst kostur á, greini ég frá því að við getum fundið gleði í þessu lífi og fyllingu gleðinnar í eilífdinni. Ég ber vitni um að Guð gerði það mögulegt og þökk sé frelsaranum að við getum dvalið í návist þeirra um eilífd.

**Maribel Loayza de Aranda, Argentínu**

*Hann fyrir syndir fórn þá ber; . . .  
svo frelsun mannsins verði hér.<sup>7</sup>*

*Og fórn þá Jesús fús til var,  
að færa á sinni braut.*

*Hann saklaus vorar syndir bar,  
og sýknun veröld blaut.<sup>8</sup>*

*Ég hugsa um stungnar og blæðandi  
hendur hans*

*og hans náð og kærleik, er ber hann til  
sérhvers manns.*

*Ég máttinn hans tigna og miskunnar  
beilög vé,*

*uns mun ég við dýrðlega fótiskör hans  
beygja kné.<sup>9</sup>*

Séu sakramentissálmar sungnir í anda bænar og íhugunar, hjálpar það okkur að hugsa um frelsarann. Þeir gera okkur kleift að meðtaka sakramentið af einlægni og einsetja okkur að taka á okkur nafn Krists, að hafa hann ávallt í huga og að halda boðorð hans.

#### **Einsetja sér að fylgja Jesú Kristi**

Hollusta við að fylgja frelsaranum er boðskapur margra sálma okkar. Þegar við syngjum þessa sálma berum við föður okkar á himnum vitni um að við þráum að fylgja syni hans. Hugleiðið til að mynda þennan texta:

*Faðir á himnum hve þökkum vér þér,  
þú hefur sýnt okkur veginn þinn hér.  
Þakklát við flytjum þér fagnaðarlag,  
fögnum, gleðjumst við ljós þitt hvorn  
dag.<sup>10</sup>*

Sálmurinn „Ég fer hvert sem vilt að ég fari“ hefur álíka boðskap:

## ÉG FANN FYRIR HANDLEIÐSLU

Þegar ég starfaði sem ungur trúboði í Noregi, boðaði trúboðsforsetinn trúboðana saman til að greina okkar frá því að við hefðum verið beðnir að syngja við tvær vígsluathafnir er London-musterið í Englandi var vígt árið 1958. Ég var beðinn að vera undirleikari.

Þegar við komum ímusterið komst ég að því mér til undrunar að ég átti að leika á orgel í stað píanós. Ég hafði aldrei leikið á þetta orgel áður, svo ég varð að biðja einhvern um hjálp við að stilla það. Himneskur faðir heyrði örvæntingarfullt ákall mitt og systir nokkur kom mér til bjargar og stillti orgelið fyrir forspilið og síðan kórsönginn.

Mitt í örvæntingu minni fann ég ró færast yfir mig. Og þegar ég tók að leika á orgelið, sem var mér algjörlega ókunnugt, fann ég elsku og handleiðslu frelsarans. Þegar kórinn hafði sungið einn sálminn, sneri David O. McKay forseti sér að trúboðsforsetanum og sagði: „Mjög gott.“ Tilfinningar minar báru mig næstum ofurliði vegna blessunarríkrar frammistöðu okkar. Hún var lýtalaus.

Jesús Kristur er sonur Guðs, hinn eingetni föðurins. Hann er hinn heilagi Messías, friðarhöfðinginn. Hann lifir og mun koma að nýju.

**Richard Broberg, Idaho, Bandaríkjunum**

*Ó, Drottinn minn, Guð minn, ég þjóna þér,  
og þinni rödd hlýða þér,  
ég veit að höndin þín hjálpar mér,  
já, hvar sem mín leiðin er.<sup>11</sup>*

Söngvar okkar—hvort heldur þeir eru til lofgjörðar, þakklætis, visku, minningar eða hollustu—eru Drottni þóknanlegir. Hann sagði: „Sál mín hefur unun af söng hjartans, já, söngur hinna réttlátu er bæn til mín, og henni mun svarað með blessun yfir höfuð þeirra“ (K&S 25:12).


Til allra lukku sagði Drottinn ekki: „Aðeins falletur söngur er bæn til mín“ eða „Ég hlusta aðeins á þá sem hafa tónlistarhæfileika.“ Hann lætur sig meiru skipta ásetning

hjarta okkar hvað tónlistina varðar, líkt og við á um líf okkar, fremur en hæfileika okkar.

Hvað sem líður hæfileikum okkar, þá getum við öll tekið þátt í tónlist með sálmasöng. Og þegar við syngjum af öllu hjarta, komum við til Kristis í sálmasöng. ■

### HEIMILDIR

1. Sjá *Sálmar*, nr. 2.
2. „Nú Ísraels lausnari,“ *Sálmar*, nr. 26.
3. „Vorn spámann vör þökkum þér, Drottinn,“ *Sálmar*, nr. 7.
4. „Guðs barnið eitt ég er,“ *Sálmar*, nr. 112.
5. „Ó, kom þú örugg Herrans heilög sveit,“ *Sálmar*, nr. 13.
6. *Sálmar*, nr. 11.
7. „Sjá deyjja lífs vors lausnaran,“ *Sálmar*, nr. 61.
8. „Þá ást og visku veitti hann,“ *Sálmar*, nr. 69.
9. „Um Jesú ég hugsa,“ *Sálmar*, nr. 6.
10. „Kenn mér hans ljósið og kærleik að fá,“ *Sálmar*, nr. 116.
11. *Sálmar*, nr. 104.



# Skýr og dýrmætur sannleikur

Við erum blessuð að hafa síðari daga ritningar auk Biblíunnar til að kenna okkur og bera vitni um Jesú Krist. Hér á eftir eru 25 sannleikskorn um frelsarann, ásamt viðeigandi ritningargreinum og kenningum síðari daga spámanna. (Í töflu þessari eru ekki allar kenningar um efnið. Sjá „Hinn lifandi Kristur: Vitnisburður postulanna tólf,“ á bls. 42 í þessu blaði, til frekari upplýsingar um efnið.)

Kenning	Biblían	Síðari daga ritningar og spámenn
<b>1</b> Faðirinn, sonurinn og heilagur andi eru þrjár aðskildar og aðgreindar verur.	„Þrír eru þeir sem vitna í himninum: Faðirinn, orðið og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt“ (1 Jóh 5:7; sjá einnig Matt 3:16–17; Post 7:55).	„Ég hef alltaf sagt Guðdóminn vera aðskildar verur, Jesú Krist aðskilinn og aðgreindan frá Guði föðurnum og heilagan anda aðskilda andaveru. Og þessir þrír eru aðgreindir og þrír Guðir“ (Joseph Smith, <i>Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith</i> [2007], 41–42).
<b>2</b> Faðirinn og sonurinn hafa líkama af holdi og beinum; heilagur andi er aðskilin andavera.	„Þreifðið á mér, og gætið að. Ekki hefur andi hold og bein eins og þér sjá-ið að ég hef“ (Lúk 24:39; sjá einnig 1 Mós 5:1; Jóh 14:9; Fil 3:21).	„Faðirinn hefur líkama af holdi og beinum, jafn áþreifanlegan og mannlíkaminn er, sonurinn einnig, en heilagur andi hefur ekki líkama af holdi og beinum, heldur er hann andavera. Væri ekki svo, gæti heilagur andi ekki dvalið í okkur“ (K&S 130:22; sjá einnig 3 Ne 11:13–15).
<b>3</b> Hinir þrír sem skipa Guðdóminn eru algjörlega eitt í tilgangi.	„Heilagi faðir, varðveit þá í þínu nafni, því nafni, sem þú hefur gefið mér, svo að þeir verði eitt eins og við“ (Jóh 17:11).	„Þeir eru aðskildar verur, en eitt í tilgangi og viðleitni. Þeir eru sameinaðir, eru eitt í að framfylgja hinni störfenglegu og guðlegu áætlun um sáluhjálp og upphafningu barna Guðs“ (Gordon B. Hinckley, „In These Three I Believe,“ <i>Liabona</i> , júlí 2006, 8; sjá einnig 3 Ne 11:27).
<b>4</b> Verk Guðs er að gera ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika.	„En hefur nú birst við komu frelsaravors Krists Jesú. Hann afmáði dauðann, en leiddi í ljós líf og óförgengi-leika með fagnaðarerindinu“ (2 Tím 1:10; sjá einnig Jóh 3:16–17; 1 Kor 15:22; Hebr 9:11–12, 28).	„Því að sjá. Þetta er verk mitt og dýrð mín—að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39; sjá einnig K&S 29:43).

Kenning	Biblían	Síðari daga ritningar og spámenn
<p>5 Jesús Kristur var í upphafi hjá föðurnum og er frumburðurinn.</p>	<p>„Í upphafi var Orðið, og Orðið var hjá Guði, og Orðið var Guð. Hann var í upphafi hjá Guði“ (Jóh 1:1–2; sjá einnig Róm 8:29; Hebr 1:5–6).</p>	<p>„Í upphafi var ég hjá föðurnum og ég er frumburðurinn“ (K&amp;S 93:21; sjá einnig 3 Ne 9:15; HDP Móse 2:26).</p>
<p>6 Himneskur faðir valdi Jesú Krist í fortílverunni til að vera frelsari okkar.</p>	<p>„[Kristur] var útvalinn, áður en veröldin var grundvölluð, en var opinberaður í lok tímanna vegna yðar“ (1 Pét 1:20; sjá einnig Op 13:8).</p>	<p>„En sjá, minn elskaði sonur, sem var minn elskaði og útvaldi frá upphafi, sagði við mig—Faðir, verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu“ (HDP Móse 4:2; sjá einnig Eter 3:14).</p>
<p>7 Jesús var skapari jarðarinnar, undir handleiðslu föður síns.</p>	<p>„Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er“ (Jóh 1:1–3; sjá einnig Jes 40:28; Kol 1:16).</p>	<p>„Sjá! Ég er Jesús Kristur, sonur Guðs. Ég skapaði himnana og jörðina og allt, sem í þeim er“ (3 Ne 9:15; sjá einnig Mósía 3:8; HDP Móse 1:33).</p>
<p>8 Jesús Kristur er Jehóva Gamla testamentisins.</p>	<p>„Jesús sagði við þá: Sannlega, sannlega segi ég yður: Áður en Abraham fæddist, er ég“ (Jóh 8:58; sjá einnig 1 Mós 22:14; 1 Kor 10:1–4).</p>	<p>„Í hjörtum okkar er sterk og óhagganleg sannfær-ing um guðlegt hlutverk Drottins Jesú Krists. Hann var hinn mikli Jehóva Gamla testamentisins, skaparinn, sem með fulltingi föður síns, gerði alla hluti“ (Gordon B. Hinckley, „A Season for Gratitude,“ <i>Liabona</i>, des. 1997, 4; sjá einnig Abr 2:8).</p>

Kenning	Biblían	Síðari daga ritningar og spámenn
<p><b>9</b> Jesús er hinn eingetni föðurins í holdinu.</p>	<p>„Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, (og vér sáum dýrð hans, dýrð, sem sonurinn eini á frá föðurnum), fullur náðar og sannleika“ (Jóh 1:14; sjá einnig Jóh 3:16).</p>	<p>„Ég veit, að Jesús Kristur mun koma, já, sonurinn, hinn eingetni föðurins, fullur náðar og miskunnar og sannleika. Og sjá, það er hann, sem kemur til að bera burtu syndir heimsins, já, syndir sérhvers manns, sem staðfastlega trúir á nafn hans“ (Alma 5:48; sjá einnig Alma 9:26; K&amp;S 93:11).</p>
<p><b>10</b> Jesús er mannkyni fullkomin fyrirmynd.</p>	<p>„Ég hef gefið yður eftirdæmi, að þér breytið eins og ég breytti við yður“ (Jóh 13:15; sjá einnig 1 Pét 2:21).</p>	<p>„Einn megintilgangur tilveru okkar, er að við tileinkum okkur ímynd hans, sem dvaldi syndlaus í holdinu—hreinn og flekklaus! Kristur kom ekki einungis til að friðþægja fyrir syndir heimsins, heldur einnig til að veita öllum mönnum fyrirmynd og staðfesta reglur og lögmál Guðs til fullkomunar og hlýðni við föðurinn“ (Joseph F. Smith, <i>Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph F. Smith</i> [1998], 151; sjá einnig 2 Ne 31:16; 3 Ne 18:16).</p>
<p><b>11</b> Þegar Drottinn hóf jarðneska þjónustu sína stofnsetti hann kirkju sína.</p>	<p>„Og frá honum er sú gjöf komin, að sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, sumir hirðar og kennarar. Þeir eiga að fullkomna hina heilögu og láta þeim þjónustu í té, líkama Krists til uppbyggingar“ (Ef 4:11–12; sjá einnig Matt 16:18; Lúk 6:13).</p>	<p>„Vér höfum trú á sama skipulagi og var í frumkirkjunni, þ.e. postulum, spámönnum, hirðum, fræðurum, guðspjallamönnum og svo framvegis“ (Trúaratriðin 1:6; sjá einnig 3 Ne 12:1).</p>
<p><b>12</b> Frelsarinn gaf líf sitt til að friðþægja fyrir syndir alls mannkyns.</p>	<p>„Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda“ (Matt 26:28; sjá einnig Jes 53:5–6; 1 Jóh 2:1–2).</p>	<p>„Því að sjá, ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast— . . . Þjáningu, sem varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svitaholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda—og með hrolli óskaði ég þess að þurfa ekki að bergja þennan beiska bikar— Dýrð sé föðurnum eigi að síður, og ég tæmði hann og lauk undirbúningi mínum fyrir mannanna börn“ (K&amp;S 19:16, 18–19; sjá einnig 1 Ne 11:32–33).</p>



Kenning	Biblían	Síðari daga ritningar og spámenn
<p><b>13</b> Aðeins Jesús var hæfur til að reiða gjaldið af höndum fyrir syndir okkar.</p>	<p>„Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld, sem getur frelsað oss“ (Post 4:12).</p>	<p>„Hann var <i>hæfur</i> til að inna verk sitt af hendi vegna þess að hann var sonur Guðs og bjó yfir mætti Guðs. . . .</p> <p>Engin dauðleg vera hafði mátt eða getu til að endurleysa alla dauðlega menn frá glötuðu og föllnu ástandi þeirra, né gat nokkur annar gefið eigið líf af sjálfsdáðum og þannig gert að veruleika alheims upprisu fyrir alla aðra dauðlega menn.</p> <p>Aðeins Jesús Kristur var hæfur og fús til að inna af hendi slíkt endurleysandi kærleiksverk“ (Ezra Taft Benson, „Jesus Christ—Our Savior and Redeemer,“ <i>Tambuli</i>, des. 1990, 5; sjá einnig Alma 34:8–10).</p>
<p><b>14</b> Jesús hefur rofið helsi dauðans.</p>	<p>„En nú er Kristur upprisinn frá dauðum sem frumgróði þeirra, sem sofnáðir eru“ (1 Kor 15:20; sjá einnig Jóh 14:19; 1 Kor 15:54).</p>	<p>„En til er dauði, sem kallast stundlegur dauði. Dauði Krists mun leysa viðjar þessa stundlega dauða, þannig að allir munu endurreistir frá þessum stundlega dauða“ (Alma 11:42; sjá einnig Mósía 16:7–8; Alma 22:14).</p>
<p><b>15</b> Jesús er frelsari okkar og lausnari heimsins.</p>	<p>„Vér höfum séð og vitnum, að faðirinn hefur sent soninn til að vera frelsari heimsins“ (1 Jóh 4:14; sjá einnig Lúk 2:11).</p>	<p>„Hann kemur í heiminn til að frelsa alla menn, vilji þeir hlýða á rödd hans. Því að sjá, hann ber þjáningar allra manna, já, þjáningar hverrar lifandi veru, bæði karla, kvenna og barna“ (2 Ne 9:21; sjá einnig K&amp;S 66:1; HDP Móse 1:6).</p>
<p><b>16</b> Jesús er Messías Nýja testamentisins.</p>	<p>„Konan segir við hann: Ég veit, að Messías kemur það er Kristur. Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra oss allt.</p> <p>Jesús segir við hana: Ég er hann, ég sem við þig tala“ (Jóh 4:25–26; sjá einnig Lúk 4:16–21).</p>	<p>„Já, að jafnvel sex hundruð árum eftir að faðir minn yfirgaf Jerúsalem, mundi Drottinn Guð uppvekja spámann meðal Gyðinga—jafnvel Messías, eða með öðrum orðum frelsara heimsins“ (1 Ne 10:4; sjá einnig 2 Ne 2:26; HDP Móse 7:53).</p>
<p><b>17</b> Drottinn þjónaði meðal sinna „annarra sauða“ í Ameríku til forna.</p>	<p>„Ég á líka aðra sauði, sem eru ekki úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða, þeir munu heyra raust mína. Og það verður ein hjörð, einn hirðir“ (Jóh 10:16).</p>	<p>„Og sannlega segi ég yður, að þér eruð þeir, sem ég talaði um, er ég sagði: Aðra sauði á ég, sem ekki eru úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða, og þeir skulu heyra raust mína. Og það mun verða ein hjörð og einn hirðir“ (3 Ne 15:21; sjá einnig 3 Ne 19:2–3; 26:13, 15).</p>

Kenning	Biblían	Síðari daga ritningar og spámenn
<p><b>18</b> Jesús er milli-göngumaður og málsvari okkar hjá föðurnum.</p>	<p>„Einn er Guð. Einn er og meðalgangarinn milli Guðs og manna, maðurinn Kristur Jesús“ (1 Tím 2:5; sjá einnig 1 Jóh 2:1).</p>	<p>„Lyftið hjörtum yðar og gleðjist, því að ég er mitt á meðal yðar og er málsvari yðar hjá föðurnum“ (K&amp;S 29:5; sjá einnig 2 Ne 2:27–28; K&amp;S 45:3–5).</p>
<p><b>19</b> Drottinn er ljós og líf heimsins.</p>	<p>„Nú talaði Jesús aftur til þeirra og sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins“ (Jóh 8:12; sjá einnig Sálm 27:1; Jóh 1:9).</p>	<p>„Því að sannlega segi ég yður, að ég er Alfa og Ómega, upphafið og endirinn, ljós og líf heimsins—ljós, sem skín í myrkrunu, en myrkrið skynjar það ekki“ (K&amp;S 45:7; sjá einnig Mósía 16:9; K&amp;S 12:9).</p>
<p><b>20</b> Jesús megnar að liðsinna fólki sínu í vanmætti þess.</p>	<p>„Sjálfur hefur hann þjáðst og hans verið freistað. Þess vegna er hann fær um að hjálpa þeim, er verða fyrir freistingu“ (Hebr 2:18; sjá einnig Jes 53:5).</p>	<p>„Og hann mun líða dauða til að leysa helsti dauðans, sem fjötrar fólk hans. Og hann mun kynnast vanmætti þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólki hans verður best liðsinnt í vanmætti þess“ (Alma 7:12; sjá einnig K&amp;S 62:1).</p>
<p><b>21</b> Frelsarinn megnar að breyta mannlegu eðli.</p>	<p>„Ef einhver er í Kristi, er hann skapaður á ný, hið gamla varð að engu, sjá, nýtt er orðið til“ (2 Kor 5:17; sjá einnig 1 Jóh 5:4).</p>	<p>„Undrast ekki, að allt mannkyn, já, karlar og konur, allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir, þurfi að endurfæðast. Já, fæðast af Guði, hverfa úr viðjum holdlegs og fallins hlutskiptis í faðm réttlætisins, endurleyst af Guði og verða synir hans og dætur—</p>
<p><b>22</b> Drottinn hefur endurreist hina upprunalegu kirkju sína á síðari dögum.</p>	<p>„Og hann mun senda Krist, sem yður er fyrirhugaður, sem er Jesús. Hann á að vera í himninum allt til þess tíma, þegar Guð endurreisir alla hluti, eins og hann hefur sagt fyrir munn sinna heilögu spámanna frá alda öðli“ (Post 3:20–21; sjá einnig Matt 17:11).</p>	<p>„Og á þennan hátt verða þau ný sköpun. Og án þess að gjöra þetta geta þau á engan hátt eft Guðs ríki“ (Mósía 27:25–26; sjá einnig Mósía 5:2, 7; Alma 5:14).</p> <p>„Og einnig mættu þeir, sem þessi boð fengu, hljóta kraft til að leggja grundvöll þessarar kirkju og leiða hana fram úr móðu og úr myrkri, hina einu sönnu og lifandi kirkju á gjörvallri jörðinni, sem ég, Drottinn, er vel ánægður með“ (K&amp;S 1:30; sjá einnig K&amp;S 20).</p>

**Kenning****Biblían****Síðari daga ritningar og spámenn**

**23** Jesús stjórnar kirkju sinni með útvöldum spámönnum sínum.

**24** Jesús mun dag einn koma aftur til jarðarinnar.

**25** Drottinn mun dæma heiminn með réttvísi.

„Þér eruð bygging, sem hefur að grundvelli postulana og spámennina, en Krist Jesú sjálfan að hyrningarsteini“ (Ef 2:20).

„Þessi Jesús, sem varð upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins“ (Post 1:9–11; sjá einnig 1 Þess 4:16; Op 1:7).


„Hann hefur sett dag, er hann mun . . . dæma heimsbyggðina með réttvísi“ (Post 17:31; sjá einnig Sálm 9:8; Jes 11:3–4).

„Höfuð kirkjunnar er Drottinn Jesús Kristur. Þetta er hans kirkja, en hið jarðneska höfuð hennar er spámaður okkar“ (Gordon B. Hinckley, „The Church Is on Course,“ *Ensign*, nóv. 1992, 53; sjá einnig K&S 21:1–5).

„Því að ég mun opinbera mig frá himni í veldi og mikilli dýrð ásamt öllum herskörungum himins og dvelja í réttlæti meðal manna á jörðu í þúsund ár, og hinir ranglátu munu ekki standa“ (K&S 29:11; sjá einnig K&S 34:6; HDP Móse 7:62–64).

„Hver sá, sem iðrast og skírður er í mínu nafni, mun mettur verða. Og ef hann stendur stöðugur allt til enda, sjá, þá mun ég sýkna hann fyrir föður mínum á þeim degi, er ég stend og dæmi heiminn“ (3 Ne 27:16; sjá einnig K&S 19:1–3).





# Jesús Elskar Mig

„Hver sem auðmýkir sjálfan sig eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki“ (Matt 18:4; sjá vers 1–5).

UNDIR VERNDRÆNG HANS. EFTIR JAY BRYANT WARD. BIRT MED LEYFI ALTUS FINE ART, AMERICAN FORK, UTAH. ÖHEIMILT AD AFRETA

## Umlukin elskuríkum örmum hans

Lorna Lee R. Anderson

Þegar sonur okkar, Nolan, var aðeins eins árs fékk hann heilablóðfall sem fylgikvilla mænuhimnubólgu. Nú, þegar hann er orðinn 14 ára, er hann með lágþrýstikera, stríðir við námsörðugleika, og er með helftarlömun.

Þrátt fyrir erfitt líf hefur Nolan farið fram úr væntingum okkar. Allir hans sigrar færa okkur mikla gleði. Hann hefur þroskað með sér þolinmæði og einurð sem vert er að taka sér til fyrirmyndar.

Ég og eiginmaður minn, Ryan, ásamt hinum fimm sonum okkar, höfum þroskast andlega af samskiptum okkar við Nolan. Stundum verðum

við kvíðin og áhyggjufull yfir framtíð hans, en síðan teljum við sælustundir okkar, skynjum elsku og umhyggju föður okkar á himnum og sonar hans fyrir okkur öllum og minnumst bænheyrslu þegar Nolan var sex ára.

Kvöld eitt, þegar við hjónin vorum óviss um hvernig taka átti á erfiðleikum Nolans, krupum við saman í bæn fyrir velferð hans. Í bæn okkar til Drottins létum við í ljós áhyggjur af hegðun Nolans og hvernig hann skynjaði eigið sjálfsmat. Við báðum þess af einlægni að Nolan fengi að upplifa elsku frelsarans og hlyti skilning á því hve dýrmætur hann er sem barn Guðs.

Morguninn eftir kom Nolan rakleiðis í eldhúsið, þar sem ég var að taka til morgunmatinn. Áður en hann borðaði morgunmatinn var hann vanur að leika við bræður sína eða hoppa

á sófanum. En hann virtst einbeittur þegar hann klifraði upp á stól við eldhúsborðið, leit á mig og sagði: „Mig dreymdi draum í nótt.“

Ég skynjaði alvöruna að baki orða hans og áhugi minn vaknaði þegar.

„Er það?“ spurði ég. „Hvað gerðist í draumnum?“

„Jesús var þar,“ svaraði Nolan blátt áfram, „og hann hélt á mér.“

Ég á vitnisburð um að okkar ástkæri faðir á himnum bænheyrir okkur og að frelsari okkar er málsvari okkar hjá föðurnum. Hann þekkir sérhvert okkar. Þeir þekkja þarfir okkar og getu. Þeir vita hvernig þeir geta liðsinnt okkur.

Moróni sagði: „Ef þér spyrjið í hjartans einlægni, með einbeittum huga og í trú á Krist, mun hann opinbera yður [sannleikann]. . . . Og fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:4–5). Ég hef komist að því að þessi ritningargrein á ekki aðeins við um að hljóta vitnisburð um Mormónsbók, heldur einnig að hljóta bænheyrslu um allar spurningar sem við af einlægni leitum svara við. Þegar við eigum í erfiðleikum og hugarangri, verður hjartans ásetningur okkar ósvikinn og einlægur.

Hve þakklát ég er fyrir að tilheyra kirkju frelsarans, þar sem ég hef lært svo mikið um fagnaðarerindi hans með námi, þjónustu og heilögum anda. Hve þakklát ég er fyrir að vita að frelsarinn hjálpar, huggar og leiðir okkur. Ég veit að við getum öll verið „[umlukt] . . . elskuríkum örmum [hans]“ (K&S 6:20) þegar við komum til hans. ■



---

## Ég veit að lausnari minn lifir

Christy Rusch Banz  
Kirkjutímariitin

**P**egar ég hóf nám í Brigham Young háskóla í Idaho (þá framhaldsskólinn Ricks College), saknaði ég fjölskyldu minnar. En eftir nokkra mánuði tók ég að venjast skólalífinu og njóta lífsins. Þegar símtalið barst mér, var ég í íbúð minni að sinna heimanáminu.

„Christy, ég hef slæmar fréttir að færa þér,“ sagði móðir mín brostinni

röddu. „Pabbi þinn fékk hjartaslag í nótt og lést.“

Geðshræringin fyllti mig um leið og ég reyndi að átta mig á orðum hennar. Ég hafði séð föður minn fyrir aðeins fáeinum dögum og ekki grunnað að það væri í síðasta skiptið sem ég sæi hann. Lát pabba var allri fjölskyldunni mikið áfall og einnig heimaðild minni. Faðir minn var aðeins 53 ára gamall og þjónaði sem biskup okkar.

Stöðugar heimsóknir og símhringingar fjölskyldu, vina, deildarmeðlima og nángranna fylgdu í kjölfarið næstu daga. Okkur var sýnd mikil umhyggja og elska allra umverfis okkur. Við útför föður míns miðluðu fjölskylda og ættmenni minningarbrotum um hann og við bárum vitni um sálhjálpárætlunina og lífið eftir dauðann.

Faðir minn hafði verið tryggur

eiginmaður, trúfastur Síðari daga heilagur, áhugasamur skáti og dásamlegur faðir. Margir höfðu verið blessaðir vegna þess sem hann gerði. Eftir útförina helgaði elsti bróðir minn gröfina og við fjölskyldan stóðum saman og sungum snöktandi sálminn „Guðs barnið eitt ég er“ (*Sálmar*, nr. 112).

Daginn eftir útförina fór ég aftur í skólann. Ég hlakkaði ekki til þess að fara þangað aftur, en vissi að ég yrði að halda áfram að takast á við lífið og ábyrgð þess. Sumir dagar voru auðveldari en aðrir. Ég eyddi miklum tíma í að hugsa um föður minn og ég reiddi mig á að vitneskja mín um sálhjálpárætlunina og trú mín á Jesú Krist myndi hjálpa mér að takast á við erfiðleika og spurningar.

Um tveimur vikum eftir að faðir minn lést, fór ég með dagbókina

**P**egar ég byrjaði að skrifa fann ég svo sterkt fyrir andanum að ég varð gangtekin fullvissu um að himneskur faðir elskaði mig.

mína í kapellu háskólasvæðisins til að skrifa um líðan mína og það sem gerst hafði í kringum lát föður míns. Þegar ég byrjaði að skrifa fann ég svo sterkt fyrir andanum að ég varð gangtekin fullvissu um að himneskur faðir elskaði mig, að hann hafði sérstaka áætlun fyrir mig og að ég yrði aldrei skilin eftir einsömum. Þegar ég lauk við skriftirnar, barst hljómur úr hátölurum nálagrar námsmannastöðvar, þar sem spilaður var sálmurinn „Ég veit minn lifir lausnarinn“ (*Sálmar*, nr. 36). Texti

sálmsins kom þegar upp í huga minn:

*Ég veit minn lifir lausnarinn,  
hve ljúft það gleður huga minn.  
Hann dó, en lifir líf hans er  
sú leiðsögn æðst sem veitist mér. . . .  
Hann lifir og mín lækna sár,  
þann lifir og mín þerrar tár.  
Mitt sefar hjarta ef sorgmætt er,  
og sýna blessun veitir mér.*

Ég veit að lausnari minn lifir og elskar mig. Ég veit að faðir minn og allir okkar ástvinir, sem látist hafa á

undan okkur, munu lifa aftur, vegna þess að frelsarinn reis upp frá dauðum. Hve hughreystandi það er að eiga vitneskju um þennan sannleika. ■

## Óvænt páska veisla

Marianne Monson

**P**áskarnir voru alltaf sérstaklega hátíðlegir í uppvexti mínum. Eftir kirkju voru foreldrar mínir vanir að veita okkur börnunum kennslu um friðþæginguna og uppreisuna og um kvöldið voru mikil veisluhöld. Vinir komu oft til okkar í kvöldmat, sem var bæði ljúffengur og gleðiríkur. Páskarnir voru eftirlætis hátíð mín, vegna þessarar hefðar—helg stund fjölskyldunnar til að minnast upprisú frelsarans.

Þegar ég var í námi í London eitt ár ið var ég ein á páskunum. Kirkjudeildin mín kom ekki saman fyrr en undir kvöldið, svo að ég var út af fyrir mig allan morguninn. Mér varð hugsað um fjölskyldu mína, sem var langt í burtu, að halda daginn hátíðlegan án mín, og ég fylltist depurð og tómeika.

Í fyrstu fylltist ég sjálfsmeðaumkun,

en tók síðan að velta fyrir mér hvað ég gæti gert til að auka mikilvægi dagsins. Mér varð hugsaði um fólk-ið sem var mér samferða daglega í neðanjarðarlestunum. Líkt og í mörgum stórborgum leituðu hinir heimilislausu og þurfandi

**H**inn þjakaði og niður-beygði maður greip ákafur um þakkann og hélt fast um hann, líkt og í bonum væri dýrmætur fjársjóður.



sér oft skjóls þar. Ég hafði oft fundið til samúðar með þeim og mér varð ljóst að ég væri ekki sú eina í London sem væri einsömul yfir páskana. Mér virtist skyndilega tilvalið að hjálpa ókunnugum og sýna þannig þakklæti mitt fyrir hina dásamlegu páska sem ég hafði notið svo innilega sem barn.

Ég tók til nokkra pakka af samlokum, ávöxtum, smákökum og drykkjum. Ég hélt síðan af stað í neð-anjarðarlestarnar og leitaði uppi fólkið sem ég hafði stundum leitt hjá mér. Flest var það afar þakklátt fyrir matargjöfina. Við hvert þeirra sagði ég: „Gleðilega páska!“

Þegar ég átti einn pakka eftir kom ég að manni sem virtist einkar þjakaður og niðurbeygður. Fötin hans voru skitug, andlit hans mótað af þjáningum og augu hans afar sorgmædd. Þegar ég bauð honum matarpakkann, leit hann undrandi upp til mín.

„Hvað er þetta?“ spurði hann.

„Þetta er matur, herra,“ svaraði ég.

„Kærar þakkir, kærar þakkir,“ svaraði hann. Yfirbragð hans breyttist skyndilega í gleði og þakklæti. Hann greip ákafur um pakkann og hélt fast um hann, líkt og í honum væri dýrmætur fjársjóður.

„Gjörðu svo vel,“ sagði ég snortinn yfir svipnum á andliti hans. „Gleðilega páska, herra.“

„Gleðilega páska!“ sagði hann á móti.

Á heimleiðinni komu þessi orð Benjamíns konungs upp í huga minn: „Erum vér ekki öll beiningamenn?“ (Mósía 4:19). Mér varð ljóst að án

frelsarans yrði okkur öllum vísað burt, við yrðum þjökuð og niðurbeygð og látin ein eftir. En frelsarinn býður okkur að koma til sín og veitir okkur nokkuð sem við þráum heitt: Vonina um að við getum hreinsast, að við munum lifa að nýju og snúa dag einn til hans.

Ég er einnig beiningamaður frammi fyrir frelsaranum, er ég tekst á við synd og dauða. Hann býður mér miskunn. Einhvern daginn, þegar ég stend frammi fyrir honum, mun þakklæti skína af andliti mínu, líkt og ég hafði séð á andliti þessa auðmjúka manns.


Tárin tóku að streyma er ég gekk heimleiðis. Gleði kom í stað einmana-leika og aukinn skilningur á orðum Benjamíns konungs og miskunn frelsarans. Ég þakkaði Drottinn hljóðlega fyrir hina óvæntu gjöf þessa manns til mín. Ég hafði gefið honum lítinn matarpakka, en hann hafði gefið mér sanna páskaveislu. ■

## *Bjargandi hönd frelsarans*

Scott McCoy

**S**umar eitt, á uppvaxtarárum mínum í Arkansas, buðu nágrannar mér að fara með þeim í nokkurra daga útilegu, til að veiða fisk og synda í stóru vatni nærri Sardis í Mississippi. Við eyddum nokkrum dögum við alls konar útiveru.

Á síðasta degi vorum við að synda í vatninu áður en við hygðumst halda



heim. Þegar ég og vinir mínir vorum að henda uppblásnum bolta á milli okkar fór boltinn yfir höfuð mitt og lenti á vatninu nokkrum metrum fyrir aftan mig. Vindurinn tók þegar að blása boltanum lengra í burtu og út á vatnið. Ég synti á eftir honum en vindurinn blés honum stöðugt lengra rétt utan seilingar minnar. Á skammri stundu hafði ég náð baujunni sem markaði grynningar og dýpi. Boltinn var nú kominn hinu megin baujunnar og flaut út á vatnið.

Þegar ég nálgadist baujuna hugðist ég synda fram hjá henni og á eftir boltanum. Boltinn hafði ekki farið svo langt og ég var viss um að ég gæti náð honum. Ég hafði lokið björgunarnámskeiði og var stoltur af merkinu á sundskýlunni minni sem sýndi það. Mér leið þægilega í vatni og var viss um að ég hefði nægilegan styrk til þess að ná í boltann.



**L**íkt og maðurinn á bátnum, kom frelsarinn mér nú til bjargar, er mest þörf var á.

Vindurinn sá hins vegar um það að boltinn var alltaf rétt utan seilingar minnar. Stundum komst ég svo nærri honum að mér tókst að snerta hann með fingrunum, en aðeins til að horfa á eftir honum enn lengra út á vatnið. Loks blés sterk vindkviða honum enn lengra út á vatnið.

Mér var ekki ljóst hversu langt ég var kominn fyrr en ég staldraði við til að hvíla mig. Vatnið virtist mun dekkra og kaldara en það var á grynningunum á sundsvæðinu. Þegar ég leit til baka í átt að ströndinni, varð mér ljóst að ég var kominn út á mitt vatnið. Ég ákvað að gefa boltann upp á bátinn og synda til baka. Ég var þreyttur og lúinn, en ég hafði þó engar áhyggjur. Ég var ungur og var viss um að allt færi vel.

En þegar ég reyndi að synda í átt að

ströndinni var vindurinn sem blés boltanum út á vatnið mér til trafala. Engu skipti hversu öflug sundtökin voru, mér miðaði ekkert áfram. Mig tók að verkja í handleggi og fótleggi. Ég hætti að synda og busla og lét mig fljóta til að reyna að endurheimta styrk minn.

Þá heyrði ég kunnuglegt hljóð—hljóð í vélbát. Mér létti stórum þegar ég sá mann í litlum vélbát koma upp að mér og bjóða mér far með sér í land. Ég var orðinn stífur á höndum og fótum. Mér tókst jafnvel ekki að hífa mig upp í bátinn, svo ég setti aðra höndina inn fyrir borðstokkinn og hékk þar uns maðurinn hafði dregið mig á bátnum að sundsvæðinu. Ég greip um baujuna og sleppti takinu á bátnum, veifaði í þakklætisskyni og synti upp að ströndinni.

Fimmtán árum síðar kom ég sjálfum mér í vandræði að nýju. Um langan tíma hafði ég synt í vatni syndar. Ég buslaði í djúpu vatni og sóttist eftir því sem heimsins er og því sem lítið eða ekkert gildi hefur. Ég var þrotinn að styrk og vonin að fjara út. Það sem ég hafði keppt við að hljóta var alltaf rétt utan seilingar og myrkrið var í þann mund að umlykja mig.

Í örvæntingu hrópaði ég á himneskan föður. Líkt og maðurinn á bátnum, kom frelsarinn mér nú til bjargar, er mest þörf var á. Hann leiddi mig að Mormónsbók, með síðari daga spámanni Guðs. Hann leiddi mig í gegnum ferli iðrunar og hreinsaði mig af syndum mínum í vatni skírnar. Hann kom mér síðan á fast land og þar hef ég reynt að festa rætur æ síðan. ■

# ÉG ER SÍÐARI DAGA HEILAGUR

**P**egar sonur okkar Nicolás var fimm ára fór hann í einn besta skóla borgarinnar. Skólinn er rekinn af annarri kirkju. Nicolás fékk inngöngu jafnvel þótt hann tilheyrði ekki þeirri kirkju.

Dag einn leiddi leiðtogi skólans og kirkjunnar Nicolás út úr kapellunni til að spyrja hann að því hvers vegna hann tæki ekki þátt í trúarathöfnum skólans.

Nicolás sagði: „Ég er Síðari daga heilagur.“

Maðurinn reyndi að fá Nicolás á sitt band með því að segja að allar kirkjur hefðu sannleika og tryðu á Jesú Krist.

Nicolás svaraði: „Foreldrar mínir kenna mér að virða kirkjuna ykkar, en ég vil vera Síðari daga heilagur.“ Maðurinn tók þetta svar hans gott og gilt og amaðist ekki meira við honum.

Nicolás er gott fordæmi, jafnvel foreldrum sínum, um að feta í fótspor Jesú Krists. ■

Luz Yesenia Moreno Rivera, Kólobíu

*„Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur bafa ljós lífsins“ (Jób 8:12).*

# RÍKULEG ÁSTÚÐ

**É**g varð fyrir smá óhappi og verð því að ganga við staf og ég fer mér afar hægt. Stigar eru mér afar erfiðir. Ég óttaðist stöðugt að detta í stiganum í kirkjunni—þar til sunnudag einn að ég heyrði ljúfa rödd og fann litla hönd taka í mína: „Komdu bara. Ég skal passa þig.“

Ég leit niður og sá hinn níu ára gamla Gabriel brosa hughreystandi.

„Allt í lagi!“ sagði ég. „Upp frá þessu verður þú aðstoðarmaður minn. Leggjum þá í hann!“

Enginn bað Gabriel um þetta. Hann sá bara að gömul amma var hjálparþurfi og bauð sig fram.

Nú förum við Gabriel niður stigan án alls ótta.

Ég sagði síðar við foreldra Gabriels: „Það er ekki líkamlegur styrkur hans sem veitir mér öryggi. Það er hin ríkulega ástúð sem hann sýnir mér alla sunnudaga. Gabriel er ástúðin uppmáluð!“ ■

Norma Ramos de Oliveira, Brasilíu

